



Fossar fjárfestingarbanki hf. Grunnlýsing

Dagsett 6. mars 2024

Efnisyfirlit

1	ALMENN LÝSING Á ÚTGÁFURAMMANUM.....	3
1.1	Um útgáfuramman og framkvæmd útgáfu	3
1.2	Heimild til útgáfu og stærð útgáfuramman.....	3
1.3	Skuldaskjöl útgefin í samræmi við útgáfuramman.....	3
1.4	Taka til viðskipta á skipulegum markaði	3
2	Áhættuþættir	4
2.1	Áhættuþættir skuldaskjalanna	5
2.1.1	Almennt um áhættu tengda fjárfestingu í skuldabréfum og víxlum.....	5
2.1.2	Áhætta skuldaskjala sem gefin eru út undir útgáfurammanum og einstökum tegundum skuldaskjala	5
2.1.2.1	Endurgreiðsluáhætta	5
2.1.2.2	Seljanleikaáhætta og skilvirkur eftirmarkaður.....	5
2.1.2.3	Vaxtaáhætta	6
2.1.2.4	Mótaðilaáhætta	6
2.1.2.5	Markaðsáhætta.....	6
2.1.2.6	Uppgjörsáhætta.....	6
2.1.2.7	Uppgreiðsluáhætta.....	6
2.1.2.8	Sérstök áhætta vegna óveðtryggðra skuldabréfa	7
2.1.2.9	Sérstök áhætta skuldabréfa sem eru tengd vísitölu	8
2.1.2.10	Lagaumhverfi skuldaskjalanna og áhætta vegna lagabreytinga.....	8
2.1.2.11	Gjaldeyrisáhætta	9
2.1.2.12	Áhætta tengd afskráningu skuldaskjalanna á skipulegum markaði	9
2.2	Áhættuþættir útgefanda.....	9
2.2.1	Fjárhagsleg áhætta og áhætta tengd starfsemi útgefanda	9
2.2.1.1	Markaðsáhætta.....	9
2.2.1.2	Lausafjárahætta.....	11
2.2.1.3	Útlánaáhætta	12
2.2.2	Áhætta tengd ytra umhverfi og efnahagsaðstæðum	13
2.2.2.1	Áhætta tengd verðbólgu, vaxtastigi og öðrum efnahagsaðstæðum.....	13
2.2.2.2	Samkeppni	14
2.2.3	Rekstrar- og lagaleg áhætta.....	14
2.2.3.1	Áhætta tengd þróun og vexti útgefanda.....	14
2.2.3.2	Áhætta tengd upplýsingaöryggi og tölvukerfum	15
2.2.3.3	Stjórnunar- og starfsmannaáhætta	16
2.2.3.4	Orðsporsáhætta	16
2.2.3.5	Mótaðila- og útvistunaráhætta	17
2.2.3.6	Málaferli og ágreiningsmál.....	17
2.2.3.7	Lagaleg áhætta og hlítunaráhætta	19

2.2.3.8	Áhætta tengd sviksamlegri háttsemi og brestum í reglufylgni og innra eftirliti	19
2.2.3.9	Sjálfbærniáhætta	20
2.2.3.10	Áhætta tengd fasteignum og framtíðarhúsnaði	20
2.2.3.11	Peningaþvættisáhætta	21
2.2.3.12	Áhætta vegna vátrygginga	21
2.2.3.13	Vörumerki og hugverkaréttindi	21
2.2.3.14	Áhætta vegna EES-samningsins	21
3	SKILMÁLAR SKULDASKJALANNA	23
4	FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA	43
5	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN	50
5.1	Starfsemi og skipulag	50
5.1.1	Almennar upplýsingar	50
5.1.2	Lagaumhverfi	50
5.1.3	Ágrip af sögu	51
5.1.4	Starfsleyfi	52
5.1.5	Meginstarfsemi og þjónustusvið	53
5.1.6	Skipurit útgefanda og samstæðu	54
5.1.7	Framtíðarskipulag samstæðu	55
5.1.8	Almenn kaupréttaráætlun samstæðu	57
5.2	Stjórnarhættir og tengd atriði	57
5.2.1	Gildi	57
5.2.2	Stjórnarhættir	57
5.2.3	Helstu stefnur bankans	58
5.2.4	Undirnefndir stjórnar	59
5.2.5	Innra eftirlit, regluvarsla og áhættustýring	60
5.2.6	Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni	61
5.2.7	Stjórn útgefanda	62
5.2.8	Framkvæmdastjórn útgefanda	63
5.3	Hluthafar og hlutafé	65
5.4	Þróun og horfur frá síðustu reikningsskilum	66
6	TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	67
6.1	Skilgreiningar og tilvísanir	69
6.2	Gildistími og aðgengi að lýsingu	70
6.3	Upplýsingar felldar inn með tilvísun	70
6.4	Skjöl til sýnis	70
6.5	Upplýsingar um mögulega hagsmunaárekstra	70
6.6	Upplýsingar frá þriðja aðila	71
6.7	Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	71
6.8	Endurskoðendur útgefandans	71
6.9	Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda	72

1 ALMENN LÝSING Á ÚTGÁFURAMMANUM

1.1 Um útgáfuramman og framkvæmd útgáfu

Fossar fjárfestingarbanki hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík (hér eftir „**Fossar**“, „**bankinn**“, „**félagið**“ eða „**útgefandinn**“) munu gefa út skuldaskjöl í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari („**grunnlýsingin**“ eða „**lýsingin**“) eða viðaukum við hana, í hverri þeirri mynt sem ákveðin er af útgefanda og tilgreind er í endanlegum skilmálum hverju sinni. Skuldaskjöl sem gefin verða út undir útgáfurammanum geta verið skuldabréf og/eða víxlar (í grunnlýsingu þessari nefnd „**skuldabréfin**“ og „**víxlarnir**“, saman eða hvort heldur sem er „**skuldaskjölin**“ eða eftir atvikum „**verðbréfin**“) sem gefin verða út með rafrænum hætti hjá þeirri verðbréfamíðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum.

Upplýsingar um nafnverð, vexti (ef við á), útgáfuverð og aðra skilmála sem eiga við um hvern útgáfuhluta flokks skuldaskjala, og ekki eru þekktar við útgáfu grunnlýsingarinnar, koma fram í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna. Útgefandi mun því ákveða skilmála hversrar útgáfu í samræmi við þá mögulegu skilmála sem tilgreindir eru í kafla 3 *Skilmálar skuldaskjalanna*, en skilmálum getur verið breytt í viðeigandi viðauka við grunnlýsinguna. Form endanlegra skilmála er að finna í kafla 4 *Form endanlegra skilmála*. Endanlegu skilmálarnir verða skráðir hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (einnig nefnt „**Fjármálaeftirlitið**“), kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, birtir á vefsíðu útgefanda og/eða birtir til upplýsinga í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“ eða eftir atvikum „**Kauphöllin**“) eftir því sem við á.

1.2 Heimild til útgáfu og stærð útgáfuramman

Útgáfuramminn og útgáfa skuldabréfa og víxla samkvæmt honum eru í samræmi við ákvörðun stjórnar Fossa þann 19. desember 2023 og nemur fjárhæð hans 12.000.000.000 kr. Útgáfuramminn er tímabundinn og gildir til eins árs, frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024. Samanlagt nafnverð útgefinna útstandandi skuldaskjala sem gefin verða út samkvæmt útgáfurammanum skal ekki vera umfram 12.000.000.000 kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum myntum eins og lýst er hér að neðan, eða þá mögulegu stækkun á útgáfurammanum sem er háð heimild stjórnar Fossa.

Sú aðferðarfræði sem stuðst er við í útreikningi á hvað telst vera jafngildi íslenskra króna vegna skuldaskjala sem kunna að vera gefin út í annarri mynt en íslenskum krónum er eftirfarandi:

Fjárhæð skuldaskjala sem gefin eru út í annarri mynt en íslenskum krónum er ákveðin af útgefanda, annað hvort þegar ákvörðun er tekin um útgáfu slíks flokks skuldaskjala eða næsta viðskiptadag á eftir á Íslandi, á grundvelli tilboðs frá banka að vali útgefanda, á gjaldeyrismarkaði á Íslandi, á stundargengi sölu á íslenskri krónu á móti kaupum á þeirri mynt sem viðkomandi skuldaskjal er gefið út í, á fyrrgreindum útreikningsdegi.

1.3 Skuldaskjöl útgefin í samræmi við útgáfuramman

Útgáfuramminn gerir ráð fyrir útgáfu skuldabréfa og/eða víxla sem taka á til viðskipta á skipulegum markaði í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og/eða bjóða á til kaups í almennu útboði eða útboði sem takmarkað er við tiltekinn hóp fjárfesta skv. undanþágu í 4. mgr. 1. gr. í reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, allt samkvæmt ákvörðun útgefanda hverju sinni.

1.4 Taka til viðskipta á skipulegum markaði

Ef gert er ráð fyrir að taka skuldaskjölin til viðskipta á skipulegum markaði verður sótt um að fá slík skuldaskjöl tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um að fá skuldaskjölin tekin til viðskipta á öðrum skipulegum mörkuðum.

2 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Fossum er kunnugt um og telja að eigi sérstaklega við um bankann, skuldaskjölun og þær atvinnugreinar sem bankinn starfar innan og gætu haft áhrif á getu útgefanda til að standa skil á greiðslum afborgana og vaxta af útgefnum skuldaskjölum, þar á meðal þau skuldabréf og/eða víxla, sem útgefin eru samkvæmt ákvæðum útgáfurammanum sem lýst er í grunnlýsingu þessari. Áhættuþættirnir í lýsingunni takmarkast við þá áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann og/eða skuldaskjölun og sem skiptir máli fyrir fjárfesta til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Með framsetningu og uppröðun þeirra áhættuþátta sem hér er fjallað um er leitast við að fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkana á að þeir raungerist. Afmörkun getur verið með ýmsu móti og þá er hægt að flokka með mismunandi aðferðum. Í grunnlýsingunni er þeim skipt á eftirfarandi hátt:

- 1) Áhættuþættir sem tengjast skuldaskjölunum sem gefin eru út undir útgáfurammanum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim; og
- 2) Áhættuþættir sem eiga við um útgefandann þ.m.t. vegna starfsemi hans og getu til þess að uppfylla skuldbindingar sínar vegna skuldaskjala sem gefin eru út undir útgáfurammanum.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldaskjölum sem útgefandi gefur út samkvæmt útgáfuramma þeim sem lýst er í grunnlýsingu þessari, er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í skuldaskjölunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldaskjölunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru því hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í grunnlýsingu þessari og þá sérstaklega allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuþætti útgefanda, sem gætu haft veruleg áhrif á útgefandann og fjárfestingar í skuldaskjölum útgefnum af útgefanda.

Ekki er hægt með vissu að meta líkur þess að tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta bankanum, viðskiptamönnum, lánardrottnum eða hluthöfum þess tjóni. Hver og einn neðangreindra áhættuþátta gæti ítrekað eða í einstökum tilvikum haft áhrif á rekstur og efnahag bankans og þar með á verðmæti verðbréfa útgefnum af bankanum. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa. Áhrifa fleiri en eins áhættuþátta getur jafnframt gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram.

Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði skuldaskjalanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

Fossar búa við áhættu í tengslum við starfsemi sína sem lánafyrirtæki, þar með talið útlánaáhættu, markaðsáhættu, hlítningaráhættu og rekstraráhættu. Rekstraráhætta er hætta á beinu og óbeinu tapi eða tjóni af völdum starfsfólks, tækni, ófullnægjandi eða innri ferla eða ytri atburða. Áhætta í rekstrarumhverfi lýtur meðal annars að eftirfarandi þáttum: Stýringu vaxtar, upplýsingaöryggi og tölvukerfum, starfsmannaáhættu, mótaðilaáhættu, orðsporsáhættu, samningsáhættu og mikilvægum birgjum, innra eftirliti, fasteignum og húsnæði, málaferlum og ágreiningsmálum.

Með áhættustýringu setur bankinn sér markmið um að uppgötva og greina áhættu sem bankinn býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring bankans er yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi bankans. Með starfsmannaþjálfun og starfsreglum er stefnt að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

2.1 Áhættuþættir skuldaskjalanna

2.1.1 Almennt um áhættu tengda fjárfestingu í skuldabréfum og víxlum

Fjárfesting í skuldaskjölum felur í sér áhættu. Skuldaskjöl standa framar í kröfuröðinni en til dæmis hlutabréf, en þrátt fyrir það geta fjárfestar tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í heild eða að hluta.

Skuldaskjöl bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldaskjala sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldaskjalanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldaskjalanna, að öðru óbreyttu. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldaskjala, svo sem almennt efnahagsástand, vaxtaákvörðanir seðlabanka, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði og ófyrirséðir atburðir. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldaskjölum.

Auk markaðsáhættu felur fjárfesting í skuldaskjölum í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili í samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur.

Aðrir áhættuþættir fylgja einnig fjárfestingu í skuldaskjölum sem tengjast skilmálum og réttindum útgefanda skuldaskjala, svo sem vegna vanefndatilvika, veðtrygginga og stöðu eigenda skuldaskjala gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda.

Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldaskjölum reynist arðsöm og fjárfestum er bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldaskjölum. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér grunnlýsingu þessa í heild sinni og viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana, áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í skuldaskjölum útgefanda.

2.1.2 Áhætta skuldaskjala sem gefin eru út undir útgáfurammanum og einstökum tegundum skuldaskjala

2.1.2.1 Endurgreiðsluáhætta

Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum um endurgreiðslu samkvæmt skilmálum skuldaskjalanna þegar þær falla í gjalddaga. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldaskjölin á fyrirfram ákveðnum gjalddögum og fjármagnar slíka endurgreiðslu með tekjum sínum eða lántöku. Skuldbinding útgefanda samkvæmt skuldaskjölunum er bein og óskilyrt en nýtur ekki tryggingar í veðandlagi.

Stýring lausafjárahættu útgefanda felst meðal annars í því að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar hans og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðstreymis. Útgefandi ber ábyrgð á því að eiga nægilegt laust fé til að greiða af skuldaskjölunum á gjalddögum þeirra. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar getur það valdið fjárfestum fjárhagslegu tjóni, en fullnustuheimildir vegna vanefnda útgefanda eru tæmandi taldar í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna.

Skilmálar skuldaskjalanna kveða á um að við framsal skuldaskjalanna frá einum kröfuhafa til annars, þá skuli framseljandi í þeim viðskiptum teljast undanþiggja sig ábyrgð á greiðslu og samþykki þess skuldaskjals sem framselt er og af þeim sökum verður kröfu kröfuhafa um endurgreiðslu skuldaskjalsins einungis beint að útgefanda, en ekki að fyrri kröfuhöfum.

2.1.2.2 Seljanleikaáhætta og skilvirkur eftirmarkaður

Seljanleikaáhætta felst í því að ekki reynist mögulegt að selja skuldaskjölin á eftirmarkaði á þeim tíma, í því magni og/eða á því verði sem fjárfestar vilja. Sótt getur verið um töku skuldaskjalanna til viðskipta

á skipulegum markaði. Þó að skuldaskjölín yrðu tekin til viðskipta á skipulegum markaði er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan eftirmarkað með skuldaskjölín. Við útgáfu skuldaskjala er möguleiki á að ekki sé til staðar virkur markaður með verðbréfin og í einhverjum tilvikum mun aldrei neinn markaður myndast, til dæmis þegar þeim hefur verið úthlutað til afmarkaðs hóps fjárfesta. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði og ekki fyrirhugað að samið verði um viðskiptavakt með skuldaskjölín en upplýsingar um slíkan samning yrðu tilgreindar í viðeigandi endanlegum skilmálum. Því er hætt á að fjárfestum reynist ekki unnt að selja skuldaskjölín þegar vilji stendur til og á því verði sem væntingar standa til um. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að kaupendur eru ekki til staðar, en einnig að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi og því náist ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Þetta á sérstaklega við ef útgefandinn á í fjárhagslegum erfiðleikum, skuldaskjölín eru mjög næm fyrir vaxtabreytingum, gengi gjaldmiðla eða annarri markaðsáhættu, skuldaskjölín eru hugsuð fyrir sérstök fjárfestingarmarkmið eða hafa þann tilgang að mæta þörfum takmarkaðs hóps fjárfesta. Eftirmarkaður slíkra verðbréfa er almennt takmarkaðri og verðflökt þeirra meira í samanburði við hefðbundin verðbréf. Óseljanleiki getur haft verulega neikvæð áhrif á markaðsvirði bréfanna.

2.1.2.3 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta felst í því að ávöxtun skuldaskjalanna geti verið lægri en almennt býðst á markaði. Almennt lækkar markaðsvirði skuldaskjala sem bera fasta vexti ef almennir markaðsvextir og ávöxtunarkrafa hækka og öfugt, að öðru óbreyttu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri. Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri sambærilegri fjárfestingu að öðru óbreyttu. Ef skuldabréf eru á breytilegum vöxtum er áhætta til staðar að vextir lækki og dragi þannig úr arðsemi þeirra. Þá felst áhætta í því ef hætt verður að birta upplýsingar um breytilega grunnvexti í framtíðinni og fjárfest hefur verið í skuldaskjölum útgefanda sem bera slíka vexti, sem gæti haft í för með sér neikvæð áhrif á bæði arðsemi og markaðsvirði skuldaskjalanna.

2.1.2.4 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldaskjala útgefanda er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldaskjalanna. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldaskjalanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta. Til viðbótar við mat á áhættu útgefandans verða fjárfestar einnig að skoða endanlega skilmála viðkomandi víxlaflökks eða skuldabréfaflokks (hér eftir „skuldaskjalaflokks“) sem þeir hyggjast fjárfesta í.

2.1.2.5 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldaskjalanna er áhætta sem felst í verðsveiflum skuldaskjala, hvort heldur sem er vegna sveiflna í ávöxtunarkröfu markaðarins eða sveiflna í ávöxtunarkröfu einstakra flokka skuldaskjala. Ef ávöxtunarkrafa markaðarins hækkar þá lækkar virði skuldaskjalanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldaskjalanna. Margs konar atvik geta valdið verðbreytingum á fjármálamörkuðum sem haft geta áhrif á virði skuldaskjala, s.s. almennt efnahagsástand, vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands, ófyrirséðir atburðir og fleira.

2.1.2.6 Uppgjörsáhætta

Uppgjör vegna viðskipta með skuldaskjölín fara fram í gegnum greiðslukerfi. Uppgjörsáhætta felst í því að greiðsla í greiðslukerfi, í tengslum við viðskipti með skuldaskjölín, sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu eða skuldaskjöl á réttum tíma.

2.1.2.7 Uppgreiðsluáhætta

Útgefanda er óheimilt að taka einhliða ákvörðun um að endurgreiða höfuðstól skuldaskjalanna hraðar eða að fullu á líftíma skuldaskjalanna en samningsbundnar greiðslur samkvæmt skilmálum skuldaskjalanna segja til um nema slík heimild sé tilgreind í endanlegum skilmálum. Slíkt getur verið

gegn greiðslu uppgreiðslugjalds eður ei, eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Uppgreiðsluáhætta felst í því að sé slík heimild til staðar og hún nýtt af útgefanda er hætta á að fjárfestar geti ekki fjárfest fjárhæðinni sem svarar uppgreiðslunni á sömu kjörum á markaði. Útgefanda er þó heimilt að kaupa og selja skuldaskjölin, í heild eða að hluta, á opnum eftirmarkaði nema annað sé tekið fram í endanlegum skilmálum.

2.1.2.8 Sérstök áhætta vegna óveðtryggðra skuldabréfa

Staða í kröfuröð

Skuldaskjölin njóta ekki veðtrygginga og því standa fjárfestar frammi fyrir þeirri áhættu að kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakrar tryggingar í eignum útgefanda. Slíkar kröfur standa því aftur veðtryggðum kröfum komi til gjaldþrots eða slita á útgefanda. Um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki í slitameðferð fer eftir 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Áhætta tengd umboðsmanni kröfuhafa

Í tengslum við útgáfu óveðtryggðra skuldaskjala sem hafa verið gefin út eða sem kunna að verða gefin út innan útgáfurammanum er skipaður umboðsmaður kröfuhafa fyrir óveðtryggð skuldaskjöl undir útgáfurammanum. Meginhlutverk umboðsmanns kröfuhafa er að gæta hagsmuna eigenda skuldaskjala (hér eftir „**kröfuhafar**“) sem gefin verða út undir þessu fyrirkomulagi og koma fram fyrir þeirra hönd. Sú hætta er til staðar að viðkomandi aðili sinni ekki hlutverki sínu sem skyldi, þannig að það hljótist tjón af. Ekki er hægt að útiloka að viðkomandi aðili segi starfi sínu lausu og einhvern tíma taki að semja við nýjan aðila í hans stað og ekki er víst að nýir aðilar vilji ganga að núverandi samningum í óbreyttri mynd. Þar að auki er ekki hægt að útiloka að kostnaður útgefanda vegna nýs aðila muni aukast.

Áhætta tengd fjárhagslegum skilyrðum og öðrum kvöðum

Útgefandi kann að samþykkja það, með tilgreiningu í endanlegum skilmálum, að gangast undir ákveðin fjárhagsleg skilyrði og/eða önnur skilyrði við útgáfu óveðtryggðra skuldaskjala, sem ætlað er að bæta réttarstöðu kröfuhafa gagnvart útgefanda. Sú hætta er til staðar að útgefandi brjóti fjárhagsleg- eða önnur skilyrði og tilkynni ekki umboðsmanni kröfuhafa um brotið eins og honum ber að gera, eða að útgefandi grípi ekki til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta. Vanefni útgefandi skilyrði eða kvaðir í skilmálum óveðtryggðra skuldaskjala geta kröfuhafar að tilteknum skilyrðum uppfylltum tekið þá ákvörðun að gjaldfella skuldaskjöl, auk þess sem gjaldfellingin getur skapað heimild til gjaldfellingar á öðrum skuldum útgefanda.

Áhætta tengd breytingum á skilmálum

Breytingar á skilmálum óveðtryggðra skuldaskjala geta verið háð samþykki tilskilins hluta kröfuhafa. Þeir kröfuhafar sem ekki hafa samþykkt breytingarnar geta samt sem áður orðið bundnir af þeim hafi þær hlotið samþykki tilskilins hlutfalls kröfuhafa.

Gjaldfelling er háð ákvörðun kröfuhafafundar

Sú hætta er til staðar að kröfuhafar hafi ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldaskjöl sín. Gjaldfelling getur verið háð samþykki tilskilins hluta kröfuhafa miðað við fjárhæð krafna. Þeir kröfuhafar sem ekki hafa samþykkt gjaldfellingu geta samt sem áður orðið bundnir af þeim og þurft að fella sig við þær hafi þær hlotið samþykki tilskilins hlutfalls kröfuhafa.

Kröfuhafi getur verið bundinn af ákvörðun sem hann greiddi ekki atkvæði með eða hann getur talist hafa samþykkt hana

Þar sem ákvarðanir eru bornar undir atkvæði á kröfuhafafundum geta kröfuhafar sem annað hvort mættu ekki á fundinn eða leggjast ekki sannanlega gegn þeirri tillögu sem er til umfjöllunar, talist hafa samþykkt hana (e. snooze and lose). Jafnframt getur ákvörðun sem tekin er á kröfuhafafundi verið skuldbindandi fyrir kröfuhafa sem greitt hafa atkvæði sannanlega gegn henni, þar sem ákvarðanir teljast samþykktar ef tilskilið hlutfall kröfuhafa samþykkir þær.

2.1.2.9 Sérstök áhætta skuldabréfa sem eru tengd vísitölu

Skuldaskjölin kunna að vera verðtryggð miðað við vísitölu, sem þá er tilgreind í endanlegum skilmálum viðkomandi skuldaskjalaflokks. Breytingar á þeirri vísitölu, sem lögð er til grundvallar verðtryggingu skuldaskjalanna, geta haft áhrif á virði skuldaskjalanna, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Verðtrygging hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldaskjalanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu skuldaskjalanna. Breytingar á vísitölu sem notuð er til verðtryggingar hefur einnig áhrif á greidda vexti af skuldaskjölunum þegar um vaxtagreiðslur er að ræða, þar sem höfuðstóll er uppreiknaður miðað við gildi vísitölu sem notuð er til verðtryggingar áður en vextir eru reiknaðir.

2.1.2.10 Lagaumhverfi skuldaskjalanna og áhætta vegna lagabreytinga

Um útgáfu skuldaskjala sem lýst er í grunnlýsingu þessari gilda íslensk lög og eru skuldaskjölin verðbréf í skilningi 64. tölul. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Skuldaskjölin verða gefin út rafrænt hjá þeirri verðbréfamíðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. Um rafræna útgáfu skuldaskjalanna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Eignaskráning rafréfa hjá verðbréfamíðstöð veitir skráðum handhafa þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Um víxlana gilda einnig víxillög nr. 93/1933.

Hlutabréf útgefanda hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Hins vegar hafa hlutabréf í móðurfélagi útgefanda, Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009 (hér eftir „**Vátryggingafélag Íslands**“ eða „**VÍS**“), verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Þá kunna skuldaskjöl útgefanda sem gefin eru út undir útgáfurammanum að vera tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Vegna stöðu útgefanda í samræmi við framangreint gilda því ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Framangreind lög og réttarheimildir gilda því óbeint um Fossa vegna hlutabréfa móðurfélags, Vátryggingafélags Íslands, en beint að því er varðar þau skuldaskjöl sem tekin kunna að vera til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland á grundvelli grunnlýsingar þessarar.

Einnig gilda um útgefandann samnorrænar reglur Nasdaq, *Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares*,¹ eins og þær eru á hverjum tíma. Útgefandi skuldaskjalanna kann að óska eftir því að flokkar skuldaskjala sem gefnir verða út undir útgáfurammanum verði teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Þá eru Fossar með tvo flokka víxla sem ekki eru í viðskiptum á Aðalmarkaði Kauphallarinnar við dagsetningu grunnlýsingarinnar, en þeir falla ekki undir útgáfuramman sem lýst er í grunnlýsingu þessari. Fyrrgreind lög, reglur og reglugerðir munu þá einnig gilda um flokka skuldaskjala sem teknir verða til viðskipta á skipulegum markaði, auk *reglna Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga*,² eins og þær eru á hverjum tíma.

Um skuldaskjölin gilda íslensk lög. Niðurstöður dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar ásamt breytingum á stjórnsluframkvæmd geta haft áhrif á virði skuldaskjalanna. Útgefandi skuldaskjalanna getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, ákvörðunum stjórnvalda eða öðrum atriðum sem að framan er getið, sem kunna að eiga sér stað á líftíma skuldaskjalanna eftir dagsetningu grunnlýsingarinnar og hugsanlegum áhrifum þeirra á skilmála skuldaskjalanna og virði.

¹ Við undirritun grunnlýsingarinnar er í gildi útgáfa frá 1. janúar 2024 en hana má nálgast hér: https://www.nasdaq.com/docs/2024/01/02/Nasdaq_Nordic_Main_Market_Rulebook_1_Jan_2024.pdf

² Við undirritun grunnlýsingarinnar er í gildi útgáfa frá 1. janúar 2024 en hana má nálgast hér: https://www.nasdaq.com/docs/2024/01/02/2024.01.01_Reglur_fyrir_%C3%BAatgefendur_skuldabr%C3%A9fa.pdf

2.1.2.11 Gjaldeyrisáhætta

Útgefandi gefur út skuldaskjöl í tilgreindum gjaldmiðli. Ef fjárfestar gera upp í öðrum gjaldmiðlum þarf að taka tillit til þess að gengisbreytingar á viðkomandi gjaldmiðlum kunni að hafa áhrif á arðsemi fjárfestingarinnar. Þá getur gjaldeyrisáhætta myndast þegar tekjur á móti gjöldum eru ekki í sömu mynt. Skuldaskjöl sem gefin eru út undir útgáfurammanum kunna að vera gefin út í erlendri mynt. Greiðslur afborgana og vaxta yrðu þá einnig í erlendri mynt. Gjaldeyrisáhætta fylgir að jafnaði fjárfestingum í fjármálagerningum sem skráðir eru í annarri mynt. Gengi einstakra gjaldmiðla getur sveiflast verulega vegna ástands og breytinga á viðkomandi myntsvæði, s.s. vegna verðbólgu og breytinga á vaxtastigi, efnahagslegra áhrifa og stjórnmálalegra áhrifa. Lántökur í erlendri mynt kunna einnig að skapa ójafnvægi á milli tekna útgefanda og stöðu erlendra lána hverju sinni.

2.1.2.12 Áhætta tengd afskráningu skuldaskjalanna á skipulegum markaði

Skuldaskjalaflokkar útgefanda kunna að vera teknir til viðskipta á skipulegum markaði, þ.e. skráðir á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Samhliða því hvíla skyldur útgefanda að sinna upplýsingaskyldu til samræmis við lög og reglur Nasdaq Iceland og öðrum skyldum samkvæmt lögum og reglum. Alvarleg brot á þeim skyldum sem gilda um útgefendur skuldaskjala og töku skuldaskjala til viðskipta á skipulegum mörkuðum (sjá umfjöllun í kafla 2.2.3.7 *Lagaleg áhætta og hlítungaráhætta*) kunna að valda því að Nasdaq Iceland taki skuldaskjöl útgefanda úr viðskipum á markaðnum ýmist um tiltekinn tíma eða endanlega. Slíkt getur haft umtalsvert neikvæð áhrif á virði og seljanleika skuldaskjalanna. Uppfylli útgefandi ekki skyldur sínar samkvæmt framangreindu kann það enn fremur að hafa slæm áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft neikvæð áhrif á virði skuldaskjalanna.

2.2 Áhættuþættir útgefanda

2.2.1 Fjárhagsleg áhætta og áhætta tengd starfsemi útgefanda

2.2.1.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á tapi vegna breytinga á markaðsverði fjármálagerninga. Almennt sveiflast verð á hlutabréfum, skuldabréfum, gjaldmiðlum og öðrum eignaflokkum á markaði. Útgefandi stendur frammi fyrir margs konar markaðsáhöttu en mikilvægustu þættir hennar felast í verðbréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu og verðbólguáhættu. Útgefandinn hefur sett sér ítarlegar stefnur, ramma og reglur er varða meðhöndlun markaðsáhöttu þar sem henni er stýrt innan fyrirfram ákveðinna viðmiða. Þá hefur stjórn útgefanda samþykkt áhöttuvilja bankans, m.a. með tilliti til markaðsáhöttu. Áhöttustýring útgefanda hefur daglegt eftirlit með markaðsáhöttu og veitir reglulegar upplýsingar til framkvæmdastjórnar, stjórnar og áhöttunefndar bankans. Þessu til viðbótar bera framlínustarfsmenn ábyrgð á því að stöðutökur og áhöttur sem þeir mynda fari ekki út fyrir heimildir sem stjórn hefur sett. Misbrestir í meðhöndlun og stýringu markaðsáhöttu gætu haft neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu og orðspor bankans.

Útgefanda ber reglulega að skila COREP skýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Við gerð skýrslunnar þarf útgefandi að meta áhöttugrunn og eiginfjárkröfur. Mat á markaðsáhöttu er framkvæmt með sömu aðferðafræði og nauðsynleg er við gerð COREP skýrslu. Heimildarammar einstakra áhöttuþátta eru reglulega yfirfarnir, en samþykktir af áhöttunefnd stjórnar og öll markabrot tilkynnt til hennar umsvifalaust. Áhöttustýring mælir jafnframt og hefur eftirlit með áhöttu í veltubók í rauntíma. Áhöttustýring leggur til heimildaramma skuldabréfa og hlutabréfa í veltubók, sem er samþykkt af áhöttunefnd stjórnar. Sú áhætta er ávallt fyrir hendi að markabrot eigi sér stað sem getur skapað aukna hættu á tapi umfram það sem ásætlanlegt er talið.

Hlutabréfaáhætta

Útgefandi er aðallega útsettur fyrir markaðsáhöttu vegna breytinga á bæði verði hlutabréfa og ávöxtunarkröfu skuldabréfa, þ.e. verðbréfaáhættu. Útgefandi ber bæði beina og óbeina markaðsáhöttu. Hann ber beina markaðsáhöttu í gegnum starfsemi eigin viðskipta og fjárstýringar. Þessi áhætta kemur

til vegna stöðutöku og viðskiptavakasamninga sem bankinn hefur gert við útgefendur skráðra fjármálagerninga og Lánamál ríkisins. Þá skapast óbein markaðsáhætta í deildum markaðsviðskipta, eignastýringar, útlána og fyrirtækjaráðgjafar þar sem þeirra helstu þóknarir eru nátengdar eignum í stýringu og/eða markaðsaðstæðum. Auk þess eru undirliggjandi veð lánasamninga og framvirkra samninga í mörgum tilfellum fjármálagerningar. Breytingar á virði fjármálagerninga hefur bein áhrif á eignasöfn útgefanda sem eru uppreiknuð daglega miðað við markaðsverð (e. marked-to-market). Eignasöfnin samanstanda af veltubók bankans þar sem viðskiptavakt er sinnt og almennar stöðutökur framkvæmdar, fjárstýringarsafni og bankabók. Hið síðastnefnda heldur utan um fjárfestingareignir sem ekki er átt viðskipti með á fjármálamarkaði, s.s. hlutdeildar- og dótturfélög. Þessar eignir eru metnar á bókfærðu virði. Á fjárstýringarsafninu eru verðbréf sem eru liður í virkri lausafjárstýringu bankans. Markaðsáhætta er undirliggjandi í öllum söfnum bankans.

Útgefandi stendur samkvæmt framangreindu frammi fyrir hættu á tapi vegna hreyfinga á markaðsvirði verðbréfa, ýmist vegna þátta sem hafa áhrif á virði einstakra eigna eða almennt vegna þátta sem hafa áhrif á virði allra verðbréfa á markaði.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sambærilegan máta. Slík áhætta getur t.a.m. valdið því að þegar vextir lækka dregst fjármagnskostnaður útgefanda ekki saman í sama mæli og vaxtatekjur sem myndi leiða til minni arðsemi, eða öfugt sem myndi þá aukna arðsemi. Þá er áhætta falin í því að misræmi er í eignum og skuldum með föstum vöxtum. Má þar nefna útlán og skiptasamninga vegna verðbréfa á eignahlið og útgefin skuldaskjöl og peningamarkaðslán á skuldahlið. Áhrif vaxtabreytinga á afkomu útgefanda ráðast af eiginleikum eigna og skulda. Þannig geta vaxtahækkarnir dregið úr verðmæti lána með föstum vöxtum en aukið fjármögnunarkostnað. Vaxtabreytingin hefur varanleg áhrif ef vextir eru fastir yfir samningstímann en áhrifin takmarkast við næsta vaxtaendurskoðunardag ef vextir eru breytilegir.

Bankinn fylgist náið með vaxtaáhattu sinni, jafnt í veltubók sem og bankabók. Leitast er við að halda ójafnvægi í líftíma eigna og skulda í lágmarki, en ójafnvægi skapar hættu á að lánasafn og aðrar vaxtaberandi eignir bankans skili ekki fullnægjandi ávöxtun, sem aftur kann að leiða til óhagstæðrar þróunar á fjárhagslegum styrk hans.

Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta felst í því að misræmi myndast á milli eigna og skulda útgefanda út frá þróun verðbólgu. Slík áhætta getur t.a.m. valdið því að þegar verðbólga hækkar þá hækkar fjármagnskostnaður útgefanda án þess að samsvarandi hækkun verði á vaxtatekjum bankans sem myndi draga úr arðsemi þess. Vegna eðlis efnahagsreiknings útgefandans er lítil sem engin verðbólguáhætta þar sem allar eignir og skuldir bankans eru óverðtryggðar. Ef bankinn myndi í framtíðinni annað hvort lána eða fjármagna sig með verðtrygðum lánum gæti framangreind hætta skapast.

Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er fólgin í því að útgefandi verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna breytinga á gengi annarra gjaldmiðla en íslenskrí krónu. Vegna gengisbreytinga getur því myndast hagnaður eða tap þótt virði undirliggjandi fjármálagernings í þeirri mynt sem hann er skráður í breytist ekki. Engar fjáreignir eða fjárskuldir útgefanda eru í erlendri mynt að undanskildum framvirkum gjaldeyrissamningum en þeir eru að fullu varðir. Ef breytingar verða á mynt eigna og/eða skulda, þá mun útgefandi standa frammi fyrir gjaldeyrissáhættu. Árið 2021 tóku lög nr. 70/2021 um gjaldeyrismál gildi þar sem síðustu leifar fjármagnshafta voru afnumin, en höft voru á útflæði gjaldeyriss frá landinu. Því eru nú ekki í gildi neinar takmarkanir á gjaldeyrissviðskiptum, greiðslum á milli landa eða fjármagnshreyfingum á milli landa. Þó er engin trygging fyrir því að Seðlabanki Íslands muni ekki setja aftur á einhverja þætti fjármagnshafta, á borð við þau sem þegar hefur verið aflétt. Bein erlend fjárfesting hér á landi gæti orðið fyrir áhrifum af þeirri hugsanlegu atburðarás að fjármagnshöft verði aftur sett á í framtíðinni. Sú atburðarás myndi takmarka verulega vöxt íslensks atvinnulífs og því hafa mikil áhrif á vaxtarmöguleika útgefanda í viðskiptum.

2.2.1.2 Lausafjárahætta

Útgefandi er útsettur fyrir lausafjárahættu. Ófyrirséð atvik við fjármögnun útgefanda gætu haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar þegar þær falla á gjaldþega. Lausafjárahætta er sú áhætta að útgefandi geti ekki staðið við samningsbundnar greiðslur vegna fjárhagsskuldbindinga bankans. Áhættan stafar að meginstefnu til af fjármögnunaráhættu.

Fjármögnunaráhætta er fólgin í því að bankinn verði fyrir neikvæðum áhrifum af vaxtabreytingum og breyttum aðstæðum á fjármálamörkuðum. Fossar eru með starfsleyfi sem lánaþyrft og hafa því ekki heimild til móttöku innlána líkt og viðskiptabankar. Umsvif bankans eru því háðari markaðsaðstæðum hverju sinni, þar sem meginþungi fjármögnunar bankans fer fram í gegnum markaðsfjármögnun, þ.e. með útgáfu peningamarkaðslána og skuldaskjala. Jafnframt hefur bankinn aðgang að skammtímafjármögnun í gegnum endurhverf viðskipti við aðra viðskiptabanka, þar sem mótaðili lætur Fossum reiðufé í té gegn veði í tilteknum eignum bankans. Í þeim tilgangi á bankinn fjárfestingarsafn sem samanstendur af seljanlegum eignum, s.s. ríkisskuldabréfum og -vixlum, og reiðufé.

Líkt og fram hefur komið hér að framan þá reiðir útgefandi sig að mestu leyti á markaðsfjármögnun en fjármögnunarskilyrði á markaði geta verið breytileg. Í krefjandi markaðsaðstæðum getur reynst erfitt að endurfjármagna lán og aðrar skuldbindingar sem getur haft veruleg neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu útgefanda og þar með getu hans til að standa skil á sínum skuldbindingum. Slíkar aðstæður geta t.a.m. komið upp þegar breytingar verða á stýrivöxtum og verðbólguhorfum. Þá fjármagnar útgefandi sig alla jafna til styttri tíma sem veldur minni fyrirsjáanleika hvað þróun efnahagsreiknings bankans varðar. Skuldahlíð efnahagsreiknings bankans getur þannig minnkað hratt ef aðstæður breytast mikið á markaði og fjárfestar vilja beina fjármagni sínu í annars konar fjárfestingar með lengri líftíma. Vert er þó að nefna að uppistaðan í efnahagsreikningi bankans eru stuttar eignir sem rúlla hratt og oft í gegn. Þetta eru í dag framvirkir samningar, veðtryggð útlán sem eru að fullu fjármögnuð með víxlaútgáfum en tímalengd víxlanna rímar við líftíma lánanna, ríkisskuldabréf, safn eigin viðskipta og lausafjáraeignir. Bankinn hefur einnig gott aðgengi að fjármögnun með endurhverfum viðskiptum.

Útgefandi fylgist náið með lausafjárstöðu sinni hverju sinni með greiningu á gjaldþegaþingliti sem tekur inn bæði eignir og skuldir. Útgefandi viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægilegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Útgefandi getur staðið frammi fyrir því að geta ekki innleyst fjárfestingar sínar, fyrir fjárhæð nálægt metnu gangvirði þeirra, í því skyni að mæta lausafjárþörf sinni. Einnig er leitast við að halda ójafnvægi í líftíma eigna og skulda í lágmarki, en ójafnvægi skapar hættu á lausafjárþurrð.

Fjárfesting bankans ber ábyrgð á því að innleiða stefnu um lausafjárahættu í starfsemi bankans. Dagleg stýring lausafjáraeigna er í höndum fjárfestingar og skal henni hagað í samræmi við lög/reglur þannig að stöðu bankans sé aldrei stofnað í hættu. Fjárfesting ber að upplýsa og hafa samráð við áhættustýringu um ákvarðanir sem líklegar eru til að hafa veruleg áhrif á lausafjárstöðu. Það er á ábyrgð fjár- og áhættustýringar að þróa, innleiða og uppfæra þá aðferðafræði sem notuð er við mælingar á lausafjárahættu og stýringu hennar. Fjárfesting ber ábyrgð á því að lausafé bankans sé ávallt nægjanlegt og í samræmi við áhættuvilja. Áhættustýring annast eftirlit með lausafjárahættu og útreikning lausafjárhlutfalla auk þess sem hún framkvæmir reglulega álagspróf og greiningu á skilvirkni lausafjárstýringar og eftirlits. Þá ber lánanefnd að leggja mat á það hverju sinni hvort útlæði vegna lánveitinga sé innan heimildaramma útlána og ráðfæra sig við fjárfestingu áður en lánveiting er samþykkt. Fari lausafjárahætta bankans út fyrir skilgreind viðmið, eða sé lausafjárstaða ófullnægjandi að mati áhættustýringar, skal fjárfestingu gert viðvart eins fljótt og kostur er. Fjárfestingu ber þá að gera viðeigandi ráðstafanir til að styrkja stöðu bankans. Sömuleiðis skal gera áhættunefnd stjórnar grein fyrir stöðu mála og ber henni að koma að framkvæmd viðbúnaðaráætlunar, krefjist aðstæður þess.

Útgefandi lýtur reglum Seðlabanka Íslands, nr. 1520/2022 um lausafjárhlutfall lánastofnana. Þær fjalla um lausafjárþekju (LCR hlutfall) en hlutfallinu er ætlað að tryggja að bankinn standist sérstakt álag yfir 30 daga tímabil. Lausafjáraeignir lánastofnana í öllum gjaldmiðlum samtals skulu skv. reglunum á hverjum tíma nema a.m.k. 100% af hreinu útlæði lauss fjár þeirra í öllum gjaldmiðlum samtals næstu 30 daga á álagstímabili. Útgefandi hefur sett sér strangari kvaðir eða 200%. Þessu til viðbótar lýtur útgefandi kröfum um hlutfall stöðugar fjármögnunar (NSFR hlutfall) en um hlutfallið er fjallað í

reglugerð (ESB) 575/2013 (CRR) eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/876 (CRR II), en síðarnefnda reglugerðin inniheldur ákvæði er lúta að kröfum um stöðuga fjármögnun.

Þá gæti komið til þess í framtíðinni að útgefandi þurfi að verða sér út um viðbótar eigið fé til að styðja við frekari vöxt bankans. Þá gæti slíka viðbót þurft til að uppfylla kröfur eftirlitsaðila um eiginfjárlutfall eða stærðar eiginfjárgrunns. Getur það ýmist komið til af rekstri útgefanda og/eða nýjum eða breyttum kröfum eftirlitsaðila eða í lögum, hvort sem er á grundvelli núverandi regluverks eða í kjölfar mögulegra breytinga á regluverkinu í framtíðinni. Til að mynda getur þörf fyrir viðbótar eigið fé myndast ef áhætta útgefanda hefur aukist, hvort sem er vegna stækkunar eða neikvæðrar þróunar á eignagæðum, og/eða eigið fé útgefanda hafi rýrnað vegna rekstrartaps eða fyrri arðgreiðslna. Komi til þess að útgefandi geti ekki aflað nýs hlutfjár eða hæfra skuldbindinga myndi það hafa neikvæð áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu hans.

2.2.1.3 Útlánaáhætta

Veiting útlána er ein af tekjustoðum útgefanda. Vegna útlánastarfsemi bankans stendur hann frammi fyrir útlánaáhættu, þ.e. hugsanlegt tap af því að lántakar standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda, á fyrirfram ákveðnum tíma. Útlánasvið bankans fer stækkandi, en við dagsetningu grunnlýsingarinnar eru útlán þó lítil hluti af efnahagsreikningi bankans. Lánastarfsemi útgefanda er fyrst og fremst stunduð í þeim tilgangi að styðja við aðra starfsemi hans. Í því felst að samkvæmt áhættuvilja stjórnar eru lán fyrst og fremst veitt til viðskiptavina með traust samband við útgefanda, auk þess sem lán eru ávallt veitt til skamms tíma eða til allt að 24 mánaða. Útlánasafn bankans skal ávallt vera vel tryggt til að lágmarka tapsáhættu útgefanda. Útlánastefna bankans kveður m.a. á um að útlánaákvæðanir séu teknar á grundvelli væntrar arðsemi lánveitinga, undirliggjandi trygginga og áhættumats á viðskiptavinum, eftir því sem við á. Viðskiptalegar forsendur skulu liggja til grundvallar öllum lánaákvörðunum. Taka skal tryggingar til þess að koma í veg fyrir eða lágmarka útlánatap við vanefndir.

Lán til viðskiptavina og mótaðilaáhætta vegna afleiðuviðskipta eru langstærsta uppspretta útlánaáhættu útgefanda. Samtala útistandandi afleiðusamninga og útlána á hverjum tíma með hlutabréf, skuldabréf og gjaldeyri skal ávallt vera innan heimildaramma sem samþykktur hefur verið af áhættunefnd stjórnar. Þá er einungis heimilt að gera slíka samninga með fyrirfram skilgreind og samþykkt verðbréf. Jafnframt eru tilteknar kröfur gerðar til mótaðila útgefanda í slíkum viðskiptum auk þess sem bankinn tekur tryggingar fyrir efdum samninganna að handveði. Í heimildaramma afleiðuviðskipta skal kveða á um lágmarkskröfur til trygginga og hæfar tryggingar. Áhættudreifing afleiðuviðskipta skal vera innan þeirra marka sem kveðið er á um í gildandi lögum og reglum og í samræmi við áhættuvilja Fossa og reglur um áhættustýringu.

Útlánaáhætta getur aukist vegna samþjöppunar á ýmsum sviðum. Samþjöppun í útlánasafni lánastofnana getur einnig haft mikið að segja um þróun útlánaáhættu. Til að mynda getur mikið útlánatap orðið ef tap af einu útláni er líklegt til að verða á sama tíma og tap af öðru útláni. Það getur átt sér stað ef lánastofnun lána mikið til einsleits hóps sem er viðkvæmur fyrir sömu áhættuþáttum, eins og ákveðinni þróun á fjármálamarkaði eða í hagkerfinu. Enn sem komið er eru útlán Fossa að vissu leyti svipuð og því stendur bankinn frammi fyrir samþjöppunaráhættu.

Forstjóri, samkvæmt umboði stjórnar, skipar lánanefnd og stjórn setur lánareglur fyrir bankann að fengnu álitni áhættunefndar stjórnar. Í lánareglum er kveðið á um starfshætti lánanefndar og eftirlit með fylgni þeirra. Þar segir að Fossar skulu á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla útlánastarfsemi. Innri ferla og reglur skal endurmeta reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og starfsemi Fossa. Eftirlit með framkvæmd lánareglna er í höndum áhættustýringar, sem fylgist með hlítni og annast eftirlit með framkvæmd veðkalla eftir því sem við á. Markaðsviðskipti bera ábyrgð á öllum afleiðuviðskiptum og verðbréfalánnum og annast formleg veðköll gagnvart viðskiptavinum bankans eftir því sem við á. Áhættustýring hefur eftirlit með framkvæmd markaðsviðskipta á hlutverki sínu vegna afleiðuviðskipta. Útgefanda getur einnig misfarist það að meta nákvæma útlánaáhættu bankans en slíkt gæti valdið auknu útlánatapi og haft verulega slæm áhrif á afkomu og fjárhagsstöðu hans.

Uppgreiðsluáhætta er sú áhætta að útgefandi verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að lántaki óskar eftir endurgreiðslu láns fyrir en á gjalddaga lánsins. Breyting á vöxtum gæti haft áhrif á vilja og getu viðskiptavinar til að greiða lán niður fyrir ef uppgreiðsluheimild er fyrir hendi. Slíkt gæti leitt til lægri vaxtatekna útgefanda sem myndi hafa áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda, ef ekki væri ákvæði í samningi aðila um greiðslu uppgreiðslugjalds.

2.2.2 Áhætta tengd ytra umhverfi og efnahagsaðstæðum

2.2.2.1 Áhætta tengd verðbólgu, vaxtastigi og öðrum efnahagsaðstæðum

Almennar efnahagsaðstæður geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda og afkomu starfseminnar. Starfsemi Fossa fer því sem næst eingöngu fram á Íslandi og eru öll tekjuberandi svið bankans háð efnahagsaðstæðum hér á landi, þ.e. markaðsviðskipti, útlánasvið, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýring og eigin viðskipti. Ótal þættir geta haft áhrif á almennar efnahagsaðstæður, meðal annars innlendir þættir eins og þróun helstu atvinnugreina landsins, verðbólga, vaxtastig, atvinnuleysi, einkaneysla, pólitískur stöðugleiki, náttúruhamfarir og gengi gjaldmiðla en jafnframt geta ytri þættir eins og staða helstu viðskiptalanda Íslands, heimsfaraldrar, styrjaldir og alþjóðlegar viðskiptadeilur haft áhrif. Ísland er lítið land og er því næmara en mörg önnur ríki fyrir breytingum á framangreindum þáttum en lakar efnahagsaðstæður geta haft mikil áhrif á markaðsaðstæður. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á starfsemi, fjárhag og afkomu útgefanda.

Verðbólga og vaxtastig eru nátengd atriði sem hafa mikil áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þegar meginvextir Seðlabanka Íslands eru hækkaðir, þá hefur það almennt í för með sér hækkun á fjármögnunarkjörum. Við slíkar aðstæður hækka allir grunnvextir (s.s. REIBOR) sem veldur því að lánsfjármögnun verður dýrari. Áhugi fjárfesta á framvirkum samningum og almennum veðlánnum minnkar alla jafna, en vilji og þörf einstaklinga og fyrirtækja á fjármögnun ræðst mikið af vaxtastigi og verðbólgu. Almennar efnahagsaðstæður hafa þannig mikil áhrif á eftirspurn eftir nýjum útlánum. Öllu jafnan dregst eftirspurn eftir nýjum útlánnum saman við slæmar efnahagsaðstæður og dragast þá tekjur útgefanda saman þar sem umsvif á tilgreindum sviðum minnka. Vaxtastig eitt og sér getur þó jafnframt haft mikil áhrif á eftirspurn útlána óháð almennum efnahagsaðstæðum þar sem eftirspurn eykst þegar vaxtastig lækkar og öfugt. Þá geta gæði útlána rýrnað í slæmum markaðsaðstæðum. Það getur leitt til bæði aukinnar virðisrýrnunar og hærri eiginfjárkröfu vegna aukinnar áhættu í lánasafni útgefanda. Virði undirliggjandi veðandlaga fyrir útlánnum bankans getur jafnframt verið breytilegt þar sem virði þeirra rýrnar við slæmar efnahagsaðstæður og öfugt.

Til viðbótar við framangreint verður markaðsfjármögnun, t.d. með útgáfu skuldaskjala eða peningamarkaðslána, dýrari í verðbólgu- og hávaxtaumhverfi. Fjármögnunaráhætta eykst því í versnandi markaðsaðstæðum. Sama má segja um vaxtaáhættu en hún er fólgin í því að útgefandi verði fyrir neikvæðum áhrifum af vaxtabreytingum og breyttum aðstæðum á fjármálamörkuðum. Útgefandi er með starfsleyfi sem lánafyrirtæki og hefur því ekki heimild til móttöku innlána líkt og viðskiptabankar, sem jafnan er ódýrari fjármögnunarleið en markaðsfjármögnun. Nánar er fjallað um vaxtaáhættu í kafla um 2.2.1.1 *Markaðsáhættu*. Umsvif útgefanda eru því háð markaðsaðstæðum hverju sinni, þar sem meginþungi fjármögnunar bankans fer fram í gegnum markaðsfjármögnun í stað innlána. Slæmar efnahagsaðstæður geta þannig haft neikvæð áhrif á fjármögnunarkjör útgefanda sem aftur hefði neikvæð áhrif á afkomu og fjárhagsstöðu bankans. Nánar má lesa um fjármögnunaráhættu í kafla um 2.2.1.2 *Lausafjáráhættu*.

Fylgifyiskur versnandi efnahagsaðstæðna eru jafnan slæmar markaðsaðstæður. Slæmar markaðsaðstæður fela í sér aukna markaðsáhættu. Útgefandi er útsettur fyrir bæði beinni og óbeinni áhættu vegna breytinga á verði verðbréfa. Hætta er á tapi vegna hreyfinga á markaðsvirði verðbréfa, ýmist vegna þátta sem hafa áhrif á virði einstakra eigna eða almennt vegna þátta sem hafa óbein áhrif á virði allra verðbréfa á markaði. Nánar má lesa um markaðsáhættu í samnefndum kafla, 2.2.1.1 *Markaðsáhætta*. Verðbólga og hækking vaxtastig getur einnig valdið því að umsvif á fjármálamarkaði minnka, sem hefur neikvæð áhrif á tekjur útgefanda í formi þóknana. Þá getur það leitt til erfiðleika við stækkun á eignahlíð efnahagsreiknings útgefanda og aukningu gæða hennar. Við slíkar aðstæður hækkar jafnframt ávöxtunarkrafa skuldabréfa sem aftur hefur neikvæð áhrif á eignasafn útgefanda. Á

sama tíma getur fjármagn leitað úr hefðbundnum verðbréfum og inn í lausafjáreignir s.s. peningamarkaðslán sem skila meiru en ella þegar vextir eru háir. Á móti kemur, þá getur reynst erfiðara að fjármagna útgefanda með útgáfu peningamarkaðslána í lágvaxtaumhverfi en við slíkar aðstæður þarf að treysta enn frekar á útgáfu skuldaskjala. Peningamarkaðslán eru almennt ódýrari fyrir útgefanda heldur en útgáfa skuldaskjala sem veldur því að veginn meðalfjármagnskostnaður getur hækkað sem gæti haft neikvæð áhrif á afkomu bankans.

Við dagsetningu þessarar grunnlýsingar ríkir töluverð óvissa í efnahagsmálum, ekki síst um hversu vel muni ganga að ná niður verðbólgu og hvenær og hversu hratt Seðlabankinn mun lækka vexti. Horfur eru þó á að verðbólga gangi þó nokkuð niður á komandi misserum samhliða kólnandi fasteignaverði en ef rétt reynist, þá mun Seðlabankinn að öðru óbreyttu byrja að lækka vexti í kjölfarið.

2.2.2.2 Samkeppni

Á íslenskum fjármálamarkaði ríkir samkeppni líkt og á öðrum mörkuðum. Stóru viðskiptabankarnir þrír, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru allir skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar en umsvif þeirra og stærð er töluvert meiri en útgefanda auk þess sem þeir hafa víðtækara starfsleyfi. Kvika banki hf. kemur þar á eftir en umsvif hans hafa aukist jafnt og þétt síðustu ár. Heilbrigð samkeppni er jákvæð en getur þó haft neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu og rekstur útgefanda. Útgefandi býr við virka samkeppni á flestum sviðum bankans, t.d. um lánveitingar til viðskiptavina, um miðlun viðskipta fyrir fjárfesta, um stýringu fjármagns í gegnum einkabankaþjónustu (eignastýringu) og um fjármálaþjónustu við alls kyns fyrirtæki. Þessi samkeppni getur leitt til aukins kostnaðar og minni markaðshlutdeildar útgefanda sem hefði neikvæð áhrif á afkomu. Helstu keppinautar útgefanda eru annars vegar viðskiptabankar landsins sem fyrr eru nefndir, og hins vegar önnur fjármálafyrirtæki, s.s. Arctica Finance hf., ACRO verðbréf hf. og Íslensk verðbréf hf. Í krafti stærðar sinnar gætu viðskiptabankarnir fjórir t.a.m. valdið því að erfitt væri fyrir útgefanda að keppa í verði og þjónustu, sem gæti haft neikvæð áhrif á afkomu og rekstur útgefanda. Þá geta nýir keppinautar komið inn á markaðinn sem myndi leiða til aukinnar samkeppni.

Útgefandi er lánastofnun, en lánastofnun getur fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki. Starfsleyfi útgefanda er sem lánafyrirtæki, en útgefandi starfar alfarið sem fjárfestingarbanki í samræmi við starfsleyfi sitt. Íslenskur fjárfestingarbankamarkaður er fremur lítil í samanburði við erlenda markaði. Þrátt fyrir það eru nokkrir innlendir aðilar sem taka virkan þátt í honum, s.s. á sviði markaðsviðskipta, eigin viðskipta, fyrirtækjaráðgjafar, einkabankaþjónustu og almennrar fjárfestingarbankaþjónustu. Samkeppni á fjárfestingarbankamarkaði getur haft neikvæð áhrif á afkomu og fjárhagsstöðu útgefanda. Viðskiptavinir keppast ávallt við það að fá bestu kjör sem bjóðast hverju sinni, hvort heldur sem er í formi lægri þóknana fyrir veitta þjónustu eða hærri ávöxtunarkröfu á útgefin skuldaskjöl.

2.2.3 Rekstrar- og lagaleg áhætta

Rekstraráhætta er áhættan á beinu eða óbeinu tapi eða tjóni af völdum starfsfólks, tækni, ófullnægjandi innri ferla eða ytri atburða. Áhættan í rekstrarumhverfi lýtur meðal annars að stækkun bankans og stýringu bankans, upplýsingaöryggi, stjórnunar- og starfsmannamálum, lagaumhverfi, innra eftirlits og fleira. Lagaleg áhætta er sú áhætta að stjórnvöld geri breytingar á núgildandi lögum eða reglugerðum sem hefðu neikvæð áhrif á útgefanda.

2.2.3.1 Áhætta tengd þróun og vexti útgefanda

Útgefandi gerir áætlanir með reglubundnum hætti, svo sem rekstraráætlanir og stefnur. Útgefandi tekur viðskiptalegar ákvarðanir sem oft á tíðum eru byggðar á áætlunum og spám sem gerðar hafa verið. Bankinn getur enga tryggingu veitt fyrir því að þær forsendur sem áætlanir byggja á verði að veruleika og óvæntir atburðir kunna að hafa áhrif á afkomu bankans á hverjum tíma, óháð því hvort þær forsendur sem liggja til grundvallar slíkum áætlunum standist að öðru leyti. Útgefandi stendur þannig frammi fyrir þeirri áhættu að honum takist ekki að fylgja yfirlýstum áætlunum og/eða stefnum til hlítar. Slíkt getur orsakast af ytri áhrifum, s.s. sveiflum í efnahagslífi, eða dræmri frammistöðu útgefanda. Eins og fjallað er um í köflunum *Markaðsáhætta* og *Áhætta tengd ytra umhverfi og efnahagsaðstæðum*, þá er

rekstur útgefanda mjög næmur fyrir sveiflum í efnahagslífinu. Mikil frávik frá fyrirfram gefnum forsendum, sem varða t.d. verðbólgu- og vaxtaþróun, geta þannig haft töluverð áhrif á útgefanda sem getur valdið því að illa takist að fylgja yfirlýstum og útgefnum áætlunum og stefnum.

Útgefandi er í stækkunarfasa og hefur undirgengist umfangsmiklar breytingar á síðustu tveimur árum. Þar ber hæst að útgefandi hlaut starfsleyfi sem lánafyrirtæki sumarið 2022 auk þess sem Vátryggingafélag Íslands keypti allt útistandandi hlutfé í útgefanda haustið 2023. Kaupin gengu í gegn 2. október 2023 og við það varð útgefandi dótturfélag VÍS (hér eftir „**samruninn**“ og Fossar og VÍS í sameiningu nefnd „**samstæðan**“). Sjá má nánari upplýsingar um samrunann í köflum 5.1.6 *Skipurit útgefanda og samstæðu* og 5.1.7 *Framtíðarskipulag samstæðu* í lýsingu þessari. Framtíðarskipulag samstæðunnar sem útgefandi varð hluti af við samrunann er enn í mótun en þar verður lögð áhersla á arðsaman vöxt, að auka og efla tekjustoðir, stjórnarhætti og samnýtingu rekstrarþátta. Horft er til þess að áhrif af sameiningu felist fyrst og fremst í tækifærum til vaxtar og sóknar frekar en kostnaðarhagræðingu. Enn er stutt frá samrunanum og því er enn yfirstandandi vinna við samþættingu og nýtingu tækifæra til vaxtar. Ekki er öruggt að ávinningur samrunans raungerist í fullu samræmi við áætlanir og yfirlýst markmið. Nauðsynlegt er að samstæðan skilji og stýri viðskiptalegum ákvörðunum með réttum hætti til að ná fram sterkum grunni og ávinningi hluthöfum til hagsbóta. Ef stefna samstæðunnar í samþættingu eftir samrunann reynist röng eða er ekki fylgt eftir með skilvirkum hætti er hættu á að rekstur útgefanda bíði skaða af. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á rekstur bankans og orðspor.

Þá kunna líkur á hagsmunaárekstrum, bæði í reynd og ásýnd, að aukast samhliða auknum umsvifum í rekstri útgefanda og eftir því sem samstæðan sem bankinn tilheyrir stækkar. Af því leiðir að útgefandi þarf að gera auknar ráðstafanir til að greina og meðhöndla mögulega hagsmunaárekstra. Orðspor útgefanda gæti orðið fyrir skaða ef hagaðilar, á borð við viðskiptavinum eða kröfuhafa, telja að útgefandi eigi erfitt með að greina, meðhöndla og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með fullnægjandi hætti. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á útgefanda.

2.2.3.2 *Áhætta tengd upplýsingaöryggi og tölvukerfum*

Bilanir í upplýsingakerfum, tölvubúnaði og tengingum, ásamt tölvuvírusum og árásum tölvuþrjóta geta haft víðtæk áhrif á starfsemi og rekstur útgefanda. Megnið af rekstri útgefanda treystir alfarið á upplýsingar og vinnslu þeirra auk virkni hinna ýmsu kerfa, s.s. kerfa til miðlunar og uppgjör viðskipta með fjármálagerninga, kerfi vegna vörsluþjónustu, samskiptakerfi, bókhaldskerfi, skjalavistunarkerfi og fleira. Þess vegna geta öll frávik frá skilvirkri eða öruggri notkun kerfa, samskiptamáta, rafrænna gagna og upplýsinga haft alvarleg áhrif á starfsemi og rekstur útgefanda. Þessi frávik geta verið af margs konar ástæðum, s.s. vegna tilviljunar, netglæpa, villna, gáleysis, truflunar, mistaka eða úreltra kerfa. Netglæpir hafa aukist ört á heimsvísu, þar sem ýmsum leiðum er beitt til að komast yfir fjármuni eða skaða fyrirtæki og viðskiptavinum þeirra með öðrum hætti. Útgefandi gæti orðið fyrir netárásam þar sem reynt er að komast yfir gögn viðskiptavina, ýmist til að skaða bankann eða krefjast „lausnargjalds“ fyrir gögnin. Til að tryggja netöryggi hefur bankinn m.a. komið á viðeigandi vöktun upplýsingakerfa og ferlum fyrir viðbrögðum við atvikum, og tryggð er verndun upplýsinga í netum og verndun innviða sem þau styðjast við. Bankinn hefur sett sér viðbúnaðarumgjörð vegna mikilvægra upplýsingakerfa, þ.m.t. áætlun um samfelldan rekstur, en henni er ætlað að draga úr áhrifum áfalla á rekstur bankans og tryggja öryggi rekstrarumhverfis og rekstrarsamfelli.

Útgefandi útvistar samkvæmt samningi rekstri upplýsingateknikerfa til móðurfélags síns, Vátryggingafélags Íslands hf. Útvistun þeirrar þjónustu telst til útvistunar á mikilvægu verkefni skv. leiðbeinandi tilmælum FME nr. 6/2014 og viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar („EBA“) um fyrirkomulag útvistunar, EBA/GL/2019/02. Hjá útgefanda er starfandi forstöðumaður upplýsingatekni, en hann ber m.a. ábyrgð á eftirliti með þeim verkefnum sem er útvistað samkvæmt útvistunarsamningnum. Þrátt fyrir að leitast sé við að lágmarka áhættu upplýsingakerfa er ekki hægt að útiloka að upp komi aðstæður sem valdi útgefanda tjóni. Útvistunin er í samræmi við stefnu um rekstraráhættu og stefnu um útvistun, auk þess sem mat á öryggisráðstöfunum vegna útvistunarinnar var framkvæmt. Nánar er fjallað um útvistunaráhættu undir kaflanum 2.2.3.5 *Mótaðila- og útvistunaráhætta*.

Vegna eðlis útgefanda sem lánaþyrirtæki sem veitir fjárfestingarþjónustu er örugg meðhöndlun persónuupplýsinga um viðskiptavini mikilvægur liður í daglegri starfsemi útgefanda. Útgefandi lýtur kröfum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, meðal annars samkvæmt ákvæðum laga um bankaleynd. Útgefandi lýtur lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki („**lög um fjármálafyrirtæki**“), en samkvæmt 58. gr. þeirra eru stjórnarmenn, framkvæmdastjórnar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Óheimilt er að miðla slíkum upplýsingum nema skylt sé samkvæmt lögum eða að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á. Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi. Í því skyni að tryggja öryggi trúnaðarupplýsinga og tryggja hlífni við ákvæði laga um bankaleynd, hefur útgefandi innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir, svo sem með innri reglum, ferlum og ákvæðum um trúnaðarskyldu í samningum við þriðju aðila sem taka að sér verk í þágu útgefanda, s.s. með útvistun. Þá er öllum gögnum og upplýsingakerfum (s.s. fjárhags-, vörslu-, viðskipta- og samskiptakerfum) aðgangsstýrt með viðeigandi hætti til að tryggja gagnaöryggi, þar sem aðgangur skal einungis veittur þeim er þurfa á slíkum aðgangi að halda vinnu sinnar vegna. Aðgangsstýringar eru yfirfærðar reglulega til samræmis við lög. Þá hefur bankinn sett sér verklagsreglur um öryggismál, þar með talið stjórnun, skipulag, tölvupósta, netnotkun, fræðslu og þjálfun. Þá eru raunlægar aðgangsstýringar í húsnæði bankans og á starfssvæðum þess. Útgefandi fylgir lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“), og hefur meðal annars sett sér persónuverndarstefnu og verklagsreglur. Stefnan tiltekur þær upplýsingar sem útgefanda er heimilt að vinna, tilgang vinnslu, öryggi, lagagrundvöll, varðveislutíma persónuupplýsinga og fleira. Brot gegn persónuverndarlögum geta varðað sektum eða, í alvarlegri tilvikum, refsíábyrgð.

Þrátt fyrir þær ráðstafanir sem útgefandi hefur gripið til í því skyni að tryggja upplýsingaöryggi er ekki fullvissa fyrir því að öryggisráðstafanir útgefanda komi að fullu í veg fyrir óheimila notkun eða birtingu trúnaðarupplýsinga. Ef netöryggisbrot, mannleg mistök eða aðrar orsakir myndu valda ólögmati birtingu trúnaðarupplýsinga, rofi á bankaleynd eða broti gegn persónuverndarlögum gæti það leitt til verulegs skaða á orðspori auk kostnaðar, sekta, lögsókna og/eða aðgerða eftirlitsaðila gegn útgefanda. Slíkt gæti haft verulega neikvæð áhrif á rekstur, starfsemi og fjárhag útgefanda.

2.2.3.3 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Stjórnunar- og starfsmannaáhætta (e. key-man risk) er sú áhætta sem felst í að stjórnun, skipulag og þekking innan bankans hvílir ýmist á einstökum starfsmönnum eða þekking innan bankans á einstökum sviðum reynist óviðunandi. Mannauður útgefanda er eitt af hans helstu verðmætum, en hjá Fossum starfa sérfræðingar með mikla reynslu af innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Starfsemi útgefanda er að miklu leyti háð hæfileikum og framlagi hæfs starfsfólks. Mikilvægur þáttur í áframhaldandi þróun útgefanda er að halda góðu starfsfólki og tryggja þjálfun og endurmenntun þess eins og við á. Útgefandi kappkostar að leggja upp úr góðum starfsskilyrðum og samkeppnishæfum launum innan bankans. Vegna þeirrar áhættu að þekking og viðskiptasambönd geti verið einskorðuð við einstaka starfsmenn þá eru deildir skipaðar á þá vegu að ávallt hafi fleiri en einn starfsmaður aðkomu og þekkingu á hverju verkviði fyrir sig til takmörkunar áhættunnar. Utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á getu bankans til þess, svo sem samkeppni frá öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði og regluverk varðandi kjör starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Brotthvarf starfsmanna sem sinna verkefnum útgefanda getur haft áhrif á daglegan rekstur hans, þar sem þekking og viðskiptasambönd geta hvílt í ríkum mæli á einstaka starfsmönnum þrátt fyrir þær mótvægisáðgerðir sem vikið hefur verið að. Sömuleiðis er áhætta falin í því ef útgefanda takist ekki að laða til sín og/eða halda í hæft, vel menntað og áhugasamt starfsfólk, þar sem það gæti haft neikvæð áhrif á rekstur og þjónustu bankans.

2.2.3.4 Orðsporsáhætta

Útgefandi reiðir sig á sterkt orðspor sitt til að stofna til nýrra viðskiptasambanda og viðhalda þeim, og til að sinna starfsemi sinni almennt. Orðsporsáhætta er hættan á skaða sem getur hlotist ef orðspor útgefanda laskast í huga viðskiptavina, fjárfesta, kröfuhafa, almennings, eftirlitsaðila eða annarra aðila. Þá er hættan sú að útgefandi verði fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna neikvæðrar

umfjöllunar um viðskiptahætti hans eða starfsemi. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef bankanum verða á mistök í rekstri eða ef bankinn eða tengdur aðili hans er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Laskað orðspor getur haft margvísleg áhrif á rekstur bankans, s.s. getur dregið úr eftirspurn eftir þjónustu bankans eða erfiðara getur reynst fyrir bankann að fjármagna sig. Ef orðspor eða trúverðugleiki bankans bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika hans til vaxtar og haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur bankans.

2.2.3.5 Mótaðila- og útvistunaráhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á að útgefandi verði fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þess að kröfuhafi, leigusali, birgi, viðskiptavinur eða annar mótaðili, einn eða fleiri, uppfylli ekki samningsbundnar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta er áhætta á öllum tekjuberandi sviðum bankans, og getur t.d. falist í uppgjörsáhættu, þ.e. að uppgjör fari ekki fram með réttum hætti þar sem mótaðili viðskipta afhendir ekki greiðslu á réttum tíma. Útgefandi er bæði með samninga um útvistun við birgja sem og aðra þjónustu- og verksamninga, sem ekki teljast fela í sér útvistun. Útvistunaráhætta er nátengd mótaðilaáhættu, en það er sú áhætta sem er tengd minni yfirsýn og almennri stjórn í tengslum við útvistun verkefna útgefanda til þriðja aðila eða því að útvistuð þjónusta muni ekki vera í samræmi við gerða útvistunarsamninga.

Útgefandi útvistar rekstri tölvukerfa, upplýsingaöryggisstjórn, bókhaldi, bakvinnslu sem meðal annars felur í sér vörsluþjónustu, umsýslu og uppgjör fjármálagerninga og umsjón með verðbréfakerfi, innri endurskoðun og launavinnslu. Gerðir hafa verið ítarlegir útvistunarsamningar við útvistunaraðila í samræmi við útvistunarstefnu útgefanda. Útvistunarstefnan byggir meðal annars á lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, viðmiðunarreglum EBA um fyrirkomulag útvistunar (EBA/GL/2019/02) og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Stefnunni er ætlað að tryggja að útvistun verkefna sé unnin af fagmennsku og af þar til bærum aðilum svo að rekstraráhætta útgefanda aukist ekki, komi ekki í veg fyrir góða stjórnarhætti, skaði ekki orðspor útgefanda né komi niður á hagsmunum viðskiptavina. Þá er stefnunni ætlað að tryggja að útgefandi hafi næga yfirsýn og stjórn á útvistuðum verkefnum og að útvistun torveldi hvorki innra eftirliti né eftirliti Fjármálaeftirlitsins með útgefanda. Forstjóri tekur ákvörðun um útvistun verkefna og ber ábyrgð á útvistunarfyrirkomulagi Fossa, en útvistun mikilvægra verkefna krefst samþykkis stjórnar. Í því felst m.a. að tryggja að útgefandi fullnægi skyldum sínum sem eftirlitsskyldur aðili, greina og meðhöndla hagsmunaaðreksstra, dagleg umsjón útvistunarverkefna o.fl. Forstjóri getur úthýst verkefnum tengdri útvistun til annarra starfsmanna útgefanda ef við á. Áður en verkefnum er útvistað skal áhættustýring meta möguleg áhrif útvistunarinnar á rekstraráhættu auk þess sem upplýsa skal Fjármálaeftirlitið fyrirfram um útvistun verkefna. Að auki skal meta hvort fyrirhuguð útvistun feli í sér útvistun á mikilvægum rekstrarþætti, en við slíka útvistun skal gæta sérstakrar varkárni. Fossar bera fulla ábyrgð á útvistaðri þjónustu og verkefnum.

Útgefandi hefur einnig gert ýmsa þjónustu- og verksamninga sem fela ekki í sér útvistun á þáttum í rekstri útgefanda, þ.e. fela ekki í sér verkefni eða þjónustu sem almennt falla innan verksviðs Fossa. Slíkir samningar geta meðal annars varðað notkun ýmissa tæknilausna, ráðgjöf o.fl. Þar undir falla til að mynda samningar um notkun ýmissa mikilvægra kerfa sem rekin eru af þjónustuaðila.

Útgefandi er háður því að hann geti keypt þjónustu af birgjum sínum á sanngjörnum kjörum, hvort sem um ræðir útvistun eða ekki. Ekki er hægt að útiloka að útgefandi verði fyrir einhvers konar tjóni vegna útvistunar ofangreindra verkefna til þriðja aðila eða þjónustu- og verksamninga við birgja, en slíkt tjón gæti haft neikvæð áhrif á afkomu og fjárhagsstöðu bankans.

2.2.3.6 Málaferli og ágreiningsmál

Útgefandi kann að vera aðili að ágreiningsmálum vegna markaðarins sem hann starfar á. Ágreiningsmál geta bæði verið höfðuð á hendur útgefanda eða stofnað til þeirra af hálfu hans. Ágreiningsmál gætu verið af ýmsum toga og gætu varðað samkeppnisáðila útgefanda, viðskiptavini hans, fjárfesta, starfsfólk, birgja, opinberar stofnanir, eftirlitsaðila eða aðra hagaðila.

Útgefanda gæti þannig verið stefnt fyrir dómstóla eða mál hafið á hendur honum fyrir gerðardómi eða á stjórnarsýslustigi og kröfur gerðar á hendur bankanum vegna reksturs hans. Ef til þess kæmi að slíkur málarekstur væri hafinn gegn útgefanda og kröfur gerðar á hendur honum gæti því fylgt aukin orðsporsáhætta og fjárhagslegar skuldbindingar fyrir bankann, sem gæti haft í för með sér neikvæð áhrif á starfsemi þess. Sömuleiðis gæti það leitt til þess að útgefanda verði gert að greiða bætur, sektir eða annan kostnað, eða þá að lyktir mála gætu falið í sér takmarkanir á starfsemi útgefanda. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á starfsemi, rekstur og fjárhagsstöðu bankans.

Útgefandi er ekki aðili að neinum stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum, né hefur verið það síðastliðna tólf mánuði, sem kunna að hafa eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda eða arðsemi hans eða samstæðu hans. Þá er útgefanda ekki kunnugt um að ný slík mál séu til meðferðar eða yfirvofandi. Þó er óvissa um niðurstöður tiltekinna athugana sem ekki er formlega lokið hjá eftirlitsaðila Fossa, Fjármálaeftirlitinu, en það er mat stjórnenda að niðurstaða þeirra muni ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda eða arðsemi hans eða samstæðu hans. Yfirlýsing þessi miðast við þær upplýsingar sem liggja fyrir við birtingu grunnlýsingar þessarar.

Hér að neðan er vikið að yfirstandandi vettvangsathugunum og upplýsingaathugunum á stjórnarsýslustigi, en með yfirstandandi málum er átt við að ekki hefur tilkynnt um niðurstöður í athugunum opinberlega, skv. 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ekki er um ágreiningsmál að ræða, heldur reglubundið eftirlit Fjármálaeftirlitsins, en vettvangsathugunum getur verið lokið með sektarákvörðun eða eftir atvikum sátt ef annmarkarnir eru metnir sem svo að slíkt sé viðeigandi. Þá getur Fjármálaeftirlitið gert úrbótakröfur. Vettvangsathuganir og upplýsingabeidnir eru reglulegur liður í starfsemi eftirlitsskyldra aðila á borð við lánafyrirtæki, en að mati útgefanda er óvissa um niðurstöður málanna.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun hjá útgefanda þar sem könnuð var fylgni við tiltekin ákvæði laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem hófst í maí 2023. Útgefandi hefur fengið afhenta lokaskýrslu, en hún benti á tiltekna annmarka hjá útgefanda. Þar sem annmarkar voru í endanlegri skýrslu vettvangsathugunarinnar verður skýrslan tekin til frekari skoðunar hjá öðrum deildum fjármálaeftirlitsins. Á grundvelli þeirra annmarka sem tilteknir voru í skýrslunni getur Fjármálaeftirlitið eftir atvikum tekið bindandi ákvörðun gagnvart útgefanda, sett fram úrbótakröfur og, ef við á, tilkynnt útgefanda um ákvörðunina með formlegum hætti, sbr. 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sú ákvörðun hefur ekki verið tekin. Sjá nánari umfjöllun um varnir bankans vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í kaflanum 2.2.3.11 *Peningaþvættisáhætta*.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun hjá útgefanda undir lok árs 2023 þar sem kannað var hvernig bankinn stendur að mati á mótaðilaáhættu í eiginfjárskýrslu (COREP), m.t.t. ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 (CRR) um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki. Skýrsludrög hafa ekki verið afhent og frumniðurstöður því ekki tækar.

Þá er fyrirhugað að Fjármálaeftirlitið framkvæmi vettvangsathugun hjá útgefanda á afmörkuðum þáttum laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum en sú athugun er ekki hafin.

Til viðbótar við framangreindar vettvangsathuganir hefur útgefandi svarað fyrirspurnum Fjármálaeftirlitsins um hlutverk og starfshætti útgefanda sem söluráðgjafa í útboði á 22,5% hlut í Íslandsbanka hf. þann 22. mars 2022. Fjármálaeftirlitið hefur ekki veitt frummat á því hvort eða hvernig það telji útgefanda hafa brotið gegn lögum nr. 115/2021. Óljóst er hver niðurstaða þess máls verður.

Að lokum má víkja að því að árið 2020 höfðaði útgefandi dómssmál til ógildingar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá 10. júní 2020 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að bankinn hefði gerst brotlegur við 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016 um kaupaukakerfi. Með dómi héraðsdóms þann 12. október 2021 var Fjármálaeftirlitið sýknað af kröfum Fossa. Fossar áfrýjuðu málinu til Landsréttar, sem kvað upp dóm þann 17. febrúar 2023 og staðfesti dóm héraðsdóms. Málinu var ekki áfrýjað.

2.2.3.7 Lagaleg áhætta og hlítingaráhætta

Starfsemi Fossa er starfsleyfisskyld og lýtur bankinn eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fossar eru fjárfestingarbanki með starfsleyfi sem lánafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið viðhefur reglubundið eftirlit með því hvort starfsemi útgefanda sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið er í því skyni heimilt að gera vettvangskannanir eða óskað eftir hverjum þeim upplýsingum eða gögnum í vörslu útgefanda sem varðar starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.

Á fjármáلامarkaði gildir víðfeðmt og flókið regluverk sem leggur skyldur á útgefanda sem fjármálastofnun, sem og aðrar lánastofnanir og eftirlitsskylda aðila. Regluverkið er að mestu runnið úr rifjum Evrópusambandsins og tekið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið („**EES-samningurinn**“) en Ísland fullgilti EES-samninginn með setningu laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Lagalegt umhverfi útgefanda hefur breyst umtalsvert á síðustu árum og fyrirhugað er að það breytist enn frekar á næstu árum. Breytingar á regluverki verða jafnan með stuttum fyrirvara til innleiðingar og samráðs. Þá koma jafnan fram nýjar túlkningar á einstökum atriðum regluverksins, hvort sem er hjá dómstólum eða eftirlitsaðilum, og fyrirséð er að túlkun regluverksins muni þróast enn frekar í náinni framtíð. Hlítingar- og lagaleg áhætta sem útgefandi stendur frammi fyrir stafar ekki eingöngu af lögum og reglum sem gilda um fjármálafyrirtæki á Íslandi, heldur einnig af lögum með víðtækara gildissvið, s.s. skattalögum og lögum sem snúa að persónuvernd, og vegna atvika sem varða getu íslenskra yfirvalda til að samþykkja, innleiða og hafa eftirlit með íslenskum eftirlitsskyldum aðilum, þar með talið útgefanda.

Breytingar á lagalegu umhverfi útgefanda gætu haft neikvæð áhrif í för með sér á starfsemi útgefanda. Gæti útgefandi þá þurft að gera breytingar á starfseminni með ráðstöfunum, sem eftir atvikum gætu dregið úr arðsemi eða haft neikvæð áhrif á virði eigna og skulda. Ekki er hægt að veita vissu fyrir því að íslensk stjórnvöld innleiði ekki ný lög, reglugerðir eða reglur sem haft gætu neikvæð áhrif á starfsemi útgefanda, fjárhagsstöðu eða afkomu. Umtalsverðri vinnu og kostnaði er veitt af útgefanda í eftirlit með breytingum á regluverki og innleiðingu slíkra breytinga. Stöðug breyting regluverks skapar áhættu á hlítniskorti útgefanda, sem gæti haft neikvæð áhrif á starfsemi, fjárhagsstöðu og afkomu útgefanda.

Þau lög sem að auki gilda um starfsemi útgefanda eru meðal annars lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lög nr. 2/1995 um hlutafélög, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þær kröfur sem útgefandi er undir ná meðal annars til eiginfjár- og lausafjárstöðu, eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta, fjárfestaverndar, starfsheimilda, reikningshalds, verndar og vinnslu persónuupplýsinga, fjárfestavernd, markaðssetningu, háttsemi, skráningu gagna, aðgerðum gegn hagsmunaaðrekstrum og varna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka auk fjölda annarra þátta. Eftirlitsstofnanir hafa víðtækar eftirlitsheimildir yfir fjölbreyttum þáttum sem varða starfsemi útgefanda. Ef í ljós kemur að starfsemi útgefanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á rekstur útgefanda, til að mynda vegna orðsporshnekkja, úrbótakrafna eftirlitsaðila, sektarákvarðana eftirlitsaðila eða annarra viðurlaga eða þá vegna þess að viðskiptavinir eða aðrir hagaðilar höfði dómsmál á hendur bankanum, vegna þess að þeir telji hagsmunum sína hafa orðið fyrir tjóni eða af öðrum ástæðum.

2.2.3.8 Áhætta tengd sviksamlegri háttsemi og brestum í reglufylgni og innra eftirliti

Stjórn útgefanda ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá bankanum. Innra eftirlit Fossa er skipulagt út frá þremur varnarlínunum, með það að markmiði að tryggja skilvirkni og samræmingu ábyrgðar innan bankans. Til að meta, mæla og stýra áhættutöku útgefanda og tryggja hlítni útgefanda við þau lög og reglur sem gilda um útgefanda styðst bankinn við ýmsar stefnur og aðrar innri reglur. Þar sem slíkar innri reglur byggja meðal annars á fyrri reynslu og mati á mögulegum framtíðarsviðsmyndum geta þau reynst ófullnægjandi vegna ófyrirséðra atburða í framtíðinni. Auk þess

geta líkön og ákvarðanir stjórnenda verið byggðar á röngum eða úreltum upplýsingum og þannig haft neikvæð áhrif á rekstur og fjárhagslega stöðu útgefanda. Þá geta aðferðir innri eftirlitseininga, þ.e. áhættustýringar eða regluvörslu, brugðist undir tilteknum kringumstæðum, t.d. þegar misbrestir eða áhættur eru ekki réttilega greindar eða meðhöndlaðar. Slíkt útsetur bankann fyrir aukinni áhættu, sem leitt gæti til neikvæðra áhrifa á útgefanda.

Bankinn er með skilgreinda verkferla sem stjórnendum og starfsfólki er kunnugt um og ber að fylgja. Þótt bankinn telji að starfsfólk hans sinni starfi sínu af ábyrgð, heiðarleika og fagmennsku er starfsemi bankans umfangsmikil. Það leiðir til þess að til staðar er áhættan á því að skipulagi, verkferlum og starfsreglum sé ekki fylgt og að starfsfólk brjóti af sér í starfi með sviksamlegum hætti, ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Slíkt gæti haft áhrif á afkomu bankans og orðspor.

2.2.3.9 *Sjálfbærniáhætta*

Áhættu tengda sjálfbærni, eða sjálfbærniáhættu, má skilgreina sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á útgefanda. Áhætta útgefanda á sviði sjálfbærni er að mestu tengd nýjum lögum og reglugerðum og breyttum viðhorfum fjárfesta. Ef lögð eru fram ný frumvörp og reglugerðir, og útgefanda er ekki kleift að bregðast við, getur það verið kostnaðarsamt fyrir útgefanda. Sama gildir ef lagabreytingar fela í sér ríka innleiðingarvinnu.

Í því samhengi má nefna að á árinu 2023 voru samþykkt lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lög lögfestu m.a. reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („**SFDR reglugerð**“) og reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu („**Taxonomy reglugerð**“). Lög nr. 25/2023 lögfestu auk þess tilteknar breytingar á lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga um sjálfbærniþætti, sjálfbærniáhættu, sjálfbærnióskir fjárfesta og fleiri atriði. Fossar hafa unnið að innleiðingu lagabreytinganna og er sú vinna enn yfirstandandi. Nánari upplýsingar um áhættu vegna lagabreytinga má finna í kafla 2.2.3.7 *Lagaleg áhætta og hlítningaráhætta*.

Helsta áhættan á sviði sjálfbærni liggur í því að útgefandi horfi ekki í fullnægjandi mæli til umhverfisþátta, félagslegra þátta eða stjórnarháttanna í ákvörðunartöku, hvort sem er í rekstri eða starfsemi. Þá getur falist áhætta í því að sjálfbærniáhætta sé ekki nægilega vel greind eða meðhöndluð. Í slíku mati felast margir þættir, en einn liður í því er fullnægjandi innleiðing framangreindra laga. Fullnægjandi innleiðing laga nr. 25/2023 er stór þáttur í takmörkun þeirrar áhættu en sú vinna er yfirstandandi og í þróun hjá útgefanda. Sér í lagi eftir því sem frekari sjálfbærniupplýsingar frá útgefendum fjármálagerninga verða aðgengilegar á fjármálamarkaði. Framangreindar áhættur tengdar sjálfbærni gætu haft neikvæð áhrif á útgefanda, m.a. orðspor og rekstur.

Til að takmarka sjálfbærniáhættu, bæði í rekstri og starfsemi, vinnur útgefandi markvisst að sjálfbærni og ábyrgum rekstri, líkt og lýst er í kafla 5.2.6 *Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni*.

2.2.3.10 *Áhætta tengd fasteignum og framtíðarhúsnæði*

Höfuðstöðvar Fossa eru að Ármúla 3, 108 Reykjavík, Íslandi. Fasteignin hýsir jafnframt höfuðstöðvar Vátryggingafélags Íslands, móðurfélags útgefanda, og deilir samstæðan matsal og sameiginlegum rýmum. Fossar leigja þriðju hæð húsnæðisins, en hún er aflokuð og aðgangsstýrð. Fasteignin að Ármúla 3 er í eigu Eikar fasteignafélags hf., en hún er framleigð af Vátryggingafélagi Íslands. Engar meiriháttar kvaðir eru á húsnæðisleigusamningi útgefanda. Leigusamningur VÍS er tímabundinn en áhætta gæti falist í því ef vilji væri til framlengingar hans og hún fengist ekki. Höfuðstöðvar Fossa voru fluttar að Ármúla 3 í byrjun árs 2024, en áður var starfsemi útgefanda skráð að Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík, Íslandi. Útgefandi starfrækti starfsemi að Fríkirkjuvegi og að auki að Skálholtsstíg 7. Útgefandi heldur enn leigusamningi að Fríkirkjuvegi 3, ætlað fundum og móttökum, en allar starfsstöðvar útgefanda eru hýstar í Ármúla. Uppsagnarfrestur leigusamnings vegna húsnæðis að Skálholtsstíg 7 er ekki liðinn, en hann rennur sitt skeið um mitt ár 2024. Áhætta er fölginn í því að samstæða útgefanda geti ekki tryggt sér hentugt húsnæði til framtíðar undir starfsemi sína á sanngjörnum kjörum. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á starfsemi útgefanda.

2.2.3.11 Peningaþvættisáhætta

Útgefandi lýtur lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („peningaþvættisvarnalög“) og tengdum lögum og réttarheimildum, s.s. lög nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Hlítni við peningaþvættisvarnir getur lagt verulega fjárhagslega byrði á fjármálastofnanir og krefst gríðarlegrar tæknilegrar getu og eftirlits. Útgefandi getur ekki sagt fyrir um eðli, umfang eða áhrif þeirra krafna sem regluverk mun í framtíðinni gera til fjármálastofnana, eða á hvaða veg túlkun og beiting regluverksins kann að þróast. Peningaþvættisvarnir útgefanda hafa verið þróaðar ítarlega af bankanum og hefur útgefandi undirgengist umfangsmikla vinnu við gerð áhættumats, stefna, verklagsreglna og ferla til að mæta kröfum regluverksins og koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Bankinn telur sig uppfylla kröfur peningaþvættisvarnalaga í öllum meginráttum. Varnir bankans eru í sífelldri skoðun og endurskoðaðar reglulega af ábyrgðarmanni bankans með peningaþvættisvörnum, stjórn og framkvæmdastjórn. Þrátt fyrir aðgerðir útgefanda í málaflokknum er ekki hægt að veita fullvissu fyrir því að útgefandi telji að núverandi stefnur og verklagsreglur nægi til að koma í veg fyrir peningaþvætti innan bankans. Peningaþvætti innan bankans gæti haft alvarlegar afleiðingar, þar á meðal möguleika á viðurlögum og orðsporsáhrifum, sem gætu haft verulega neikvæð áhrif á starfsemi og viðskipti útgefanda. Í októbermánuði 2019 tók alþjóðlegur fjármálaaðgerðahópur ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („FATF“) þá ákvörðun að setja Ísland á lista sinn yfir ríki með ófullnægjandi varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eða hinn svokallaða „gráa lista“. Ári síðar var Íslands fjarlægð af gráa lista FATF, þar sem niðurstaða FATF var sú að Ísland hefði styrkt varnir sínar í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og að lokið hefði verið með fullnægjandi hætti við þær aðgerðir sem Íslandi var gert að gripa til í því skyni að komast af umræddum lista. Ekki er hægt að veita fullvissu fyrir því að Ísland fari aftur á umræddan lista, sem gæti haft neikvæð áhrif á útgefanda, sér í lagi í alþjóðlegum viðskiptum.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun hjá útgefanda á fylgni við tiltekin ákvæði peningaþvættisvarnalaga á árinu 2023 sem enn er ólokið, en nánar er fjallað um athugunina í kaflanum 2.2.3.62.2.3.6 Málferli og ágreiningsmál.

2.2.3.12 Áhætta vegna vátrygginga

Útgefandi tryggir sig gegn ákveðnum áhættum í rekstri, en útgefandi kaupir lausafjártryggingu, slysatryggingu launþega, ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar og starfsábyrgðartryggingu fyrir viðeigandi starfsmenn. Þrátt fyrir þetta er mögulegt að útgefandi verði fyrir tjóni sem tryggingar ná ekki yfir, en komi slíkt til myndi það hafa áhrif á fjárhagslega stöðu útgefanda sem og framtíðartekjur. Ekki er hægt að ábyrgjast að vátryggingar útgefanda veiti fullkomna eða næga vernd gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun hans er að tryggja sig fyrir, og getur útgefandi því þurft að bera hluta eða allan kostnað vegna tjóns. Þættir sem hafa áhrif á tryggingabótgreiðslur eru m.a. sjálfsábyrgð vátryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Þurfi útgefandi að bera kostnað vegna tjóns hefur það bein áhrif á afkomu útgefanda.

2.2.3.13 Vörumerki og hugverkaréttindi

Vörumerki Fossa er eign útgefanda, en myndmerki og orðmerki útgefanda er skráð hjá Hugverkastofu og skráning orðmerkis útgefanda er í meðferð. Hugverk eru oft talin vera verðmætustu eignir fyrirtækja og þeirra helstu viðskiptataeki. Það gæti því haft áhrif á rekstur útgefanda ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á mikilvæg hugverkaréttindi, til dæmis vegna mistaka við skráningu eða eldri réttar annars aðila. Áhrifin á rekstur útgefanda gætu til dæmis falist í því að nauðsynlegt væri að fjárfesta í nýju vörumerki.

2.2.3.14 Áhætta vegna EES-samningsins

Vegna þátttöku Íslands í EES-samningnum, sem líkt og fyrr greinir var fullgiltur með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, er Íslandi skylt að innleiða í landslög þær ESB-gerðir sem falla innan gildissviðs EES-samningsins og hafa verið teknar upp í samninginn, þar með talið löggjöf um fjármálamarkaði og fjármálafyrirtæki. Áhætta fyrir útgefanda stafar af því að Ísland innleiði ekki EES-

gerðir, þ.e. tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, í íslensk lög með viðeigandi hætti eða á viðeigandi tíma. Ef langan tíma tekur að taka slíka löggjöf ESB upp í EES-samninginn eða ef miklar tafir verða á innleiðingu EES-reglna í íslenska löggjöf er afleiðingin sú að ekki er hægt að ganga að því sem vísu að sömu reglur gildi á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Slíkt grefur undan meginmarkmiði EES-samningsins um að skapa einsleitt Evrópskt efnahagssvæði og skekkir samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, þar með talið útgefanda þar sem þá skapast tímabundið misræmi í regluverki útgefanda og sambærilegra aðila á EES-svæðinu. Sömuleiðis getur það haft neikvæð áhrif á útgefanda ef slíkrar gerðir eru innleiddar með þrengri eða meira íþyngjandi hætti inn í íslensk lög, vegna sömu ástæðu.

3 SKILMÁLAR SKULDASKJALANNA

Skilmálar skuldaskjalanna (einnig „**skilmálarnir**“) eru tilgreindir hér að neðan og eru fullkláraðir með viðeigandi endanlegum skilmálum. Skilmálarnir innihalda valmöguleika sem er lýst með skálettruðum texta í vinstri dálki eða innan hornklofa en upplýsingar, sem ekki eru þekktar á dagsetningu grunnlýsingarinnar, eru jafnframt innan hornklofa. Í viðeigandi endanlegum skilmálum tilgreinir útgefandi hvaða valmöguleikar eiga við um hverja útgáfu með því að fylla inn þær upplýsingar sem ekki voru þekktar við dagsetningu grunnlýsingarinnar, þ.e. þær upplýsingar sem skilgreindar eru sem B og C upplýsingar í samræmi við 26. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 sem innleidd var með reglugerð 274/2020, um innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðeigandi endanlegir skilmálar hverrar útgáfu eru fullskilgreindir í endanlegum skilmálum sem eru birtir á vefsíðu útgefanda <https://fossar.is/fjarfestar/> fyrir útgáfu skuldaskjalanna. Í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna sem gefnir verða út undir útgáfurammanum er vísað í skilmála og er þá um að ræða tilvísanir í þá skilmála sem koma hér á eftir.

	1. Útgefandi
Grein 1 Á við í öllum tilfellum:	Útgefandi, greiðandi og upphaflegur framseljandi skuldaskjalanna er Fossar fjárfestingarbanki hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Íslandi, sími + 354 522 4000, www.fossar.is . ³

	2. Nafnverðseiningar, heildarheimild, gjaldmiðill og fleira
Grein 2.1 Á við í öllum tilfellum:	Skuldaskjölin eru gefin út í þeim gjaldmiðli sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum sem útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna. Skuldaskjölin eru gefin út í nafnverðseiningum sem eru að lágmarki jafngildi EUR 100.000, eða þeirri fjárhæð sem undanþegin er gerð lýsingar vegna almennra útboða skv. ákvæðum laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020, sbr. c.-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Nafnverðseiningar koma fram í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna. Þar er einnig tilgreint nafnverð áður útgefinnar skuldaskjalanna, hvort þau hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði og þá á hvaða markaði, heildarheimild til útgáfu skuldaskjalanna í sama flokki ásamt nafnverðseiningum skuldaskjalanna. Ákvæði skuldaskjalanna sem vísa til verðbréfa eða viðkomandi skuldaskjalaflokks og eigenda þeirra skulu taka til allra verðbréfa í viðkomandi flokki verðbréfa sem eru útistandandi á hverjum tíma og í eigu annarra en útgefanda eða aðila innan samstæðu útgefanda.
Grein 2.2: Ef skuldaskjölin er víxlar á eftirfarandi við:	Rafrænir skilmálar víxlanna skulu teljast innihalda orðið „víxill“ í meginmáli skilmálanna. Útgefandi, greiðandi, samþykkjandi og upphaflegur framseljandi víxlanna er Fossar fjárfestingarbanki hf., kt. 660907-0250.

³ Upplýsingar á vefsíðu útgefanda eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.

	<p>Víxill útgefinn í samræmi við skilmála þessa felur í sér þá skyldu að á gjalddaga víxilsins skuli greiðandi (samþykkjandi) víxilsins greiða rafrænt skráðum handhafa víxilsins þá fjárhæð sem víxillinn kveður á um (víxilfjárhæðina).</p> <p>Útgáfustaður víxlanna er á skrásettu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík.</p> <p>Útgáfudagur hvers víxils er sá dagur sem skilgreindur er sem útgáfudagur í endanlegum skilmálum við rafræna útgáfu hans.</p> <p>Greiðslustaður víxlanna er á skrásettu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík.</p> <p>Gjalddagi víxilsins er sá dagur sem tilgreindur er sem gjalddagi í endanlegum skilmálum víxilsins við rafræna útgáfu hans.</p> <p>Rafræn útgáfa víxlanna með þeim hætti sem lýst er í skilmálum þessum skal fela í sér ígildi undirskriftar útgefanda (sem útgefanda, greiðanda og samþykkjanda) undir víxlana.</p>
--	--

	<p>3. Útgáfuform</p>
<p>Grein 3 Á við í öllum tilfellum:</p>	<p>Skuldaskjölín eru nafnbréf, gefin út rafrænt hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum (einnig „verðbréfamiðstöð“). Útgefandi afhendir frumkaupendum skuldaskjölín rafrænt í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar gegn staðgreiðslu skv. greiðslufyrirmælum frumsöluaðila. Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá verðbréfamiðstöð þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda. Engar hömlur eru á framsali skuldaskjalanna, en einungis er heimilt að framselja skuldaskjölín til nafngreinds aðila. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur skuldaskjalanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Réttindi að rafréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum skv. rafréfi. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.</p> <p>Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldaskjalaflokks. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð ef greiðslufall verður á flokknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamiðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram. Skuldaskjölín verða afskráð úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.</p>

	<p>4. Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna</p>
<p>Grein 4 Á við í öllum tilfellum:</p>	<p>Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur skuldaskjalanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og þeim reikningsstofnunum þar sem verðbréfin eru geymd á vörslureikningum. Útgefandi skal fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og ekki afhenda þriðja aðila upplýsingarnar nema útgefanda beri skylda til samkvæmt lögum.</p>

<p>Grein 5: Á við í öllum tilfellum:</p>	<p>Greiðsluform</p> <p>Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af verðbréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur, eftir því sem við á samkvæmt endanlegum skilmálum verðbréfanna, til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur verðbréfanna hafa falið vörslu á verðbréfum sínum. Greiðslur verða inntar af hendi í samræmi við skráða eign hvers verðbréfaeiganda einum degi fyrir hvern gjalddaga. Ef gjalddagi fellur til á frídegi færast gjalddagi til næsta bankadags þar á eftir.</p> <p>Með verðbréfareikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem verðbréfin eru í vörslu. Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum, þar með talið á afborgunum, vöxtum og verðbótum.</p> <p>Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð ef greiðslufall verður á flokknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamiðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram.</p> <p>Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun verðbréfaeiganda hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til þess dags er greiðslu er vitjað.</p>
--	--

<p>Grein 6</p> <p>Ef skuldaskjölin eru verðtryggð skuldabréf á þessi kafli við:</p>	<p>6. Verðtrygging</p>
<p>Grein 6.1</p> <p>Ef skuldaskjölin eru verðtryggð skuldabréf á eftirfarandi við:</p>	<p>Skuld skv. skuldabréfunum er bundin vísitölu neysluverðs sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995 („verðtryggingarvísitalan“) með grunnvísitölugildið sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Höfuðstóll skuldabréfanna breytist í hlutfalli við breytingar á verðtryggingarvísitölunni frá grunnvísitölugildi fram til vísitölugildis (eins og tilgreint er hér að neðan) á fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á milli síðari gjalddaga.</p>
<p>Grein 6.1(a)</p> <p>Ef vísitölugildi er dagvísitala á eftirfarandi við:</p>	<p>Vísitölugildi hvers gjalddaga er reiknað með línulegri brúun milli gildis verðtryggingarvísitölunnar („dagvísitölu“) sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir og gildis verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði þar á eftir. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga í hlutfalli við breytingar á vísitölunni, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.</p> <p>Eftirfarandi jafna skilgreinir útreikning hvers dagvísitölugildis:</p> $V_d^* = V_M + \frac{d}{D}(V_{M+1} - V_M)$ <p>Þar sem:</p> <p>M = sá mánuður sem gjalddagi tilheyrir</p>

	<p>d = fjöldi daga frá upphafsdegi mánaðar M fram til gjalddaga, byggt á dagareglunni 30/360</p> <p>D = fjöldi daga í mánuði M, byggt á dagareglunni 30/360</p> <p>V_d^* = dagvísitala á vaxtagjalddaga</p> <p>V_M = gildi verðtryggingarvísitölunnar í mánuði M</p> <p>V_{M+1} = gildi verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði á eftir mánuði M</p>
Grein 6.1(b) Ef vísitölugildi er mánaðarvísitala á eftirfarandi við:	Vísitölugildi hvers gjalddaga er það gildi verðtryggingarvísitölu sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir.

	7. Vextir
Grein 7.1 Ef skuldaskjölin eru víxlar á eftirfarandi við	Víxlarnir eru vaxtalausir og seldir með forvaxtafyrirkomulagi.
Grein 7.2 Ef skuldaskjölin eru skuldabréf á eftirfarandi við:	<p>Greiðsla vaxta skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í endanlegum skilmálum skuldabréfanna.</p> <p>Ef gjalddagi vaxta lendir á degi þar sem bankar eru almennt lokaðir á Íslandi færast greiðsla vaxta til næsta dags á eftir þar sem slíkt á ekki við.</p>
Grein 7.2(a) Ef skuldabréfin bera fasta vexti á eftirfarandi við:	Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðir útgefandi fasta ársvexti eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.
Grein 7.2(b) Ef skuldabréfin bera breytilega vexti á eftirfarandi við:	<p>Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast breytilegir vextir eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Breytilegu vextirnir eru ákvarðaðir af viðmiðunarvöxtum auk álags eða frádrags sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.</p> <p>Fyrir hvert vaxtatímabil skal ákvarða gildi viðmiðunarvaxta sem gilda skal umrætt vaxtatímabil. Í endanlegum skilmálum er tiltekið með hve löngum ákvörðunarfrýrvara skal ákvarða gildið og er fyrirvarinn tiltekinn í fjölda daga fyrir upphaf tímabilsins og taka mið af skráningu viðkomandi viðmiðunarvaxta eins og tilgreint er í því upplýsingakerfi sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.</p> <p>(i) Viðmiðunarvextir taka mið af vöxtum á millibankamarkaði</p>

	<p>Í endanlegum skilmálum kemur fram við hvaða millibankavexti skuli miða og til hversu langs tíma.</p> <p>Verði birtingu viðkomandi viðmiðunarvaxta, sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum, hætt að öllu leyti eða fyrir þá lengd vaxtatímabíla sem eiga við, skal útgefandi leggja til við umboðsmann kröfuhafa nýtt vaxtaviðmið sem tekur við af því, sem skal taka mið af vöxtum á sama markaði og á sambærilegum lánnum að mati útgefanda. Hið breytta vaxtaviðmið skal borið undir kröfuhafafund til samþykktar</p> <p>(ii) Viðmiðunarvextir taka mið af ávöxtunarkröfu á skuldabréfaflokk sem skráður er á skipulegan markað</p> <p>Í endanlegum skilmálum kemur fram við ávöxtunarkröfu hvaða skuldabréfaflokks skuli miðað, þ.e. auðkenni skuldabréfaflokksins, nafn og land skipulegs markaðar þar sem skuldabréfaflokkurinn hefur verið tekinn til viðskipta. Ef viðmiðunarflokkur er tekinn úr viðskiptum skal útgefandi leggja til við umboðsmann kröfuhafa nýjan viðmiðunarflokk sem skal borinn undir kröfuhafafund til samþykktar.</p>
Grein 7.3 Ef skuldaskjölin eru skuldabréf á eftirfarandi við:	Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur á deginum fyrir upphafsdeg annars vaxtatímabils eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Eftir það skal hvert vaxtatímabil vera ákveðin dagar eða mánuðir til lokagjalddaga eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.
Grein 7.4 Á við í öllum tilfellum:	Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við þá dagareglu sem tilgreind er í endanlegum skilmálum.
Grein 7.5 Á við í öllum tilfellum	Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldaskjölnum ber honum að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfeldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila. Undantekning er ef gjalddagi skuldaskjalanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

Grein 8	8. Endurgreiðsla höfuðstóls
Grein 8.1 Ef skuldaskjölin eru víxlar eða skuldabréf með einni afborgun höfuðstóls á eftirfarandi við:	Höfuðstóll verður endurgreiddur með einni greiðslu á þeim tíma sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum.

<p>Grein 8.2</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar greiðslur höfuðstóls og tegund vaxta er fastir vextir á eftirfarandi við:</p>	<p>Höfuðstóll verður endurgreiddur með jafngreiðsluáðferð (e. annuity) eftir því sem greinir í endanlegum skilmálum, þar sem sagt er til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga.</p>
<p>Grein 8.2(a)</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar greiðslur verðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times (h \times IR)$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstóls</p> <p>h = höfuðstóll</p> <p>$IR = \frac{\text{vísitala á gjalddaga}}{\text{grunnvísitala}}$</p> <p>r = grunnvextir / (fjöldi afborgana á ári)</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana</p> <p>k = fjöldi greiddra afborgana + 1</p>
<p>Grein 8.2(b)</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar greiðslur óverðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning vaxta og afborgana á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times h$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstóls</p> <p>h = höfuðstóll</p> <p>r = grunnvextir / (fjöldi afborgana á ári)</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana</p> <p>k = fjöldi greiddra afborgana + 1</p>
<p>Grein 8.3</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar afborganir höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Greiðsla höfuðstóls skal vera með jöfnum afborgunum eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum, þar sem sagt er til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga.</p>

<p>Grein 8.3(a)</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar afborganir verðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{h}{n} \times IR$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstóls</p> <p>h = höfuðstóll</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana</p> $IR = \frac{\text{vísitala á gjalddaga}}{\text{grunnvísitala}}$
<p>Grein 8.3(b)</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar afborganir óverðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{h}{n}$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstóls</p> <p>h = höfuðstóll</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana</p>
<p>Grein 8.4</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með óreglulegu greiðsluflæði á eftirfarandi við:</p>	<p>Greiðsla höfuðstóls skal vera með óreglulegum hætti þannig að endurgreiðslan skal vera á tilteknum árafjölda sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum, en með endurgreiðsluferli afborgana sem væru jafnar yfir lengri árafjölda sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum, þar sem einnig er sagt til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga. Á lokagjalddaga greiðast allar eftirstöðvar höfuðstóls.</p>
<p>Grein 8.4(a)</p> <p>Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með óreglulegum hætti og verðtrygging er tilgreind:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana og lokagreiðslu á hverjum gjalddaga:</p> $A_{1...n-1} = \frac{h}{m} * IR$ $L_n = \frac{(m - (n - 1))}{m} * h * IR$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstóls á gjalddögum 1 til n-1</p> <p>L = fjárhæð lokagreiðslu höfuðstóls á gjalddaga n</p> <p>h = höfuðstóll skuldabréfanna</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana af skuldabréfunum</p> <p>m = stuðull til ákvörðunar reglulegrar afborgunar, þar sem $m \geq n$</p>

	$IR \text{ (Verðbótastuðull)} = \frac{\text{Vísitala á gjalddaga}}{\text{Grunnvísitala}}$
<p>Grein 8.4(b)</p> <p>Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með óreglulegum hætti og verðtrygging er ekki tilgreind:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana og lokagreiðslu á hverjum gjalddaga:</p> $A_{1...n-1} = \frac{h}{m}$ $L_n = \frac{(m - (n - 1))}{m} * h$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstóls á gjalddögum 1 til n-1</p> <p>L = fjárhæð lokagreiðslu höfuðstóls á gjalddaga n</p> <p>h = höfuðstóll skuldabréfanna</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana af skuldabréfunum</p> <p>m = stuðull til ákvörðunar reglulegrar afborgunar, þar sem $m \geq n$</p>
<p>Grein 8.5:</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf og uppgreiðsluheimild er ekki fyrir hendi á eftirfarandi við:</p>	<p>Útgefanda er óheimilt að taka einhliða ákvörðun um að endurgreiða höfuðstól verðbréfanna hraðar á líftíma verðbréfanna en sammingsbundnar greiðslur skv. skilmálum skuldaskjalanna segja til um.</p>
<p>Grein 8.6</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf og uppgreiðsluheimild er fyrir hendi á eftirfarandi við:</p>	<p>Útgefanda er heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.</p>

	9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)
<p>Grein 9</p> <p>Á við í öllum tilfellum:</p>	<p>Kröfur kröfuhafa á hendur útgefanda skv. skuldaskjölum þessum skulu ávallt standa jafnar innbyrðis. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til kröfuhafa í þeim flokki sem skilmálar þessir taka til, nema sama hlutfall sé greitt til allra kröfuhafa sama flokks.</p>

	<p>Þrátt fyrir framangreind ákvæði um jafnréttáar kröfur hefur útgefandi heimild til að kaupa á markaði skuldaskjöl útgefin af honum sjálfum án þess að krafa vakni til að hann kaupir skuldaskjöl af öðrum eigendum. Slík endurkaup eru þó ekki heimil ef heimild hefur stofnast til gjaldfellingar skuldaskjalanna eða útgefanda má vera ljóst að skilmálar þeirra verði brotnir með þeim hætti að heimild stofnist til gjaldfellingar.</p>
--	---

	<p>10. Staða í kröfuröð</p>
<p>Grein 10 Á við í öllum tilfellum:</p>	<p>Kröfur samkvæmt skuldaskjöllum þessum standa jafnar öðrum almennum kröfum á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu samhliða almennum kröfum, en á undan öllum kröfum til endurgreiðslu hlutafjár.</p>

<p>Grein 11</p>	<p>11. Löggjöf um útgáfuna</p>
<p>Grein 11.1 Á við ef skuldaskjölín eru skuldabréf:</p>	<p>Um skuldabréfin gilda meðal annars lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og jafnframt óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar. Jafnframt gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu eftir því sem við á.</p> <p>Kröfur samkvæmt skuldabréfum og kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnast á tíu árum frá gjalddaga sé fyrningu ekki slitið innan þess tíma skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, með þeirri undantekningu að kröfur um vexti og verðbætur skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum, skv. 3. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.</p> <p>Ekki er lagt stimpilgjald á skuldabréfin við útgáfu þeirra.</p>
<p>Grein 11.2 Á við ef skuldaskjölín eru víxlar:</p>	<p>Um víxlana gilda meðal annars víxillög nr. 93/1933, lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Jafnframt gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu eftir því sem við á.</p> <p>Jafnframt gilda óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.</p> <p>Ekki er lagt stimpilgjald á víxlana við útgáfu þeirra.</p>

	<p>12. Yfirlýsingar</p>
<p>Grein 12 Ef við á um skuldaskjölín:</p>	<p>Útgefandi (sem útgefandi, greiðandi og samþykkjandi skuldaskjals) lýsir eftirfarandi yfir gagnvart sérhverjum eiganda skuldaskjals:</p>

	<p>A. að útgefandi er félag, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum. Útgefandi ræður yfir eigin eignum og ræður sinni starfsemi eins og hún er rekin.</p> <p>B. að hann hefur staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig skv. ákvæðum skuldaskjalanna og uppfylla ákvæðin. Sérhvert skuldaskjal myndar því lagalegar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar skuldbindingar í samræmi við ákvæði þess.</p> <p>C. að útgefandi hefur heimild til að gangast undir og standa við þær skuldbindingar sem skuldaskjöldin fela í sér og þau viðskipti sem fjallað er um í skuldaskjöldunum.</p> <p>D. að á dagsetningu þessara endanlegu skilmála séu allar fjárhagslegar skuldbindingar hans í skilum og engar gjaldfellingarheimildir séu virkar gagnvart honum;</p> <p>E. að allar fjárhæðir sem eru til greiðslu samkvæmt skuldaskjöldunum skal greiða án frádráttar vegna neins konar skatta, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í endanlegum skilmálum.</p> <p>F. Að engar vanefndir séu til staðar og engin önnur atvik eða aðstæður séu uppi sem orsaka efnislega vanefnd samkvæmt neinu skjali sem skuldbindur útgefanda eða einhverjar eignir hans, sem séu líklegar til að hafa efnislega neikvæð áhrif.</p>
--	---

<p>Grein 13 Ef við á um skuldaskjöldin:</p>	<p>13. Upplýsingakvaðir</p>
<p>Grein 13.1 Ef við á um skuldaskjöldin:</p>	<p>Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa: Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda umboðsmanni kröfuhafa afrit þeirra skjala sem tilgreind eru hér á eftir uns skuld samkvæmt skuldaskjöldunum er að fullu greidd. Birting í fréttakerfi Nasdaq Iceland telst fullnægjandi afhending skjala samkvæmt þessum skilmála.</p> <p>A. Endurskoðaður ársreikningur. Endurskoðaður ársreikningur fyrir samstæðu útgefanda fyrir hvert fjárhagsár sem endar eftir útgáfudag viðkomandi skuldaskjala, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn útgefanda og eigi síðar en 90 dögum frá lokum viðkomandi uppgjörstímabils.</p> <p>B. Hálfsársreikningur. Hálfsársreikningur fyrir fyrstu sex mánuði rekstrarársins fyrir hvern ársþing sem endar eftir útgáfudag viðkomandi skuldaskjala, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn útgefanda og eigi síðar en 60 dögum frá lokum viðkomandi uppgjörstímabils. Hálfsársreikningar verða eftir atvikum kannaðir af löggiltum endurskoðanda.</p> <p>C. Staðfestir reikningar. Stjórn og forstjóri útgefanda skulu staðfesta að viðeigandi ársreikningur og hálfsársreikningur gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar, í lok hvers reikningstímabils og</p>

	<p>rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á viðkomandi reikningstímabili.</p> <p>D. Form reiknings. Útgefandi skal sjá til þess að viðeigandi ársreikningur og árshlutareikningur séu útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu á hverjum tíma.</p>
Grein 13.2 Ef við á um skuldaskjölin:	<p>Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila: Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila neðangreindar skýrslur, undirritaðar af forstjóra eða fjármálastjóra útgefanda, uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd:</p> <p>A. Skýrslu um fjárhagslegar kvaðir innan tveggja vikna frá því útgefandi afhendir umboðsmanni kröfuhafa endurskoðaðan ársreikning.</p> <p>B. Skýrslu um fjárhagslegar kvaðir innan tveggja vikna frá því útgefandi afhendir umboðsmanni kröfuhafa hálfársreikning samkvæmt skilmála.</p> <p>Framangreindar skýrslur skulu sendar staðfestingaraðila með þeim hætti sem kveðið er á um í samningi við staðfestingaraðila.</p>

	14. Almennar kvaðir
Grein 14 Ef við á um skuldaskjölin:	<p>Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru hér á eftir, þangað til skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd:</p> <p>A. Tilkynning um vanefndir til umboðsmanns. Útgefandi skal tilkynna umboðsmanni kröfuhafa um hvers kyns vanefndir á skilmálum skuldaskjalanna ásamt þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta úr þeim (ef við á), um leið og hann verður þeirra var.</p> <p>B. Greiðsla skatta. Útgefandi skal greiða skatta og önnur opinber gjöld eigi síðar en á gjalddaga, nema ef hann telur skattaálagningu umdeilanlega og setur ágreining sinn í viðeigandi ágreiningsferli í góðri trú innan sanngjarns og eðlilegs tíma. Skal hann þá halda til haga fjárhæð sem talist gæti eðlileg samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðslu slíkra umdeilda skatta eða gjalda.</p> <p>C. Endurskoðendur. Endurskoðendur útgefanda skulu vera löggiltir endurskoðendur.</p> <p>D. Breytingar á starfsemi eða tilgangi útgefanda. Útgefandi skal sjá til þess, innan þeirra marka sem honum er unnt, að ekki verði gerðar breytingar á tilgangi samkvæmt samþykktum eða breytingar á starfsemi sem ekki rúmast innan tilgangs samkvæmt samþykktum sem haft gætu verulega neikvæð áhrif á rekstur og afkomu útgefanda, frá því sem er á útgáfudegi skuldaskjalanna.</p> <p>E. Skuldajöfnuður óheimill. Allar upphæðir sem koma skulu til greiðslu frá útgefanda vegna skuldaskjalanna skulu inntar af hendi án nokkurs frádráttar vegna skatta, skuldajafnaðar eða gagnkrafna.</p>

	15. Fjárhagsleg og önnur skilyrði
Grein 15	Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim fjárhagslegu skilyrðum sem tilgreind eru í endanlegum skilmálum, uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd.

Ef við á um skuldaskjölin:	Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvisvar sinnum á ári, eða strax í kjölfar birtingar ársreiknings og hálfársreiknings. Efnahagsliðir skulu miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi og rekstrarliðir við undangengna 12 (tólf) mánuði m.v. uppgjörssdag. Útgefandi skal upplýsa umboðsmann kröfuhafa svo fljótt sem kostur er hvort að útgefandi uppfylli eftirfarandi fjárhagsleg skilyrði og afhenda skriflega staðfestingu þess efnis:
----------------------------	--

Grein 16 Ef við á um skuldaskjölin:	16. Vanefndartilvik
Grein 16.1 Ef skuldaskjölin eru víxlar á eftirfarandi við:	<p>Greiði greiðandi ekki víxillinn á gjalddaga skal víxillinn teljast gjaldfallinn og getur víxilhafi þá leitað fullnustu víxilsins hjá útgefanda.</p> <p>Sama rétt á víxilhafi, þótt gjalddagi víxilsins sé eigi kominn, ef bú greiðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings, ellegar hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að hann geti eigi greitt skuldir sínar, eða að greiðandi hefur stöðvað greiðslur sínar til kröfuhafa sinna</p>
Grein 16.2 Ef skuldaskjölin eru skuldabréf á eftirfarandi við:	<p>Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim vanefndartilvikum sem tilgreind eru hér á eftir, þangað til skuld samkvæmt skuldabréfunum er að fullu greidd.</p> <p>A. Greiðsludráttur: Hafi útgefandi ekki innt af hendi samningsbundnar afborganir eða vexti samkvæmt skuldabréfunum innan 15 (fimmtán) daga eftir gjalddaga, nema í þeim tilvikum þar sem greiðsludrátt er alfarið hægt að rekja til óviðráðanlegra tæknilegra þátta eða þátta er varða umsýslu, greiðslumiðlun og/eða sambærileg atriði, enda eigi greiðsla sér þá stað innan 15 (fimmtán) daga frá því að leyst var úr tæknilegum þáttum eða umsýsluatriðum, í báðum tilfellum á réttum stað og í réttum gjaldmiðli.</p> <p>B. Brot á fjárhagslegum skilyrðum. Ef útgefandi uppfyllir ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem fram koma í endanlegum skilmálum, nema bætt sé úr vanefndinni innan 35 daga, nema ef um greiðslufall er að ræða, en þá er fresturinn 15 (fimmtán) dagar. Tilskilinn frestur til úrbóta samkvæmt ofangreindu reiknast frá því að umboðsmaður kröfuhafa tilkynnir útgefanda skriflega um brotið eða útgefandi vissi eða mátti vita um brotið, hvort heldur sem gerist fyrr.</p> <p>C. Brot á almennum kvöðum og skilmálum. Ef útgefandi uppfyllir ekki önnur skilyrði um almennar kvaðir og skilmála skuldabréfa þessara og útgefandi hefur ekki bætt úr vanefndinni innan 35 (þrjátíu og fimm) daga frá því að umboðsmaður kröfuhafa tilkynnir útgefanda skriflega um brotið eða útgefandi verður þess var, hvort heldur sem gerist fyrr.</p> <p>D. Brot á umboðssamningi eða samningi við staðfestingaraðila. Ef útgefandi uppfyllir ekki þær skyldur sem á hann eru lagðar samkvæmt samningi við umboðsmann kröfuhafa eða samningi við staðfestingaraðila, nema hægt sé að bæta úr vanefndinni og bætt sé úr henni innan 35 (þrjátíu og fimm) daga.</p> <p>E. Rangar yfirlýsingar. Ef yfirlýsing, staðfesting eða fullyrðing sem útgefandi hefur gefið eða endurtekur í sambandi við útgáfu skuldabréfa þessara, sbr. „Yfirlýsingar“ hér að framan, reynist vera röng að verulegu leyti þegar hún er gefin eða talin vera gefin eða endurtekin, nema útgefandi geti sýnt fram á að slík röng yfirlýsing eða staðfesting hafi verið veitt fyrir mistök eða óviljandi og útgefandi geti leiðrétt áhrif hinnar röngu yfirlýsingar eða staðfestingar</p>

	<p>innan 35 (þrjátíu og fimm) daga frá því að útgefanda varð ljóst að yfirlýsingin var röng.</p> <p>F. Vanefndir annarra skuldbindinga. Ef útgefandi innir ekki af hendi á gjalddaga greiðslu samkvæmt einhverjum samningi eða samningum sem leggur á útgefanda greiðsluskyldu og samningurinn hafi annað hvort verið gjaldfelldur eða gjaldfellingarheimild hefur myndast, enda sé samtala þeirra skulda sem gjaldfallin er eða heimilt er að gjaldfella, hærri en kr. 300.000.000, nema slík vanefnd stafi af réttlætunlegum mótmælum af hálfu útgefanda og eðlilegum vörnum sé haldið uppi.</p> <p>G. Fullnustuaðgerðir. Ef árangurslaust fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi hans, óskað er eftir greiðslustöðvun eða útgefandi leitar nauðasamninga eða eignir hans auglýstar á nauðungarsölu, nema útgefandi haldi uppi eðlilegum vörnum.</p> <p>H. Ógjaldfærni. Ef útgefandi verður að lögum ekki talinn geta staðið í skilum við lánardrottna sína þegar kröfur hans falla í gjalddaga, telst ógjaldfær, viðurkennir að hann geti ekki greitt skuldir sínar á gjalddaga, hættir greiðslu á öllum eða einhverjum tegundum skulda sinna eða lýsir yfir fyrirætlun sinni þess efnis, fær greiðslustöðvun vegna skulda sinna, eða gengur til samninga við einn eða fleiri lánardrottna um endurskipulagningu eða endursamninga á skuldum sínum vegna fjárhagslegra örðugleika.</p> <p>I. Starfsemi hætt. Ef útgefandi hættir, eða hótar að hætta, öllum eða verulegum hluta starfsemi sinnar.</p> <p>J. Áritun með fyrirvara. Ef endurskoðendur útgefanda gera verulega fyrirvara á áritun sinni á endurskoðaða ársreikninga útgefanda eða árs hlutauppgjör.</p> <p>K. Skráning á skipulegan markað. Ef skuldabréf þessi hafa ekki verið tekin til viðskipta (skráð) innan 12 (tölf) mánaða frá útgáfudegi skuldabréfanna.</p> <p>L. Afskráning skuldabréfa. Ef skuldabréf þessi (eftir að þau hafa verið skráð) eru tekin úr viðskiptum (afskráð) af skipulegum markaði.</p>
<p>Grein 16.3 Ef við á um skuldaskjölín:</p>	<p>Ef vanefndatilvik, eins og það er skilgreint hér að framan og/eða fram kemur í endanlegum skilmálum að eigi við, hefur átt sér stað, og ekki hefur verið bætt úr innan tilskilinna tímamarka, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar eins fljótt og auðið er til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldaskjölín. Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefndatilvik, þá ber honum skylda til að boða til kröfuhafafundar</p> <p>Einungis er unnt að taka ákvörðun um gjaldfellingu á kröfuhafafundi og hefur því enginn kröfuhafi sjálfstæðan, einhliða rétt til að gjaldfella skuldaskjöl í sinni eigu, þrátt fyrir að vanefndatilvik hafi átt sér stað. Um form og efni kröfuhafafundar, samþykkishlutföll og annað fer eftir ákvæðum í grein 17 og umboðssamningi við umboðsmann kröfuhafa, en dagsetning gildandi samnings skal tiltekin í endanlegum skilmálum skuldabréfanna.</p>

<p>Grein 17 Ef við á um skuldaskjölín:</p>	<p>17. Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða</p>
<p>Grein 17.1</p>	<p>Umboðsmaður kröfuhafa</p>

Ef við á um skuldaskjölin:

a) Almenn og skipun

Upplýsingar um umboðsmann kröfuhafa í skuldaskjalaflokki sem er óveðtryggður ásamt auðkenni skuldaskjalaflokksins verður tilgreint í endanlegum skilmálum. Um skipun umboðsmanns kröfuhafa fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála auk umboðssamnings sem tilgreindur er með dagsetningu í endanlegum skilmálum. Umboðssamningurinn er hluti af endanlegum skilmálum skuldaskjala í þeim skuldaskjalaflokki. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla kröfuhafa verðbréfa sem tilheyra skuldaskjalaútgáfunni. Útgefandi ber allan kostnað af störfum umboðsmanns kröfuhafa.

Þrátt fyrir að umboðsmaður kröfuhafa sé í upphafi skipaður af útgefanda eru starfsskyldur hans þó alfarið gagnvart kröfuhöfum, og öðrum sem eiga kröfur sem tryggðar eru samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu. Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er ekki heimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um í umboðssamningi.

Kröfuhafar geta tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að segja umboðsmanni kröfuhafa upp störfum og fela útgefanda að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa. Vilji umboðsmaður kröfuhafa láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.

Umboðsmaður kröfuhafa skal vera óháður útgefanda í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa er óheimilt að taka að sér störf eða verkefni fyrir bankann á gildistíma umboðssamningsins, sem fara í bága við almennar hagsmunaárekstrareglur umboðsmanns og eftir atvikum, viðkomandi fagfélag umboðsmanns á hverjum tíma. Framangreint kemur ekki í veg fyrir að umboðsmaður kröfuhafa taki að sér hlutverk staðfestingaraðila, enda eru skyldur umboðsmanns kröfuhafa í þágu kröfuhafa en ekki samstæðunnar.

Umboðsmaður kröfuhafa skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu og skal hann vera lögmannsstofa, endurskoðunarskrifstofa eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði. Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt á meðan hann gegnir hlutverki umboðsmanns kröfuhafa vera með lögbundna og gilda starfsábyrgðartryggingu gagnvart tjóni sem kann að hljótast af störfum hans.

Við kaup á skuldaskjöllum í flokki þessum gerast kaupendur skuldaskjalanna (hér eftir „**kröfuhafar**“ eða „**eigendur**“) sjálfkrafa aðilar að umboðssamningi við umboðsmann kröfuhafa sem skipaður er til að koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart útgefanda, og njóta þeir réttar og bera skyldur samkvæmt honum. Með því að kaupa skuldaskjöl, hvort sem við upphaflega útgáfu skuldaskjalanna eða við síðari sölu, samþykkir viðkomandi kröfuhafi fyrir sitt leyti framangreint fyrirkomulag og efni umboðssamnings viðkomandi flokks skuldaskjala. Viðkomandi kröfuhafar veita umboðsmanni kröfuhafa þar með fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem honum eru faldar með umboðssamningnum.

Gildandi umboðssamning vegna umboðsmanns kröfuhafa á hverjum tíma má nálgast á heimasíðu útgefanda, <https://fossar.is/fjarfestar/>.

b) Hlutverk og skyldur umboðsmanns kröfuhafa

Um hlutverk, skyldur og trúnað umboðsmanns kröfuhafa fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála skuldaskjalanna og umboðssamningsins. Meginhlutverk umboðsmanns kröfuhafa er að gæta hagsmuna þeirra eigenda verðbréfa sem gefin hafa verið út undir viðkomandi flokki og koma fram fyrir hönd þeirra og skal hann gæta hagsmuna allra kröfuhafa jafnt.

Umboðsmaður kröfuhafa hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem honum eru fengin á grundvelli umboðssamningsins. Umboðsmaður

kröfuhafa skal í störfum sínum gæta hagsmuna allra kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila. Jafnframt skal umboðsmaður kröfuhafa gæta þess í störfum sínum að mismuna ekki kröfuhöfum og að allir kröfuhafar njóti hlutfallslega jafns réttar innbyrðis.

Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa í öllum samskiptum við útgefanda er snúa að hverjum verðbréfaflokki.

Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefnd útgefanda á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldaskjölunum skal hann senda áskorun til útgefanda um að bæta úr vanefnd inna tilskilins frests ef við á. Verði ekki bætt úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka eða ef ekki er hægt að bæta úr vanefndartilvikinu skal hann boða til fundar kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa skal einnig boða til kröfuhafafundar telji hann nauðsynlegt eða æskilegt að bera undir kröfuhafa málefni sem tengjast umboðssamningnum eða skuldaskjölunum. Ákveði fundur kröfuhafa, með tilskildum atkvæðafjölda, að gjaldfella skuldaskjölun skal umboðsmaður kröfuhafa sjá um innheimtu skuldaskjalanna. Allar greiðslur sem umboðsmaður kröfuhafa móttækur skal hann afhenda kröfuhöfum í hlutfalli við útstandandi kröfur þeirra eins fljótt og auðið er og að jafnaði innan 3 bankadaga. Ef útgefandi skiptir um umboðsmann kröfuhafa krefst það þess að tiltekið samþykkishlutfall kröfuhafa (tilgreint í endanlegum skilmálum) miðað við fjárhæð samþykki nýjan umboðsmann.

c) Fundur kröfuhafa

Um fund kröfuhafa fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála skuldaskjalanna og umboðssamningi umboðsmanns kröfuhafa við útgefanda. Hér á eftir fer samantekt á ákvæðum er varða fund kröfuhafa samkvæmt umboðssamningnum en um nánari lýsingu á hlutverki umboðsmanns kröfuhafa vísast til umboðssamningsins.

Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til fundar kröfuhafa ef:

- (a) ef útgefandi óskar eftir því, t.d. vegna mögulegra breytinga á skilmálum hvers flokks eða beiðni um undanþágu frá þeim
- (b) í kjölfar vanefnda samkvæmt skuldaskjölunum, sem ekki hefur verið bætt úr, sem umboðsmaður kröfuhafa verður var við eða sem útgefandi hefur tilkynnt um;
- (c) ef 1/4 hluti kröfuhafa, miðað við fjárhæð útstandandi krafna á grundvelli skuldaskjalanna skv. upplýsingum úr skráum verðbréfamiðstöðvar, óskar eftir fundi;
- (d) ef staðfestingaraðili tilkynnir að hann muni ekki staðfesta skýrslu um fjárhagslegar kvaðir eða ef staðfestingaraðili hefur ekki sent umboðsmanni kröfuhafa niðurstöðu sína innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila; eða
- (e) ef umboðsmaður kröfuhafa telur rétt að boða til kröfuhafafundar af öðrum ástæðum.

Boða skal til funda kröfuhafa með að lágmarki sjö daga fyrirvara en að hámarki 21 dags fyrirvara og skal umboðsmaður kröfuhafa boða til hans með tilkynningu til Nasdaq Iceland eða verðbréfamiðstöðvar, sem kemur henni áleiðis til allra kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa hefur heimild til að boða útgefanda og aðra aðila telji hann slíkt nauðsynlegt eða æskilegt. Útgefandi hefur málfrelsisrétt á fundum kröfuhafa. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal umboðsmaður kröfuhafa afboða fundinn.

Umboðsmaður kröfuhafa ákveður dagskrá kröfuhafafundar. Kröfuhafar kjósa fundarstjóra á kröfuhafafundi. Fundarstjóri staðfestir í upphafi fundar hvort fundur sé ályktanabær. Til þess að kröfuhafafundur sé ályktanabær þarf fundurinn að hafa verið

	<p>rétt boðaður í samræmi við umboðssamninginn og fulltrúar að lágmarki 50% kröfuhafa, miðað við fjárhæð, að vera mættir á fundinn. Ef kröfuhafafundur er ekki ályktanabær vegna ónógrar fundarsóknar skal umboðsmaður kröfuhafa hætta við fundinn og þegar í stað boða nýjan kröfuhafafund, sem skal haldinn eigi fyrr en að 7 dögum liðnum og eigi síðar en 14 dögum eftir þann fyrri. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans er boðað með réttum hætti.</p> <p>Atkvæðisréttur kröfuhafa á kröfuhafafundi miðast við uppgreiðsluverðmæti skuldaskjalanna sem er í eigu viðkomandi kröfuhafa sem hlutfall af uppgreiðsluverðmæti allra skuldaskjalanna við lok dags daginn fyrir fund. Ef upp kemur ágreiningur varðandi atkvæðisrétt kröfuhafa, þá skal fundarstjóri leysa úr þeim ágreiningi og er úrlausn hans bindandi fyrir alla aðila. Útgefandi og aðilar innan samstæðu útgefanda njóta ekki atkvæðisréttar vegna verðbréfa sem kunna að vera í þeirra eigu og eru þau ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.</p> <p>Almennt þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi til ákvarðanatöku nema annað komi fram í umboðssamningi. Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/2 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta af skuldaskjölunum nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast þó samþykkis 9/10 hluta kröfuhafa í skuldaskjalaflokki miðað við fjárhæð: Breytingar á vaxtakjörum, breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar breytingar (e. waiver) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn, breytingar á uppgreiðsluheimild og uppgreiðslugjaldi, breytingar á höfuðstólsfjárhæð og breytingar á umboðssamningi eða samningi við staðfestingaraðila f.h. kröfuhafa. Framangreint á þó ekki við um breytingar sem leiðir af því að nýr aðili tekur við hlutverki umboðsmanns kröfuhafa í samræmi við samninginn eða leiðir af tilkynningu um nýjan viðtakanda tilkynninga eða breytt heimilisfang, eða samningnum við staðfestingaraðila. Ákvarðanir sem teknar eru á ályktunarbærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.</p> <p>Gildandi umboðssamning við umboðsmann kröfuhafa hverju sinni er að finna á meðfylgjandi vefslóð: https://fossar.is/fjarfestar/.</p>
<p>Grein 17.2 Ef við á um skuldaskjölin:</p>	<p>Staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða</p> <p>a) <i>Almennt</i></p> <p>Um skipun staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála auk þjónustusamnings sem tilgreindur er með dagsetningu í endanlegum skilmálum. Þjónustusamningurinn er hluti af endanlegum skilmálum skuldaskjala í þeim skuldaskjalaflokki. Staðfestingaraðili er skipaður fyrir hvern útfinn skuldaskjalaflokk sem gefinn er út undir skuldaskjalafloknum. Með því að kaupa skuldaskjöl undir útgáfurammanum samþykkir viðkomandi kröfuhafi fyrir sitt leyti framangreint fyrirkomulag og efni samnings við staðfestingaraðila, eftir atvikum eins og honum kann að vera breytt, sem nálgast má á heimasíðu útgefanda, https://fossar.is/fjarfestar/.</p> <p>Staðfestingaraðili skal vera óháður samstæðunni í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Staðfestingaraðili má ekki, á gildistíma samnings við staðfestingaraðila, hafa með höndum verkefni fyrir samstæðuna sem valda vanhæfi hans sem staðfestingaraðila eða fara í bága við almennar hagsmunaárekstrareglur staðfestingaraðila, og eftir atvikum viðkomandi fagfélag staðfestingaraðila á hverjum tíma. Staðfestingaraðila er þó heimilt að taka að sér hlutverk umboðsmanns kröfuhafa samhliða hlutverki sínu. Staðfestingaraðili skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu og vera endurskoðunarfyrrtæki, fjármálafyrirtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á fasteignum, verðbréfamarkaði og</p>

fjármögnun félaga sambærilegum útgefanda, og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, m.a. með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.

Staðfestingaraðili er í upphafi ráðinn af útgefanda. Starfsskyldur staðfestingaraðila eru þó alfarið gagnvart kröfuhöfum. Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir staðfestingaraðila og er ekki heimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að því leyti sem kveðið er á um í samningi við staðfestingaraðila. Vilji staðfestingaraðili láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan staðfestingaraðila með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.

b) Skyldur útgefanda

Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvisvar sinnum á ári, eða strax í kjölfar birtingar ársreiknings og hálfársreiknings.

Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila neðangreindar skýrslur, undirritaðar af forstjóra eða fjármálastjóra útgefanda, uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd.

Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvisvar sinnum á ári, eða strax í kjölfar birtingar ársreiknings og hálfársreiknings. Útgefandi skuldbindur sig til þess að afhenda staðfestingaraðila skýrslu um fjárhagsleg skilyrði innan 14 daga frá því að endurskoðaður ársreikningur eða hálfársreikningur liggur fyrir. Skýrslunni skulu fylgja útreikningar og forsendur þeirra. Útgefandi skal í skýrslu sinni staðfesta að fjárhagslegum skilyrðum sem tilgreind eru í endanlegum skilmálum hvarrár útgáfu skuldaskjala sé fullnægt. Útgefandi skal upplýsa umboðsmann kröfuhafa um hugsanleg vanefndartilvik eins fljótt og auðið er. Staðfestingaraðili skal yfirfara þær upplýsingar sem hann fær frá útgefanda til að leggja mat á það hvort vanefndartilvik hafi átt sér stað.

c) Hlutverk staðfestingaraðila

Staðfestingaraðili móttækur staðfestingarskírteini vegna fjárhagslegra skilyrða, ef við á, og skal yfirfara þær upplýsingar frá útgefanda til að leggja mat á það hvort vanefndartilvik hafi átt sér stað.

Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvisvar sinnum á ári, eða strax í kjölfar birtingar ársreiknings og hálfársreiknings. Efnahagsliðir skulu miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi og rekstrarliðir við undangengna 12 (tólf) mánuði m.v. uppgjörssdag. Útgefandi skal upplýsa staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða svo fljótt sem kostur er hvort að útgefandi uppfylli fjárhagsleg skilyrði sem tilgreind eru í endanlegum skilmálum og afhenda skriflega staðfestingu þess efnis.

Staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða mun staðfesta að upplýsingar í staðfestingarskírteini séu réttar. Staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem því eru fengin á grundvelli samningsins.

Ef staðfestingaraðili er ósammála forsendum eða útreikningum útgefanda skal staðfestingaraðili tilkynna umboðsmanni kröfuhafa um athugasemdir sínar innan 14 daga frá því að honum barst skýrsla útgefanda.

Staðfestingaraðili skal gera útgefanda og umboðsmanni kröfuhafa grein fyrir niðurstöðu sinni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan fjórtán daga frá móttöku skýrslu um fjárhagslegar kvaðir frá útgefanda. Staðfestingaraðili skal mæta á kröfuhafafundi sé hann boðaður til þeirra, til þess að fara þar yfir forsendur sínar fyrir staðfestingu eða synjun skýrslu um fjárhagslegar kvaðir. Þá skal staðfestingaraðili, samkvæmt beiðni, afhenda umboðsmanni kröfuhafa og útgefanda öll gögn í tengslum við forsendur staðfestingaraðila fyrir ákvörðun sinni.

Grein 18 Ef við á um skuldaskjölin:	18. Önnur ákvæði
Grein 18.1 Ef við á:	Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Útgefandi hefur heimild til að kaupa á markaði skuldabréf/víxla útgefin af honum sjálfum.
Grein 18.2 Ef við á:	Upplýsingaöflun: Útgefanda og umboðsmanni kröfuhafa, er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur skuldaskjalanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og viðeigandi reikningsstofnunum þar sem skuldaskjölin eru geymd á vörslureikningum.
Grein 18.3 Ef við á:	Hlunnindi: Engin hlunnindi eru tengd verðbréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.
Grein 18.4 Ef við á:	Framsal: Engar hömlur eru á framsali skuldaskjalanna, aðrar en að eingöngu er heimilt að framselja þau til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá Nasdaq CSD veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.
Grein 18.5 Ef við á:	Skattaleg meðferð: Um skattalega meðferð verðbréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. Um skuldbindingar vegna staðgreiðslu fjármagnstekna og nánar um skattaleg atriði fer eftir því sem greinir í endanlegum skilmálum.
Grein 18.6 Ef við á:	Ágreiningsmál: Rísi ágreiningsmál út af verðbréfum þessum, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Grein 19 Ef við á um skuldaskjölin:	19. Skilmálabreyting og ákvarðanatoka
Ef við á um skuldaskjölin:	<p>Breyting á skilmálum skuldabréfanna er háð samþykki útgefanda og því skilyrði að allir kröfuhafar hafi sannarlega verið boðaðir til fundar, með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en hámarki fjögurra vikna fyrirvara, og að á þeim fundi hafi skilmálabreyting verið samþykkt.</p> <p>Almennt þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða (almennt samþykktarhlutfall) sem farið er með á kröfuhafafundi til ákvarðanatöku nema annað komi fram í umboðssamningi.</p> <p>Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/2 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða (aukið samþykktarhlutfall) sem farið er með á kröfuhafafundi.</p> <p>Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast þó samþykkis 9/10 hluta kröfuhafa í verðbréfaflokki miðað við fjárhæð: Breytingar á vaxtakjörum, breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar breytingar (e. waiver) sem ekki</p>

	<p>eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn, breytingar á uppgreiðsluheimild og uppgreiðslugjaldi, breytingar á höfuðstólsfjárhæð og breytingar á umboðssamningi eða samningi við staðfestingaraðila f.h. kröfuhafa. Framangreint á þó ekki við um breytingar sem leiðir af því að nýr aðili tekur við hlutverki umboðsmanns kröfuhafa í samræmi við samninginn eða leiðir af tilkynningu um nýjan viðtakanda tilkynninga eða breytt heimilisfang, eða samningnum við staðfestingaraðila.</p> <p>Samþykkishlutfall, almennt og aukið, skal reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins eða víxlaflokksins og kröfufjárhæð skv. verðbréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu kröfuhafa. Útgefandi skal óska eftir boðun fundar við umboðsmann kröfuhafa og hafa þeir fulltrúar hans, sem hann tilnefnir, rétt til að sitja fundinn og tjá sig fyrir hans hönd á slíkum fundi. Ef skuldabréfin eru til viðskipta á skipulegum markaði þá skal útgefandi birta fundarboðið opinberlega.</p>
--	---

	20. Tryggingar og ábyrgðir
Grein 20 Á við í öllum tilfellum:	Skuldaskjölin eru óveðtryggð.

	21. Takmarkanir við veitingu tryggingarréttinda
Grein 21 Ef við á um skuldaskjölin:	Á líftíma skuldaskjalsins skal útgefandi sæta takmörkunum á heimildum sínum til veðsetningar eða veitingar annarra tryggingarréttinda, sem varða einhvern þátt af núverandi eða tilvonandi starfsemi útgefanda, skuldbindingar hans, eignir eða tekjur. Takmarkanirnar skulu ekki taka til annarra lögaðila innan samstæðu útgefanda. Takmörkunum skal nánar lýst í endanlegum skilmálum skuldaskjalsins.

	22. Innlausnarheimild að vali eigenda skuldaskjalanna
Grein 22 Ef við á um skuldaskjölin:	Hver og einn skuldaskjalaeigandi getur óskað innlausnar á skuldaskjölunum hvenær sem er á líftíma þeirra. Leggi skuldaskjalaeigandi fram ósk um innlausn skuldaskjala í hans eigu, er innlausn heimil á þeirri dagsetningu sem tilgreind er í endanlegum skilmálum.

	23. Sérstakar yfirlýsingar
Grein 23 Ef við á um skuldaskjölin:	Nýting fjármagns: Fjármögnun á starfsemi útgefanda.

	24. Eigin bréf
--	-----------------------

Grein 24 Ef við á um skuldaskjöl:	Eigin bréf útgefanda og/eða tengdra aðila veita útgefanda ekki atkvæðisrétt við ákvarðanir kröfuhafa samkvæmt skilmálum þessum og skulu þau skuldaskjöl ekki talin með við útreikning á atkvæðisrétti.
--------------------------------------	--

4 FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA

Endanlegir skilmálar

[Auðkenni verðbréfanna]

skuldaskjala útgefina af Fossum fjárfestingarbanka hf. í samræmi við 12.000.000.000 kr.
útgáfuramma víxla og skuldabréfa

Gengi við sölu verðbréfanna: [●]

Útgáfudagur: [●]

[Númer útgáfu]. útgáfa flokks

(„verðbréfin“, „skuldaskjölin“, eða [„skuldabréfin“] / [„víxlarnir“])

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. grein reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin út í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 6. mars 2024 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 12.000.000.000 kr. útgáfuramma Fossa fjárfestingarbanka hf.

Grunnlýsinguna og alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://fossar.is/fjarfestar/>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldaskjölin með því að lesa saman grunnlýsinguna, alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 6. mars 2024.

Hluti I: Skilmálar skuldaskjalanna

1 Útgefandi

Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

2 Nafnverðseiningar, heildarheimild, gjaldmiðill og fleira

Grein 2.1 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: [●]

Nafnverð útgáfu: [●]

Nafnverðseiningar: [●]

Áður útgefin verðbréf í flokki: [[Áður hafa verið gefin út [og tekin til viðskipta] skuldaskjöl að nafnverði [höfuðstólsfjárhæð áður útgefina verðbréfa]]. / [Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf] í sama flokki].

Heildarheimild flokks: [●] . Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

[Grein 2.2 gildir um víxlana]

3 Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: [Lögformlegt heiti, kennitala, heimilisfang og staður] sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamiðstöð“).

4 Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

5 Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

6 Verðtrygging

[Engin verðtrygging:

[Skuldaskjölin eru óverðtryggð] / [Á ekki við]].

[Verðtrygging:

Skuldabréfin eru verðtryggð og gilda greinar 6.1 og [6.1(a)] / [6.1(b)] um þau.

Grunnvísitölugildi: [●] þann [dagsetning], [dagvísitala]/[mánaðarvísitala]].

7 Vextir

Form vaxta: [Víxlarnir eru vaxtalausir og gildir grein 7.1 um víxlana.] / [Grein 7.2 gildir um verðbréfin. Greiðsla vaxta skal vera [[á [●] [daga / mánaða] fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann [dagsetning] og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann [dagsetning]] / [með einni greiðslu á lokagjalddaga]].

[Fastir vextir og gildir grein 7.2.(a) um skuldabréfin.] / [Breytilegir vextir og gildir grein 7.2.(b) um skuldabréfin.]

[Fastir vextir:

Fastir ársvextir eru [●]%.]

[Breytilegir vextir:

Viðmiðunarvextir: [Tilgreindir vextir á millibankamarkaði] til [tilgreindur tími]. / [Ávöxtunarkrafa á skuldabréf í floknum [auðkenni flokks] sem skráður er á skipulegan markað í landi þar sem viðmiðunarflokkur er skráður].

[Álag / Frádrag]: [●]%

Ákvörðunarfyrirvari viðmiðunarfaxta: [●]
dagar.

Upplýsingakerfi viðmiðunarfaxta: [●].]

[Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur [*dagsetning*]. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er [●] [dagar / mánuður / mánuðir]. Grein 7.3 gildir um skuldabréfin.]

Dagregla: [*Dagregla tilgreind.*]. Grein 7.4 gildir um skuldaskjölin.

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

8 Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: [[Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann [*dagsetning*]. Grein 8.1 gildir um [skuldabréfin / víxlana].] / [Jafnar greiðslur og gilda greinar 8.2 og [8.2.(a) / 8.2.(b)] um skuldabréfin.] / [Jafnar afborganir og gilda greinar 8.3 og [8.3(a) / 8.3(b)] um skuldabréfin.] / [Óreglulegar afborganir og gilda greinar 8.4 og [8.4(a) / 8.4(b)] um tilhögun og útreikning afborgana.]

[Fjöldi og tíðni afborgana (um [jafnar afborganir / eina afborgun / jafnar greiðslur] er að ræða): [[[●] afborganir á [● mánaða / daga] fresti allt fram til lokagjalddaga] / [Ein afborgun]]]

[Fjöldi og tíðni afborgana (um óreglulegar afborganir er að ræða): [[●] afborganir á [● mánaða / daga] fresti með endurgreiðsluferli höfuðstóls sem væri jafnt yfir [●] [ár / mánuði] þannig að á hverjum gjalddaga fram að lokagjalddaga greiðist [●/●] af höfuðstólnum og á lokagjalddaga greiðast [●/●] af höfuðstól, sem samsvarar eftirstöðvum höfuðstólsins]].

Fyrsta greiðsla afborgana: [*Dagsetning*].

Lokagjalddagi: [*Dagsetning*].

Uppgreiðsluheimild: [Grein 8.5 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi] / [Grein 8.6 gildir um skuldabréfin. Útgefanda er því heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti [en þó aldrei lægri fjárhæð en [●] í hvert sinn]. Umframgreiðsla er einungis heimil á eftirfarandi hátt:

Umframgreiðsla er heimil [*dagsetning*] / [á eftirfarandi dagsetningum / tímabilum: [●]]

Útgefandi skal greiða umframgreiðslugjald af fjárhæð þeirri sem fer umfram sammingsbundna afborgun höfuðstóls og vaxta. Umframgreiðslugjald er [fast [●]% / breytilegt á eftirfarandi hátt: [●]]

9 Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um [skuldabréfin / víxlana].

10 Staða í kröfuröð

Grein 10 gildir um [skuldabréfin / víxlana].

11 Löggjöf um útgáfuna

[Grein 11.1 gildir um skuldabréfin] / [Grein 11.2 gildir um víxlana].

12 Yfirlýsingar

[Á ekki við] / [Grein 12 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana]] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D], [E], [F]].

13 Upplýsingakvaðir

[Á ekki við] / [Grein 13 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana]] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 13.1 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D]]. / [Eftirfarandi stafliðir greinar 13.2 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B]].

14 Almennar kvaðir

[Á ekki við] / [Grein 14 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana]] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 14 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D], [E]].

15 Fjárhagsleg skilyrði

[Á ekki við] / [Grein 15 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana]] / [Grein 15 gildir um [skuldabréfin/víxlana] ásamt eftirfarandi [grein/greinum]].

[Lýsing á fjárhagslegum skilyrðum.]

16 Vanefndartilvik

[Á ekki við]

[Grein 16.1 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 16.1 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C].]

[Grein 16.2 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 16.2 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D], [E], [F], [G], [H], [I], [J], [K], [L].]

[Grein 16.3 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Grein 16.3 gildir [skuldabréfin/víxlana].]

17 Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða

[Á ekki við] / [Grein 17 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Grein 17 gildir um [skuldabréfin/víxlana].]

[[*Nafn, kennitala og heimilisfang umboðsmanns kröfuhafa*] hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann [*dagsetning*].]

[[*Nafn, kennitala og heimilisfang staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða*] hefur verið skipaður staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann [*dagsetning*].]

18 Önnur ákvæði

[Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 18.1 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Framsál: Grein 18.4 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

19 Skilmálabreyting og ákvarðanataka

[Á ekki við] / [Grein 19 gildir ekki um [skuldabréfin / víxlana].] / [Grein 19 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

20 Tryggingar og ábyrgðir

Grein 20 gildir um [skuldabréfin / víxlana].

21 Takmarkanir við veitingu tryggingarréttinda

[Grein 21 gildir ekki um [skuldabréfin / víxlana].] / [Grein 21 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Lýsing á takmörkunum við veitingu tryggingarréttinda.]

22 Innlausnarheimild að vali eigenda skuldaskjalanna

[Grein 22 gildir ekki um [skuldabréfin / víxlana].] / [Grein 22 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Innlausn er heimil á eftirfarandi dagsetningu: Leggi skuldaskjalaeigandi fram ósk um innlausn skuldaskjala í hans eigu, mun uppgjör innlausnarinnar fara fram á þeim vaxtagjalddaga skuldaskjalanna sem næstur kemur til eftir að [●] mánuðir eru liðnir frá því að skuldaskjalaeigandi lagði fram slíka ósk um innlausn, eða á lokagjalddaga skuldaskjalanna, hvort heldur gerist fyrir.]

[Innlausnarverð: [●].]

23 Sérstakar yfirlýsingar

[Grein 22 gildir ekki um [skuldabréfin / víxlana].] / [Grein 22 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

24 Eigin bréf

[Grein 23 gildir ekki um [skuldabréfin / víxlana].] / [Grein 23 gildir um [skuldabréfin/víxlana].]

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	[[[Óskað hefur verið / óskað verður] eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum <i>[ISIN númer flokks]</i> verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt.] / [Öll þegar útgefin skuldaskjöl í flokknum <i>[ISIN númer flokks]</i> eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. [Óskað hefur verið / óskað verður] eftir að aukning [skuldabréfaflokksins / víxlaflokksins] að nafnvirði <i>[nafnvirði aukningarinnar]</i> verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði]. [Útgefandi [hefur óskað/mun óska] eftir töku til viðskipta.] / [[<i>Nafn aðila sem óskar eftir töku til viðskipta annar en útgefandi</i>], [<i>heimilisfang aðila</i>], [<i>símanúmer aðila</i>], [<i>LEI kóði aðila</i>] [hefur óskað/mun óska] eftir töku til viðskipta.] / [Á ekki við].
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	[<i>Dagsetning</i>]
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	[[•] / [Á ekki við]]
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	[<i>Lögformlegt heiti ráðgjafa og hlutverk</i>]
2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfuna/útboðið	
	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra:	[Að undanskildum kostnaði greiddum til <i>[nafn söluaðila og/eða umsjónaraðila]</i> er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu [skuldabréfaflokksins / víxlaflokksins].] [<i>Tilgreinið aðra hagsmuni sem skipta máli fyrir útgáfu og sölu skuldaskjalanna ásamt upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.</i>]
3.	Ástæður fyrir útboðinu, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðsins	
	Ástæða fyrir útboðinu:	[•]
	Áætlaður heildarkostnaður:	[•]
	Áætlað nettósöluandvirði:	[•]
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Upplýsingar um ávöxtunarkröfu:	[•] [Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.]

5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	[[Undirliggjandi viðmiðunarvextir ásamt því hvar finna megi upplýsingar um þróun þeirra í fortíð og framtíð.] / [Á ekki við.]]
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	[[Upplýsingar um heiti verðtryggingavísitölu og hvar finna megi upplýsingar um hana.] / [Á ekki við.]]
6.	Heimild til útgáfu	
	Stjórn útgefanda hefur samþykkt útgáfuramma þann sem lýst er í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. júlí 2023. [[Skuldaskjölín sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann [dagsetning heimildar] [og felld undir útgáfurammann við stofnun hans].] Verðbréfin hafa öll verið seld og [eru að fullu greidd] / [er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann [dagsetning].]]	
7.	Auðkenni	
	ISIN númer:	[•]
	Auðkenni:	[•]
	CFI númer útgáfu:	[•]
	FISN númer útgáfu:	[•]
8.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	[[Upplýsingar sem aflað hefur verið frá þriðja aðila og heimildir] / [Á ekki við.]]
9.	Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	[•]

Fossar fjárfestingarbanki hf.

[dagsetning]

[Nafn og titill þess sem undirritar]

[Nafn og titill þess sem undirritar]

5 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

5.1 Starfsemi og skipulag

5.1.1 Almennar upplýsingar

<i>Lögheiti</i>	Fossar fjárfestingarbanki hf.
<i>Viðskiptaheiti</i>	Fossar, Fossar fjárfestingarbanki
<i>Erlend aukaheiti</i>	Fossar Investment Bank hf.
<i>Kennitala</i>	660907-0250
<i>Stofndagur</i>	23. apríl 2015
<i>LEI</i>	529900T0SDZCXSN5QS72
<i>Lögform</i>	Hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995
<i>Eigendur</i>	Hluthafar eru tveir, Vátryggingafélag Íslands hf. á ~100% hlutafjár í útgefanda en VÍS tryggingar hf. á eitt bréf, ~0% hlutafjár
<i>Heildarhlutafé</i>	520.772.888 hlutir, hver hlutur 1 króna að nafnverði
<i>Eigin hlutir</i>	Engir
<i>Auðkenni hluta hjá Nasdaq CSD</i>	FOSSAR A
<i>ISIN númer hlutabréfa</i>	IS0000026789
<i>Höfuðstöðvar og lögheimili</i>	Ármúli 3, 108 Reykjavík, Ísland Útibú að Fríkirkjuvegi 3, 101, Reykjavík, Íslandi
<i>Heimasíða</i>	www.fossar.is ⁴
<i>Tölvupóstfang</i>	info@fossar.is
<i>Símanúmer</i>	+354 522 4000
<i>Starfsleyfi</i>	Lánafyrirtæki skv. 2., sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, veitt af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands

5.1.2 Lagaumhverfi

Starfsemi Fossa er starfsleyfisskyld og lýtur bankinn eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fossar er fjárfestingarbanki með starfsleyfi sem lánafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið viðhefur reglubundið eftirlit með því hvort starfsemi útgefanda sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið er í því skyni heimilt að gera vettvangskannanir eða óskað

⁴ Upplýsingar á vefsíðunni eru ekki hluti grunnlýsingarinnar, nema þær séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun, og Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald hefur hvorki athugað þær né staðfest.

eftir hverjum þeim upplýsingum eða gögnum í vörslu útgefanda sem varðar starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.

Á fjármáلامarkaði gildir víðfeðmt og flókið regluverk sem leggur skyldur á útgefanda sem fjármálastofnun, sem og aðrar lánastofnanir og eftirlitsskylda aðila. Regluverkið er að mestu runnið úr rifjum Evrópusambandsins og tekið upp í EES-samninginn, en Ísland fullgilti EES-samninginn með setningu laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Flest þau íslensku lög sem gilda á fjármáلامarkaði hafa þannig verið sett til innleiðingar á EES-gerðum í landslög, ýmist með tilvísunaraðgerð eða umritunaraðferð.

Þau lög sem gilda um starfsemi útgefanda eru m.a. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lög nr. 2/1995 um hlutafélög, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, auk þeirra EES-gerða sem framangreind lög innleiddu og afleiddar reglugerðir og reglur. Þær kröfur sem útgefandi er undir ná meðal annars til eiginfjár- og lausafjárstöðu, eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta, fjárfestaverndar, starfsheimilda, reikningshalds, verndar og vinnslu persónuupplýsinga, fjárfestavernd, markaðssetningu, háttsemi, skráningu gagna, aðgerðum gegn hagsmunaaðreksrum og varna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka auk fjölda annarra þátta.

Þegar Fossar hlutu starfsleyfi sem lánafyrirtæki þann 1. júní 2022 urðu Fossar eining tengd almannahagsmunum samkvæmt c-lið 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, þ.e. vegna stöðu félagsins sem lánastofnun.

5.1.3 Ágrip af sögu

Saga Fossa nær aftur til ársins 2015, þegar allt hlutafé félagsins ARM verðbréf hf. var keypt þann 27. febrúar 2015 af félögum í endanlegri eigu Sigurbjörns Þorkelssonar, Aðalheiðar Magnúsdóttur, Haraldar I. Þórðarsonar og Steingríms Arnars Finnssonar. Félagið hafði á tíma kaupanna starfsleyfi sem verðbréfamíðlun skv. 6. tölul., 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félaginu var í framhaldi nafnabreytt í Fossar markaðir hf. og hafði aðsetur að Seljavegi 2 í miðbæ Reykjavíkur. Sama ár fengu Fossar markaðsaðild að Nasdaq OMX Iceland og stuttu síðar starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 162/2002 um fjármálafyrirtæki með viðbótarstarfsheimildum. Í lok árs 2015 höfðu Fossar því starfsheimildir til móttöku og miðlunar fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmdar fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina, fjárfestingarráðgjafar og umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði. Heimild til viðbótarþjónustu náði borð við vörslu fjármálagerninga, veitingu lánsheimilda í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga auk gjaldeyrisþjónustu í tengslum við fjárfestingarþjónustu.

Á árinu 2016 opnuðu Fossar skrifstofur í Stokkhólmi og í London með stofnun systurfélaga Fossa, Fossar Markets AB og Fossar Markets Ltd. Síðarnefnda félagið öðlaðist starfsleyfi til að veita fjármálaþjónustu í Bretlandi sumarið 2017. Í maí 2018 fengu Fossar viðbótarstarfsleyfi útgefið af Fjármálaeftirlitinu til veitingar fyrirtækjaráðgjafar. Haustið 2018 fengu Fossar kauphallaraðild að Nasdaq í Kaupmannahöfn og í Stokkhólmi, og voru þar með fyrsta fjármálafyrirtækið í meira en áratug til að tengjast erlendum kauphöllum með þeim hætti. Fossar höfðu svo umsjón með fyrstu innlendu útgáfu grænna skuldabréfa í desember 2018 og með fyrstu innlendu útgáfu félagslegra skuldabréfa í nóvember 2019. Vorið 2021 fengu Fossar viðbótarstarfsleyfi til eignastýringar útgefið af Fjármálaeftirlitinu. Samhliða opnuðu Fossar útibú í Næpunni, að Skálholtsstíg 7, til viðbótar við höfuðstöðvar Fossa að Fríkirkjuvegi 3.

Vorið 2021 var félagið Glymur hf., kt. 440221-1300, stofnað, en félagið var þá systurfélag Fossa í 62,5% eigu Fossa Markets Holding ehf., sem á sama tíma var stærsti einstaki hluthafi Fossa. Í mars 2022 keyptu Fossar hlut Fossa Markets Holding ehf. í Glymi og í lok sama árs eignuðust Fossar allt hlutaféð í Fossum. Glymur var skráður sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða í samræmi við lög nr. 45/2020

um rekstraraðila sérhæfðra sjóða þann 18. júní 2021. Glymur hlaut starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt sömu lögum þann 22. júní 2023.

Þann 1. júní 2022 fékk félagið nýtt starfsleyfi sem lánaþyrirtæki útgefið af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, með leyfi til að nota heitið *fjárfestingarbanki* í firma sínu. Samhliða var nafni félagsins breytt í Fossar fjárfestingarbanki hf. Þann 13. október 2022 gerðist bankinn aðalmiðlari hjá Lánamálum ríkisins. Á árinu 2022 hófu Fossar enn fremur fjármögnun bankans með nýju vöruframboði, þ.e. tímabundnum og ótímabundnum peningamarkaðslánum og markaðsfjármögnun með útgáfu óskráðra víxla, gefnir út til sex mánaða í senn á þriggja mánaða fresti. Sumarið 2023 fengu Fossar viðbótarstarfsheimild til sölutryggingar.

Í byrjun febrúar 2023 hófu Fossar fjárfestingarbanki og Vátryggingafélag Íslands (VÍS), viðræður um sameiningu félaganna með kaupum VÍS á öllu hlutfé í Fossum á grundvelli viljayfirlýsingar félaganna. Eftir áreiðanleikakannanir var kaupsamningur þess efnis undirritaður 5. maí 2023 með fyrirvara um samþykki hluthafafundar VÍS, samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir virkum eignarhlut VÍS í Fossum fjárfestingarbanka hf., Glymi hf. og T Plús hf. og samþykki Samkeppniseftirlitsins á samrunanum. Eftir að fyrirvarar kaupanna gengu í gegn var gengið frá kaupunum þann 2. október 2023. Endurgjald kaupanna fyrir allt hlutfé Fossa var 210 milljón nýir hlutir í VÍS, eða sem nam 11,01% hlutfjár VÍS eftir hlutfjárukningu, en nýtt hlutfé er háð sölubanni í þrjú ár frá uppgjöri viðskiptanna. Í kjölfar samrunans fluttu Fossar höfuðstöðvar sínar að Ármúla 3, sem einnig hýsir höfuðstöðvar VÍS. Þá hefur rekstur allra sjóða Glyms verið færður yfir í SIV eignastýringu hf., sem er dótturfélag VÍS og nú systurfélag Fossa. SIV eignastýring er, líkt og Glymur, með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020. Sameining félaga Fossa og VÍS var gerð til sóknar, þar sem sameinað félag er öflugt fyrirtæki á fjármálamarkaði með víðtækar starfsheimildir til fjármálaþjónustu. Enn er stutt frá samrunanum og því er yfirstandandi vinna við samþættingu og nýtingu tækifæra til vaxtar.

5.1.4 Starfsleyfi

Starfsleyfi Fossa sem lánaþyrirtæki skv. 4. gr. laga nr. 161/2001 um fjármálaþyrirtæki tekur til eftirfarandi þátta, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga:

1. Móttöku annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
 - b. fasteignalána,
 - c. kröfukaupa og kaupa skuldaskjala og
 - d. viðskiptalána.
6. Að veita ábyrgðir og lánsloforð.
7. Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavinum með:
 - a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
 - b. erlendan gjaldeyri,
 - c. staðlaða framvirka samninga og valrétti (vilnanir),
 - d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
 - e. verðbréf.
8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustustarfsemi sem tengist slíkum útboðum.
9. Ráðgjafar til fyrirtækja um fjármagnsskipan, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
11. Eignastýringar og ráðgjafar.
12. Vörslu og umsýslu verðbréfa.

Þá hafa Fossar heimild til að veita eftirfarandi fjárfestingarþjónustu og stunda eftirfarandi fjárfestingarstarfsemi samkvæmt 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga:

- a. Móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
- b. Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.
- c. Viðskipti fyrir eigin reikning.
- d. Eignastýringu.

- e. Fjárfestingarráðgjöf.
- f. Sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerna og/eða útboð fjármálagerna.
- g. Umsjón með útboði fjármálagerna án sölutryggingar.

Jafnframt hafa Fossar heimild til að veita eftirfarandi viðbótarþjónustu samkvæmt 67. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerna:

- a. Vörslu og umsýslu í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerning fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerna og tengda þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga og að undanskilinni veitingu og vörslu verðbréfareikninga á efsta stigi skv. 2. lið A-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, sbr. lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, nr. 7/2020.
- b. Veitingu lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerna ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
- c. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- d. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
- e. Gjaldeyrishjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
- g. Þjónustu í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga skv. b-, c-, d- og g-lið 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna þegar þær tengjast fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.

5.1.5 Meginstarfsemi og þjónustusvið

Útgefandi er framsækinn fjárfestingarbanki sem þjónustar innlenda og erlenda fjárfesta á sviði markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar, eignastýringar og lánveitinga auk þess að sinna viðskiptum fyrir eigin reikning. Stofnsvið, þ.e. fjárstýring, lögfræði-, fjármála, rekstrar- og upplýsingatæknisvið, starfa þvert á fyrirtækjalínur auk innri eftirlitseininga, þ.e. regluvörslu, áhættustýringar og innri endurskoðun.

Tilgangur Fossa samkvæmt grein 1.03 í samþykktum bankans er að veita fjármálaþjónustu. Félaginu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálaþjónustur er heimilt samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins og eðlilega starfsemi í tengslum við hana. Félaginu er heimilt að ná tilgangi sínum með stofnun og rekstri dótturfélaga og með annarri þátttöku og eignaraðild í félögum.

Þjónusta Fossa er veitt á fimm sviðum til samræmis við lög og innri reglur sem gilda um hverja þjónustu á hverjum tíma auk samninga við viðskiptavinum sem liggja kunna til grundvallar þjónustu:

Markaðsviðskipti

Svið markaðsviðskipta hefur milligöngu um viðskipti með innlenda og erlenda fjármálagerna, hvort sem um ræðir skráð eða óskráð bréf, auk þess að sinna gjaldeyrishjónustu. Fossar eru aðili að kauphöllum Nasdaq á Íslandi, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn og hafa jafnframt aðgang að yfir 85 öðrum kauphöllum á heimsvísu. Meðal annarrar þjónustu á sviði markaðsviðskipta má nefna vörslu verðbréfa, hlutafjárútboð, utanþingsviðskipti, umsjón með tilboðabók og einkaútgáfu fjármálagerna.

Eignastýring

Svið eignastýringar vinnur með fjársterkum einstaklingum, fjölskyldum, fjárfestingarfélögum og fyrirtækjum. Þjónusta felst í *eignastýringu* annars vegar, þar sem eignasafni er stýrt í samræmi við fyrir ákveðna fjárfestingarstefnu, sem mótuð er í takt við markmið og þarfir hvers viðskiptavinar í samvinnu við hann, eða *fjárfestingarráðgjöf* hins vegar, þar sem persónulegar ráðleggingar eru veittar til viðskiptavinar en endanleg fyrirsmáli eru ávallt veitt af viðskiptavinum. Þá þjónustar eignastýringarsvið stofnanafjærferi á borð við lífeyrissjóði, en sú þjónusta er nefnd *fagfjárfestaþjónusta*. Viðskiptavinum eignastýringarsviðs býðst aðgangur að fjölbreyttu úrvali fjárfestingarkosta, eftir hæfi þeirra, meðal annars vegna samtarfs Fossa við alþjóðleg sjóðastýringarfyrirtæki.

Fyrirtækjaráðgjöf

Svið fyrirtækjaráðgjafar veitir fyrirtækjum, stofnunum, opinberum aðilum og einstaklingum fjölbreytta þjónustu tengda fjármálamörkuðum. Fyrirtækjaráðgjafarsvið aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga við samruna og yfirtökur (M&A), þar á meðal yfirtöku og sölu fyrirtækja, samrunaráðgjöf og ráðgjöf við einkafjárfestingar. Veitt þjónusta er m.a. mat á fyrirhuguðum fjárfestingum eða sölum, verkefnastjórn, greining og verðmöt, samskipti við vænta kaupendur/seljendur og ráðgjöf til stjórnenda og eigenda. Fyrirtækjaráðgjöf veitir sjálfstæða ráðgjöf um alla þætti skuldafjármögnunar fyrirtækja og stofnana. Helstu þættir eru greining á núverandi fjármagnsskipan og tillögur að kjörfjármagnsskipan, gerð kynninga og annarra skjala fyrir vænta lántakendur, greiningar á fjármögnunartilboðum frá lánveitendum sem og aðstoð við samningaviðræður. Fyrirtækjaráðgjöf veitir einnig ráðgjöf í tengslum við fjármögnun fyrirtækja og stofnana, þar á meðal samskipti við vænta fjárfesta sem og útgáfu og skráningu fjármálaafurða fyrir stofnanir og fyrirtæki. Verkefni eru m.a. almenn ráðgjöf varðandi fjármagnsskipan, verkefnastjórn, greining og verðmat, útboðslýsingar, markaðssetning og sala verðbréfa og fjármálaafurða.

Lánveitingar

Svið lánveitinga, eða lánasvið, veitir útlán til viðskiptavina bankans. Starfrækt er lánanefnd innan bankans. Hennar hlutverk er að meta lánshæfi viðskiptavina Fossa til samræmis við innri reglur bankans og samþykkja eða hafna beiðnum um lán innan þeirra heimilda sem stjórn hefur sett.


Eigin viðskipti

Svið eigin viðskipta á viðskipti á innlendum hluta- og skuldabréfamarkaði fyrir eigin reikning Fossa. Sviðið fjárfestir til skemmri og meðallangs tíma á íslenskum markaði. Þá sinnir sviðið jafnframt viðskiptavakt fyrir útgefendur.

5.1.6 Skipurit útgefanda og samstæðu

Innra skipurit Fossa fjárfestingarbanka er eftirfarandi:

Mynd 5.1 – Skipurit útgefanda:




Fossar eru hluti af samstæðu, þar sem Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, er eigandi að ~100% hlutafjár og móðurfélag bankans. Hlutabréf Vátryggingafélags Íslands eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði, þ.e. Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Kaup VÍS á Fossum gengu í gegn þann 2. október 2023.

Systurfélög Fossa, og önnur dótturfélög VÍS, eru Líftryggingafélag Íslands hf., kt. 570990-1449, VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, SIV eignastýring hf., kt. 581022-0850, sem er með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. VÍS á 100% hlutafjár í Líftryggingafélagi Íslands og 77% í SIV eignastýringu. Þá eru félögin VEX ehf., kt. 640820-0470, rekstraraðili sérhæfðra sjóða, og T Plús hf., verðbréfafyrirtæki sem Fossar m.a. útvista bakvinnsluþjónustu til, hlutdeildarfélög VÍS. VÍS á 35% hlut í bæði VEX ehf. og T Plús hf.

Fossar eiga dótturfélagið Glym hf., kt. 440221-1300, Skálholtsstíg 7, 101 Reykjavík, sem er einnig með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið rekur við dagsetningu undirritunar grunnlýsingar þessarar enga sérhæfða sjóði. Eignarhlutur Fossa í Glymi er 100% en viðræður eru yfirstandandi um mögulega sölu Fossa á Glymi til þriðja aðila.

Fossar eru ekki fjárhagslega háð rekstri og afkomu annarra félaga í samstæðunni til þess að standa við skuldbindingar sínar en hafa þó sótt fjárhagslegan styrk frá móðurfélagi sínu. Í samræmi við áætlanir sameinaðs félags Fossa og VÍS um frekari sókn í fjárfestingarbankastarfsemi samþykkti stjórn VÍS hlutafjárukningu í Fossum á árinu 2023, sem nam tæplega 1,4 milljarði króna, og samanstóð af hlutafé og umbreytingu víkjandi láns. Hlutafjárukningin eykur fjárhagslegan styrk bankans og styður við fyrirliggjandi áform um hraðan vöxt í bankastarfsemi og markvissa sókn á íslenskum fjármálamarkaði. Hlutafjárukningin gekk í gegn 2. október 2023.

Mynd 5.2. – Skipurit samstæðu:



5.1.7 Framtíðarskipulag samstæðu

Framtíðarskipulag samstæðunnar sem Fossar eru hluti af, sbr. lýsing í kafla 5.1.6 *Skipurit útgefanda og samstæðu*, er enn í mótun en þar verður lögð áhersla á arðsaman vöxt, að auka og efla tekjustoðir, stjórnarhætti og samnýtingu rekstrarþátta. Sameinuð félög í samstæðu byggja á langri sögu, breiðum viðskiptamannagrundi, sterkum efnahagi og er með víðtæk tengsl við atvinnulíf og fjármálamarkaði. Þetta eru öflugir innviðir fyrir framúrskarandi þjónustu á sviði trygginga, fjárfestingarbanka, einkabanka, sjóða- og eignastýringar og annarrar sérhæfðrar fjármálaþjónustu. Horft er til þess að áhrif af sameiningu felist fyrst og fremst í tækifærum til vaxtar og sóknar frekar en kostnaðarhagræðingu.

Á hluthafafundi Vátryggingafélags Íslands þann 17. janúar 2024 samþykktu hluthafar yfirlitsháttur vátryggingastofns í dótturfélagið VÍS tryggingar hf. (hér eftir „**VÍS tryggingar**“) Kaupsamningur um tryggingastarfsemi Vátryggingafélags Íslands hefur verið undirritaður við VÍS tryggingar, en sá samningur er með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir yfirlitsháttur á vátryggingastofni og vátryggingastarfsemi í dótturfélag VÍS. Tilfærsla tryggingarekstrar er rökrétt skref á átt að þeirri framtíðarsýn samstæðunnar að verða virkur þátttakandi á fjármálamarkaði með útvíkkun í fjármálatengdri starfsemi. Þá mun Líftryggingafélag Íslands hf. verða dótturfélag VÍS trygginga hf. og í 100% eigu þess.

Að lokinni tilfærslu tryggingarekstrar í dótturfélag verður framtíðarskipulag samstæðunnar komið í horf með móðurfélag sem styður við dótturfélögin með hagræði, krosssölu og viðskiptaþróun að leiðarljósi. Framtíðarskipulag samstæðu býður upp á samkeppnisforskot til framtíðar, skýrari afmörkun á áhættu og skýrari ráðstöfun fjármagns. Auknir möguleikar eru til fjármögnunar sem og ráðstöfunar fjármagns, með áherslu á að hámarka arðsemi. Samkvæmt framangreindu verður tryggingarekstur, fjárfestingarbanki og eignastýring starfræktur í dótturfélögum undir einu móðurfélagi. Móðurfélagið verður sama félag og Vátryggingafélag Íslands, með kt. 690689-2009 og skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland, en nýtt lögheiti þess verður Skagi hf. Breyting á nafni Vátryggingafélags Íslands verður lögð fyrir hluthafafund félagsins þann 21. mars 2024 og er nafnabreyting háð samþykki hluthafafundar félagsins. Áætlað er þannig að rekstrareiningar í dótturfélögum haldi því sjálfstæði og ábyrgð á sókn til samræmis við stefnu móðurfélagsins. Stefnt er að því að Haraldur Þórðarson stýri rekstri samstæðunnar, Guðný Helga Herbertsdóttir stýri tryggingarekstrinum, Steingrímur Arnar Finnsson fjárfestingarbankastarfseminni og Arnór Gunnarsson rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Gert er ráð fyrir því að framtíðarskipulag samstæðunnar raungerist á árinu 2024.

Neðangreind yfirlitsháttur sýnir samstæðuna eins og áætlað er að hún verði skipulögð, þar sem áætlað er að tilgreindir aðilar munu sitja í framkvæmdastjórn móðurfélagsins:

Mynd 5.3 – Áætlað framtíðarskipulag samstæðu með forstjórum:



5.1.8 Almenn kaupréttaráætlun samstæðu

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands, VÍS, þann 16. mars 2023 var stjórn félagsins veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun, byggð á 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, og gera á grundvelli hennar kaupréttarsamninga við starfsfólk VÍS og dótturfélaga þess, þar með talið útgefanda. Þann 9. júní 2023 var kaupréttaráætlun útfærð af stjórn VÍS og samþykkt af skattinum þann 28. júní sama ár. Þann 13. október tilkynnti VÍS opinberlega að gengið hefði verið frá kaupréttarsamningum við starfsfólk í samræmi við samþykktu kaupréttaráætlun. Kaupréttur samkvæmt áætluninni nær til allra fastráðinni starfsmanna VÍS og dótturfélaga þess, þar með talið útgefanda, og er markmið áætlunarinnar að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímamarkmið VÍS og dótturfélaga þess.

Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í VÍS fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun samningsins. Kaupverð er vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf VÍS tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag, 13. október 2023, eða 15,25 krónur á hvern hlut. Alls gerðu 239 starfsmenn samstæðunnar kaupréttarsamning sem ná til allt að 20.973.700 hluta á ári miðað við 100% nýtingu kaupréttar. Allir starfsmenn Fossa gerðu kaupréttarsamning og eru því þátttakendur í almennu kaupréttaráætluninni.

5.2 Stjórnarhættir og tengd atriði

5.2.1 Gildi

Fossar veita viðskiptavinum sérsniðna og persónulega þjónustu og leggja áherslu á að vera í fararbroddi þegar kemur að tengingu íslensks atvinnulífs við alþjóðlegt fjárfestingarumhverfi. Gildi Fossa eru fagmennska, árangur og traust en gildin eru samofin allri starfsemi útgefanda. Starfsmenn Fossa eru reyndir sérfræðingar með viðamikla reynslu á bæði innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

5.2.2 Stjórnarhættir

Fossar leggja áherslu á stöðuga þróun góðra stjórnarháttar, enda leggja þeir grunninn að traustum og vönduðum samskiptum hluthafa, stjórnar, starfsmanna, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Þá stuðla stjórnarhættir Fossa að ábyrgri ákvarðanatöku og árangri í rekstri, með traust og fagmennsku að leiðarljósi. Fossar fylgja í meginatriðum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfu frá árinu 2021. Frávik Fossa frá fylgni við leiðbeiningarnar eru tilgreindar í stjórnarháttayfirlýsingu bankans, sem samþykkt er árlega af stjórn og birt opinberlega á vefsíðu bankans. Fossar hlutu viðurkenningu Stjórnvísar árið 2023 sem fyrirmyndafyrirtæki í stjórnarháttum en matsferlið byggir í meginatriðum á fyrrnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Fossar fylgja að auki viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti í meginatriðum. Stjórnarhættir Fossa markast enn fremur af lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og undirnefnda stjórnar, siðareglum bankans auk hinna ýmsu stefna og reglna sem stjórn hefur sett.

Stjórn Fossa fjárfestingarbanka hefur sett sér starfsreglur á grundvelli 4. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitins nr. 1/2010 og 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tilgangur þeirra er ákvarða verkaskiptingu stjórnar Fossa sem og önnur störf hennar og samskipti, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans, auka trúverðugleika og stuðla að óhlutdrægni við meðferð mála. Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsíðu bankans og aðgengilegar á eftirfarandi tengli:

https://fossar.is/wp-content/uploads/2023/11/31.10.2023-Starfsreglur-stjornar_undirritadar.pdf

Árleg stjórnarháttayfirlýsing Fossa var síðast samþykkt af stjórn bankans þann 27. janúar 2023, fyrir árið 2022. Tilgangur stjórnarháttayfirlýsingarinnar er að skýra valdsvið, hlutverk og ábyrgð stjórnareininga bankans og hvernig ákvörðunartaka fer fram, í samræmi við gildandi lög og reglur.

Stjórn hefur samþykkt siðareglur bankans, en markmið þeirra er að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni starfsmanna Fossa gagnvart viðskiptavinum og öðrum hagaðilum, auk þess að efla traust og trúverðugleika á starfsemi Fossa. Siðareglurnar gilda um alla starfsmenn, stjórnendur og stjórn Fossa.

5.2.3 Helstu stefnur bankans

Stjórn Fossa hefur sett ýmsar stefnur sem gilda um bankann og starfsfólk hans, auk þess sem stjórnin hefur samþykkt fjölda reglna sem varðar starfsemi bankans. Hér er vikið að helstu stefnum og stefnumarkandi reglum sem varða rekstur og starfsemi bankans, en listinn er ekki tæmandi. Stefnurnar eru samþykktar af stjórn, en starfskjarastefna er að auki er samþykkt af hluthafafundi.

Starfskjarastefna

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja samþykkir stjórn Fossa starfskjarastefnu bankans, sem varðar laun og aðrar greiðslur til stjórnarmanna, forstjóra, framkvæmdastjóra og yfirmanna eftirlitseininga. Í starfskjarastefnu bankans segir meðal annars að heimilt sé að greiða starfsmönnum og stjórnendum kaupauka á grundvelli kaupaukakerfis, að því gefnu að slíkt kerfi hafi verið samþykkt af stjórn. Kaupaukakerfi skal vera í samræmi við ákvæði laga og reglna um slíkt kerfi. Starfskjarastefnan er lögð fram til samþykktar á aðalfundi ár hvert. Starfskjarastefnan er birt á vefsíðu bankans og hana má nálgast á eftirfarandi tengli:

https://fossar.is/wp-content/uploads/2023/03/Starfskjarastefna_Samthykkt-a-adalfundi-2023.pdf

Stefna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Stefna Fossa um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru stefnumarkandi fyrir aðgerðir, ábyrgð og áhættuvilja bankans í málaflokknum. Í henni er tilgreint að það sé skýr stefna Fossa að vinna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og koma í veg fyrir að starfsemi bankans sé misnotuð í slíkum tilgangi. Það er markmið Fossa að varnir bankans séu ávallt sterkar og að takmarka áhættu eins og kostur er þegar kemur að peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Rík áhersla er lögð á að farið sé eftir lögum gegn peningabætti og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum og stuðla að samvinnu við yfirvöld og eftirlitsaðila þegar það á við. Í stefnunni er fjallað um áhættuvilja, hlutverk og ábyrgð varnarlína innra eftirlits í peningabættisvörnum, þar með talið hlutverk ábyrgðarmann peningabættisvarna sem regluvörður gegnir, skipulags- og stjórnunarlegar ráðstafanir Fossa í málaflokknum og fleira. Stjórn hefur einnig samþykkt áhættumat og reglur sem varða aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Stefna um aðgerðir gegn peningabætti er birt á vefsíðu bankans og má nálgast á eftirfarandi tengli:

https://fossar.is/wp-content/uploads/2023/11/Fossar_Stefna-um-adgerdir-gegn-peningathvaetti-og-fjarmognun-hrydjuverka_31.10.2023.pdf

Persónuverndarstefna

Persónuverndarstefna bankans fjallar um meðhöndlun og vinnslu persónuupplýsinga hjá bankanum, en í henni er tilgreint að rík áhersla sé lögð á að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan Fossa. Persónuverndarstefnunni er ætlað að upplýsa um hvaða upplýsingum bankinn safnar, með hvaða hætti bankinn nýtir slíkar persónuupplýsingar og hverjir fá aðgang að þeim. Þar er fjallað um tilgang vinnslu, tegundir og varðveislutíma persónuupplýsinga, öryggi persónuupplýsinga, réttindi skráðra aðila og fleira. Persónuverndarstefna bankans er birt á vefsíðu bankans og má nálgast á eftirfarandi tengli:

https://fossar.is/wp-content/uploads/2022/04/Fossar_Perso%CC%81nuverndarstefna-.pdf

Stefna um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Stefna og reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum eiga við um fjárfestingarþjónustu Fossa. Þar er lýst aðferðum Fossa við greiningu hagsmunaárekstra í starfsemi bankans, meðhöndlun þeirra og

ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá. Stefnunni og reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að draga megi hlutlægni starfsmanna Fossa í efa við meðferð og afgreiðslu þeirra á einstökum málum. Ýmsar reglur bankans varða ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum, s.s. reglur um eigin viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga, reglur um hvatagreiðslur og umbun, reglur um atvinnuþátttöku starfsmanna, reglur um aðskilnað starfssviða og fleira. Í stefnunni og reglunum er upplýst um mögulega hagsmunaaðrekstra sem geta skapast á milli bankans og viðskiptavina hans. Stefna og reglur bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstra er birt á vefsíðu bankans og má nálgast á eftirfarandi tengli:

https://fossar.is/wp-content/uploads/2023/05/2022.05.27_Fossar_Reglur-um-radstafanir-gegn-hagsmunaaekstrum.pdf

Síðareglur

Stjórn Fossa hefur sett bankanum síðareglur. Markmið síðareglanna er að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni starfsmanna Fossa gagnvart viðskiptavinum og öðrum starfsmönnum auk þess að efla traust á og trúverðugleika starfsemi Fossa. Starfsmenn skulu starfa af fagmennsku og í þágu viðskiptavina sinna. Reglurnar miða jafnframt að því að draga úr áhættu, einkum rekstrar- og orðsporsáhættu. Síðareglurnar gilda um alla starfsmenn, stjórnendur og stjórn Fossa. Starfsmönnum ber að kynna sér reglurnar og fylgja þeim í hvívetna í störfum sínum fyrir Fossa.

Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi

Stjórn Fossa hefur samþykkt stefnu og viðbragðsáætlun bankans gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO-stefna). Það er eindregin stefna Fossa að stuðla að gagnkvæmri virðingu á vinnustaðnum og að skapa öruggt starfsumhverfi fyrir starfsmenn. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er ekki liðið á vinnustaðnum og skal það samkvæmt stefnunni teljast alvarlegt brot á starfsskyldum. Allt starfsfólk skal njóta jafnræðis án tillits til uppruna, þjóðernis, lítarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kyntjáningar, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Starfsfólk Fossa skal eiga samvinnu um að tryggja að einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað á vinnustaðnum. Stjórnendur bera ábyrgð á að skapa viðunandi starfsumhverfi þar sem einelti, áreitni og ofbeldi líðst ekki. Stjórnendur og aðrir starfsmenn hafa eindregna skyldu til að leggja ekki í einelti, og beita ekki áreitni eða ofbeldi. Fossar leggja áherslu á virðingu og vandaða háttsemi, og því er síðferðislega ámælisverð hegðun ekki viðgengin. Í stefnunni er sett fram áætlun um hvernig tilkynna um ósæmilega hegðun samkvæmt stefnunni og viðbragðsáætlun við slíkar tilkynningar. Stefnan er kynnt öllum starfsmönnum.

Stefnur á sviði áhættustýringar

Stjórn Fossa hefur sett ýmsar stefnur til stýringar áhættu sem grundvallast á áhættuvilja stjórnar, s.s. stefnu um hlítningaráhættu, stefnu um lausafjáraáhættu, stefnu um rekstraráhættu, stefnu um útlánaáhættu og stefnu um markaðsáhættu. Á grundvelli stefnu um rekstraráhættu hefur stjórn enn fremur samþykkt öryggisstefnu og útvistunarstefnu.

5.2.4 Undirnefndir stjórnar

Hjá Fossum eru starfræktar þrjár undirnefndar stjórnar; áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Áhættunefnd Fossa sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, stýringu lausafjáraáhættu, útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Nefndin starfar eftir starfsreglum áhættunefndar Fossa. Áhættunefnd skipa Anna Helga Baldursdóttir, formaður nefndar, Haraldur I. Þórðarson og Kolbein Arinbjarnarson.

Endurskoðunarnefnd Fossa sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn og hefur m.a. eftirlit með reikningsskilum bankans, virkni innra eftirlits og innri og ytri endurskoðun þess. Nefndin starfar eftir starfsreglum endurskoðunarnefndar Fossa. Endurskoðunarnefnd skipa Ása Karlsdóttir, formaður nefndar, Brynjar Þór Hreinsson og Lilja Dóra Halldórsdóttir. Nefndarmenn eru allir óháðir

endurskoðendum Fossa fjárfestingarbanka hf., daglegum stjórnendum bankans og stórum hluthöfum þess.

Starfskjaranefnd Fossa sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn í tengslum við starfskjar bankans og að þau styðji við markmið og hagsmuni þess. Meginhlutverk starfskjaranefndar er að útbúa árlega starfskjarastefnu og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Starfskjaranefnd skipa Kolbeinn Arinbjarnarson, formaður nefndarinnar, Anna Helga Baldursdóttir og Lilja Dóra Halldórsdóttir.

5.2.5 Innra eftirlit, regluvarsla og áhættustýring

Stjórn Fossa ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá bankanum. Innra eftirlit útgefanda byggir á áhættumati og eftirlitsráðstöfunum sem ætlað er að lágmarka þá áhættu sem er umfram samþykktan áhættuvilja bankans. Þá hefur stjórn samþykkt ýmsar verklagsreglur er varða innra eftirlit. Innra eftirlit Fossa er skipulagt út frá þremur varnarlínum, með það að markmiði að tryggja skilvirkni og samræmingu ábyrgðar.

Í fyrstu varnarlínu eru stjórnendur og starfsmenn viðskipta- og stoðeininga, sem hafa umsjón með daglegum rekstri bankans. Fyrsta varnarlína ber ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Fyrsta varnarlína skal hafa til staðar víðeigandi ferla og eftirlit sem miðar að því að greina og milda áhættu í samræmi við áhættuvilja bankans, og sömuleiðis að starfsemin sé í samræmi við kröfur samkvæmt lögum og innri reglur og ferla.

Önnur varnarlína samanstendur af innri eftirlitseinungum bankans. Hlutverk annarrar varnarlínu er að tryggja að fyrsta varnarlína komi á fullnægjandi innra eftirliti og að því sé fylgt sem skyldi. Megineiningar annarrar varnarlínu eru regluvarsla og áhættustýring. Aðrar einingar kunna að fá hlutverk í þessari varnarlínu.

Stjórn skipar regluvörð og ritar undir erindisbréf hans. Meginhlutverk regluvörslu er að gæta þess að Fossar viðhaldi víðeigandi verklagi til að greina hættu á misbrestum í starfsemi sinni og lágmarka slíka hættu. Regluvarsla hefur því varanlegt eftirlit með og framkvæmir reglulegt mat á því hvort þær ráðstafanir, stefnur og verklag sem komið hefur verið á, og þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að taka á annmörkum á því að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar, séu fullnægjandi og skilvirkar. Meginskyldur regluvarðar varða eftirlit með fylgni við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Regluvörður sinnir hlutverki ábyrgðarmanns peningaþvættisvarna hjá bankanum. Skýrslur og niðurstöður regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust.

Áhættustýring er sú eining innan bankans sem ber ábyrgð á greiningu, mati, eftirliti, stýringu og upplýsingagjöf er varðar áhættuþætti bankans og hefur þannig það hlutverk að framfylgja áhættustefnu bankans. Í samræmi við lög og önnur stjórnvaldsfyrirmæli skal áhættustýring reglulega greina, meta og fylgjast með helstu áhættuþáttum í starfsemi bankans og nota við það viðurkenndar aðferðir. Skal áhættustýring fylgjast með að bæði einstakir áhættuþættir og heildaráhætta bankans sé í samræmi við þau markmið, takmarkanir og kröfur sem settar eru fram í áhættustefnu bankans sem og gildandi lög og reglur. Áhættustýring hefur m.a. eftirlit með markaðsáhættu, útlánaáhættu, rekstraráhættu og lausafjáráhættu innan bankans. Stjórn hefur samþykkt verklagsreglur áhættustýringar sem og áhættustefnu Fossa og skal tryggja að innri ferlar og umgjörð vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega.

Þriðja varnarlína samanstendur af innri endurskoðun. Markmið þriðju varnarlínu er að framkvæma sjálfstæðar úttektir á skilvirkni innra eftirlits. Innri endurskoðun er í höndum Deloitte ehf. samkvæmt samningi. Innri endurskoðandi framkvæmir árlega sjálfstæða og óháða skoðun á starfsemi bankans, og birtir stjórn niðurstöður sínar milliliðalaust til stjórnar.

Til viðbótar má nefna að stjórn skipar lánanefnd bankans og setur lánareglur fyrir bankann að fengnu áliti áhættunefndar stjórnar. Lánanefnd tekur ákvörðun um lánveitingar til viðskiptavina bankans. Hún hefur það hlutverk að meta lánshæfi viðskiptavina Fossa og samþykkja eða hafna beiðnum um lán innan þeirra heimilda sem stjórn hefur sett, s.s. útlánastefnu og heimildaramma. Í lánareglum sem nefndin

setur sér er kveðið á um starfshætti lánanefndar og eftirlit með fylgni þeirra. Lánareglur eru settar í þeim tilgangi að setja umgjörð og feril um lánveitingar Fossa til viðskiptavina sinna og tryggja samræmi og vönduð vinnubrögð. Útlán Fossa skulu fara eftir þessum reglum og öðrum þeim reglum sem lánanefnd setur á grundvelli reglnanna. Þar segir að Fossar skulu á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla útlánastarfsemi. Innri ferla og reglur skal endurmeta reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og starfsemi Fossa. Eftirlit með framkvæmd lánareglna er í höndum áhættustýringar, sem fylgist með hlífni og annast framkvæmd veðkalla eftir því sem við á.

5.2.6 Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni

Það er markmið Fossa að sýna ábyrgð í umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum, bæði í rekstri bankans og í gegnum áhrif starfsemi bankans á viðskiptavini, samfélag og aðra haghafa. Fossar vilja því leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í rekstri sínum, skapa heilbrigðan, öruggan og uppbyggilegan starfsvettvang og stuðla að góðum og heilbrigðum stjórnarháttum. Sjálfbærnisjónarmið hafa ávallt verið höfð að leiðarljósi í starfsháttum bankans og hafa Fossar bæði framkvæmd mikilvægisgreiningu og sett sér sjálfbærnistefnu. Starfrækt er sjálfbærninefnd innan bankans, sem skipuð er af framkvæmdastjórn. Nefndin er formlegur vettvangur fyrir umræðu um mál er varða sjálfbærniþætti, sjálfbærniáhættu og önnur tengd atriði. Þá falla Fossar undir gildissvið laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin lögfestu m.a. reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („**SFDR reglugerð**“) og reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu („**Taxonomy reglugerð**“). Lög nr. 25/2023 lögfestu auk þess tiltekna breytingar á lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga um sjálfbærniþætti, sjálfbærniáhættu, sjálfbærnióskir fjárfesta og fleiri atriði. Fossar hafa unnið að innleiðingu lagabreytinganna og er sú vinna enn yfirstandandi. Þau leggja ýmsar skyldur á Fossa á sviði umhverfislegrar sjálfbærni bæði vegna stöðu Fossa sem eining tengd almannahagsmunum og sem milliliður á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafi. Eignastýringarsvið Fossa hefur innleitt stefnu um ábyrgar fjárfestingar í verklagi sínu við fjárfestingarákvarðanir. Þá er sjálfbærniáhætta metin við fjárfestingarákvarðanir, að því marki sem traustar upplýsingar frá útgefendum eru aðgengilegar við ákvarðanatöku. Sviðið leitast við að fjárfesta í fyrirtækjum og sjóðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi.

Fossar eru aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment (UN PRI). Meginreglunum er ætlað að hjálpa fjárfestum að skilja áhrif umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna á fjárfestingar og styðja þannig við að aðilar að meginreglunum taki ófjárhagslega þætti inn í fjárfestingarákvarðanir sínar. Með aðildinni hafa Fossar skuldbundið sig til að innleiða og útfæra meginreglurnar í starfsemi bankans, skila gagnsæisskýrslu til samtakanna árlega og upplýsa hvernig staðið er að ábyrgum fjárfestingum í starfseminni. Fossar skila fyrstu gagnsæisskýrslunni á árinu 2023. Einnig eru Fossar aðili að IcelandSIF, umræðuvettvangs um ábyrgar fjárfestingar, sem hefur það markmið að efla þekkingu á sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum. Starfsmenn Fossa eru þar virkir þátttakendur og eru fulltrúar í vinnuhópum á vegum samtakanna. Félagið var fyrst innlendra fyrirtækja til að gerast aðili að Climate Bonds Initiative (CBI), alþjóðlegum samtökum sem vinna að því að virkja skuldabréfamarkaði í þágu umhverfismála á heimsvísu. Bankinn hefur verið brautryðjandi í umsjón með útgáfu sjálfbærra skuldabréfa hérlendis og hafa Fossar hafa verið leiðandi söluráðgjafi á sjálfbærum skuldabréfamarkaði.

Allt frá stofnun hafa Fossar lagt áherslu á að hafa jákvæð áhrif á nærsamfélag sitt. Stærsta verkefnið á því sviði er Takk dagurinn en hann hefur verið haldinn á hverju ári frá stofnun Fossa árið 2015. Þann dag renna allar þóknatekjur Fossa til góðs málefnis sem starfsfólk velur hverju sinni. Að auki fella Kauphöllin, Nasdaq Iceland og T Plús niður öll gjöld af viðskiptum Fossa og láta þau renna til söfnunarinnar og auglýsingastofan TVIST gefur vinnu sem tengist deginum. Frá upphafi hafa safnast yfir 100 milljónir sem runnið hafa til sjö mismunandi samfélagsverkefna og félagasamtaka.

Stjórn hefur samþykkt sjálfbærnistefnu en hún er birt á vefsíðu Fossa, en þar eru sett fram áherslumarkmið Fossa sem taka mið af niðurstöðu mikilvægisgreiningar: https://fossar.is/wp-content/uploads/2024/01/2023.06.30_Fossar_Sjalbbaernistefna.pdf

5.2.7 Stjórn útgefanda

Formaður stjórnar

<i>Nafn</i>	Haraldur I. Þórðarson
<i>Fæðingardagur</i>	9. mars 1979.
<i>Starf utan útgefanda</i>	Forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Situr í stjórn Fossar Markets UK Ltd., NASF á Íslandi, Viðskiptaráðs Íslands, H3 ehf. og Hrafns ehf.
<i>Fyrst kjörinn</i>	20. október 2023.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	226.832 hlutir persónulega og 55.985.315 hlutir í gegnum félagið H3 ehf., sem Haraldur er 100% eigandi að, í Vátryggingafélagi Íslands. Haraldur er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands og dótturfélaga. Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun kaupréttarsamnings.

Stjórnarmaður

<i>Nafn</i>	Anna Helga Baldursdóttir
<i>Fæðingardagur</i>	4. apríl 1976.
<i>Starf utan útgefanda</i>	Sjálfstætt starfandi ráðgjafi.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Á ekki við
<i>Fyrst kjörinn</i>	14. júní 2022.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	226.832 hlutir í Vátryggingafélagi Íslands.

Stjórnarmaður

<i>Nafn</i>	Brynjar Þór Hreinsson
<i>Fæðingardagur</i>	1. október 1982.
<i>Starf utan útgefanda</i>	Fjármálastjóri Vátryggingafélags Íslands hf.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Situr í stjórn VÍS trygginga hf. og North Holding ehf.
<i>Fyrst kjörinn</i>	20. október 2023.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	Engir. Brynjar er aðili að almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands og dótturfélaga. Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun kaupréttarsamnings.

Stjórnarmaður

<i>Nafn</i>	Kolbeinn Arinbjarnarson
-------------	--------------------------------

<i>Fæðingardagur</i>	10. maí 1962.
<i>Starf utan úttefanda</i>	Sjálfstætt starfandi ráðgjafi.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Stjórnarmaður í Cranley ehf.
<i>Fyrst kjörinn</i>	27. mars 2015.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	1.681.936 hlutir í Vátryggingafélagi Íslands í gegnum félagið Cranley ehf., sem Kolbeinn er 100% eigandi að.

Stjórnarmaður

<i>Nafn</i>	Lilja Dóra Halldórsdóttir
<i>Fæðingardagur</i>	4. desember 1967.
<i>Starf utan úttefanda</i>	Sjálfstætt starfandi ráðgjafi.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Situr í stjórn Klakka ehf. og Hegraness ehf.
<i>Fyrst kjörinn</i>	14. júní 2022.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	226.832 hlutir í Vátryggingafélagi Íslands.

5.2.8 Framkvæmdastjórn úttefanda

Forstjóri

<i>Nafn</i>	Steingrímur Arnar Finnsson
<i>Fæðingardagur</i>	29. febrúar 1980.
<i>Starfeynsla</i>	Forstjóri Fossa fjárfestingarbanka frá árinu 2023, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Fossa fjárfestingarbanka frá 2015 til 2023, forstöðumaður innan markaðsviðskipta Straums fjárfestingarbanka hf. frá 2011 til 2015, starfsmaður markaðsviðskipta Kaupþings og síðar Arion banka frá 2006 til 2011, fyrst á gjaldeyris- og afleiðuborði og síðar í skuldabréfamiðlun. Þar áður starfaði hann í greiningardeild Kaupþings banka.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Situr í stjórn Kormáks Invest ehf.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	226.832 hlutir persónulega og 35.614.044 hlutir í gegnum félagið Kormákur Invest ehf., sem Steingrímur er 100% eigandi að, í Vátryggingafélagi Íslands. Steingrímur er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands og dótturfélaga. Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun kaupréttarsamnings.

Framkvæmdastjóri markaðsviðskipta

<i>Nafn</i>	Adrian Sabido
<i>Fæðingardagur</i>	7. ágúst 1984.

<i>Starfeynsla</i>	Framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Fossa fjárfestingarbanka frá 2023, hlutabréfamiðlari hjá markaðsviðskiptum Fossa fjárfestingarbanka frá 2018 til 2023, hlutabréfamiðlari í markaðsviðskiptum Arctica Finance hf. frá 2015 til 2018, forstöðumaður markaðsviðskipta H.F. Verðbréfa hf. frá 2011 til 2015 og starfsmaður í fjárstýringu Icebank hf. frá 2008 til 2009.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Situr í stjórn HT19 ehf. og HT20 ehf.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	359.185 hlutir persónulega og 9.139.194 hlutir í gegnum félagið HT19 ehf., sem Adrian er 100% eigandi að, í Vátryggingafélagi Íslands. Adrian er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands og dótturfélaga. Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun kaupréttarsamnings.

Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs

<i>Nafn</i>	Heiðrún Haraldsdóttir
<i>Fæðingardagur</i>	9. apríl 1975.
<i>Starfeynsla</i>	Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs hjá Fossum fjárfestingarbanka frá árinu 2023, rekstrarstjóri fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. á árunum 2020 til 2023, sérfræðingur í gagnagreiningu í hagdeild Arion banka frá 2014 til 2019, sérfræðingur á fjármálasviði Arion banka frá 2009 til 2014, sérfræðingur á fjármálasviði Glitnis banka frá 2005-2008, rekstrarstjóri kvikmyndadeildar Skífunnar frá 2000-2005 og fjármálastjóri Hér og nú auglýsingastofu frá 1999 til 2000.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Varamaður í stjórn Arró ehf.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	132.353 hlutir í Vátryggingafélagi Íslands. Heiðrún er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands og dótturfélaga. Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun kaupréttarsamnings.

Framkvæmdastjóri eignastýringar

<i>Nafn</i>	Sveinbjörn Sveinbjörnsson
<i>Fæðingardagur</i>	6. maí 1980.
<i>Starfeynsla</i>	Framkvæmdastjóri eignastýringar hjá Fossum fjárfestingarbanka frá árinu 2023, forstöðumaður eignastýringar Íslandsbanka hf. frá 2018 til 2023, forstöðumaður einkabankapjónustu Íslandsbanka hf. frá 2013 til 2018, viðskiptastjóri í einkabankapjónustu hf. frá 2009 til 2013, hlutabréfamiðlari í markaðsviðskiptum Íslandsbanka hf. frá 2005 til 2008.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Situr í stjórn Samstarfsvettvangs Íþróttafélaga í Kópavogi og KM 2024 – mótahald ehf. auk þess að vera stjórnarformaður Green Data ehf. og varamaður í stjórn LM 2022 ehf.

Fjöldi hluta beint/óbeint 132.353 hlutir í Vátryggingafélagi Íslands. Sveinbjörn er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands og dótturfélaga. Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun kaupréttarsamnings.

Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs

Nafn **Þórunn Ólafsdóttir**

Fæðingardagur 17. apríl 1988

Starfeynsla Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Fossum fjárfestingarbanka frá árinu 2023 og yfirlögfræðingur bankans frá árinu 2019. Lögmaður og eigandi hjá SKR lögfræðiþjónustu slf. frá 2016 til 2019, lögfræðingur hjá Deloitte ehf. á árinu 2016, lögfræðingur hjá Nordik lögfræðiþjónustu slf. frá 2014 til 2016 og lögfræðingur hjá H.F. Verðbréfum hf. frá 2013 til 2014.

Stjórnarseta í öðrum félögum Situr í stjórn T Plús hf. og er varamaður í stjórn Íslensku lögmannsstofunnar ehf.

Fjöldi hluta beint/óbeint 359.185 hlutir í Vátryggingafélagi Íslands. Þórunn er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands og dótturfélaga. Samkvæmt áætluninni öðlast kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni að 12 mánuðum liðnum frá undirritun kaupréttarsamnings.

Aðsetur stjórnar og framkvæmdastjórnar útgefanda er að Ármúla 3, 108 Reykjavík, Íslandi. Engir hagsmunaaðrekstrar eru á milli skyldustarfa ofangreindra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrir útgefanda annars vegar og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa hins vegar, aðrir en þeir sem greint er frá hér að framan.

5.3 Hluthafar og hlutafé

Hlutafé bankans er 520.772.888 kr. og skiptist það í jafnmarga hluti sem hver er að fjárhæð 1 kr. Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir og tilheyra þeir sama flokki og eru þeir jafn réttáir. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum hans á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda.

Samkvæmt hlutaskrá útgefanda þann 13. desember 2023 eru tveir hluthafar í félaginu. Hlutafé skiptist á eftirfarandi hátt:

Hluthafi	Kennitala	Heimilisfang	Fjöldi hluta	Hlutfall
Vátryggingafélag Íslands hf.	690689-2009	Ármúla 3, 108 Reykjavík	520.772.887	100.00%
VÍS tryggingar hf.	670112-0470	Ármúla 3, 108 Reykjavík	1	0.00%

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í útgefanda.

Í samræmi við áætlanir sameinaðs félags Fossa og VÍS um frekari sókn í fjárfestingarbankastarfsemi samþykkti stjórn VÍS hlutafjárukningu í Fossum, sem nam tæplega 1,4 milljarði króna, og samanstóð af hlutafé og umbreytingu víkjandi láns. Hlutafjárukningin eykur fjárhagslegan styrk bankans og styður við fyrirliggjandi áform um hraðan vöxt í bankastarfsemi og markvissa sókn á íslenskum fjármálamarkaði. Hlutafjárukningin gekk í gegn 2. október 2023.

5.4 Þróun og horfur frá síðustu reikningsskilum

Frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem endurskoðuð reikningsskil hafa verið birtar um, sbr. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2023, sem birtur var á vefsíðu útgefanda þann 1. mars 2024, hafa engar mikilvægar breytingar eða atburðir átt sér stað sem áhrif geta haft á fjárhagsstöðu útgefanda.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil félagsins voru birt á vefsíðu útgefanda þann 1. mars 2024.

Ekki hafa orðið neinar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu samstæðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar um, sbr. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2023, sem birtur var á vefsíðu útgefanda þann 1. mars 2024.

6 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Grunnlýsing þessi, dagsett 6. mars 2024, telst vera grunnlýsing í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/1129, sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsingin inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja þeim skuldaskjölum, sem gefa má út í samræmi við útgáfuramma þann er lýst er í grunnlýsingunni, á þeim degi sem hún er dagsett. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Samkvæmt útgáfurammanum getur Fossar fjárfestingarbanki hf. gefið út skuldaskjöl fyrir allt að 12 ma. kr. í samræmi við ákvæði útgáfurammans, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing, í hverri þeirri mynt sem ákveðin er af útgefanda og tilgreind er í endanlegum skilmálum hverju sinni. Sé um að ræða útgáfu skuldaskjala undir útgáfurammanum sem fellur undir undanþágu frá birtingu lýsingar skv. 4. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar 2017/1129 er þó heimilt að gefa út án gildirar grunnlýsingar. Þessi grunnlýsing gildir í 12 mánuði frá dagsetningu hennar. Upplýsingar um nafnvirði, vexti, ávöxtun og ákveðnar aðrar upplýsingar sem eiga við um þau skuldaskjöl sem gefa skal út á hverjum tíma í samræmi við skilmála útgáfurammans líkt og skilgreint er í kafla 3 *Skilmálar skuldaskjalanna*, og 4 *Form endanlegra skilmála* verða tilgreindar í endanlegum skilmálum. Ef sótt verður um töku skuldaskjalanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland verða endanlegu skilmálarnir skráðir og birtir á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og vefsíðu útgefandans, <https://fossar.is/fjarfestar/>.

Grunnlýsing þessi varðar skuldaskjöl útgefin af Fossum fjárfestingarbanka hf. sem gefa má út í samræmi við útgáfuramman vegna umsóknar um að þeir verði teknir til viðskipta á skipulegum markaði og/eða vegna útboðs á þeim sem beint er til hæfra fjárfesta og/eða 150 eða færri almennra fjárfesta. Grunnlýsing þessi varðar því skuldaskjöl sem tilgreind verða í viðeigandi endanlegum skilmálum grunnlýsingarinnar.

Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, eftir því sem við á og í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/1129, sem innleidd var í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum samkvæmt viðaukum 7, 15 og 28 við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/980. Grunnlýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum kauphallar um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum markaði (*Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga*), eins og þær eru á hverjum tíma, í samræmi við lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 hefur staðfest grunnlýsinguna sem dagsett er 6. mars 2024. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis grunnlýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem grunnlýsingin varðar né sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem grunnlýsingin varðar. Fjáfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Grunnlýsingin er dagsett 6. mars 2024 og hana, ásamt viðaukum við hana, ef einhverjir eru, má nálgast á vef útgefanda, <https://fossar.is/fjarfestar/>.

Fjárfesting í skuldaskjölum felur í sér áhættu. Vegna mögulegra fjárfestinga í þeim skuldaskjölum sem grunnlýsing þessi varðar þá eru fjáfestar hvattir til að kynna sér vel grunnlýsinguna og hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana, en skjölin má nálgast á vef bankans, <https://fossar.is/fjarfestar/>. Er fjárfestum ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti.

Eftir birtingu grunnlýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Fossum fjárfestingarbanka eða varða útgefanda og viðkomandi skuldaskjöl. Upplýsingar í grunnlýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með þau skuldaskjöl sem tilgreind eru í viðeigandi endanlegum skilmálum, á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Gefinn skal út viðauki

við grunnlýsingu ef nauðsynlegt þykir í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/1129, sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal innihalda uppfærðar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem boðin eru í lokuðu útboði og/eða ætlunin er að taka til viðskipta á skipulegum markaði. Litið skal svo á að yfirlýsingar og upplýsingar sem fram koma í slíkum viðaukum, eða skjölum sem felld eru með tilvísun inn í viðaukana, breyti og/eða komi í stað yfirlýsinga og upplýsinga sem fram koma í grunnlýsingu.

Grunnlýsingu þessa má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á skuldaskjölum er í eðli sínu áhættufjárfesting. Fjárfesting í skuldaskjölum, sem gefin eru út af Fossum, eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í skuldaskjölum útgefnum af Fossum og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á fjármálagerningum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldaskjölum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Grunnlýsingu þessa skal hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Grunnlýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada, Bretlands eða Japans. Útgefandi, seljandi eða umsjónaraðili eru ekki ábyrgir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingu sem fram fer í trássi við ofangreindar dreifingartakmarkanir.

Hlutabréf útgefanda eru ekki tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Aftur á móti eru hlutabréf í móðurfélagi útgefanda, Vátryggingafélagi Íslands, tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021. Fossar hafa því frá 2. október 2023, þegar kaup Vátryggingafélags Íslands á öllu útstandandi hlutafé Fossa gengu í gegn, borið óbeina upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum vegna stöðu bankans sem dótturfélag skráðs félags. Upplýsingaskyldan grundvallast á lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu og lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðum settum á grundvelli laganna auk reglna fyrir útgefendur hlutabréfa, útgefna af Nasdaq Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma. Upplýsingar sem móðurfélagi útgefanda birtir vegna upplýsingaskyldu sinnar á markaði skulu birtar opinberlega, en opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar á Evrópska efnahagssvæðinu. Vátryggingafélag Íslands ber framangreinda skyldu en upplýsingaskyldan tekur til samstæðunnar í heild, eftir því sem við á samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Grunnlýsingin varðar skuldaskjöl sem gefin verða út í samræmi við útgáfurammann og sem kann að vera að sótt verði um að tekin verði til viðskipta á skipulegum markaði. Taka skuldaskjalanna til viðskipta á skipulegum markaði og sala þeirra í lokuðu útboði heildsöluverðbréfa fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga sem gilda um viðskipti skráðra verðbréfa, sbr. lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, reglugerð (ESB) 2017/1129 og reglur Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga frá 1. janúar 2024. Útgefanda ber að fylgja fyrrgreindum reglum og reglugerðum ef skuldaskjöl útgefin af honum eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Þá ber útgefandi upplýsingaskyldu vegna þeirra skuldaskjala sem tekin kunna að vera til viðskipta á skipulegum markaði, en sú upplýsingaskylda grundvallast m.a. á lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu og lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðum settum á grundvelli laganna. Verði umsókn um töku til viðskipta samþykkt af Nasdaq Iceland mun Nasdaq Iceland tilkynna fyrsta viðskiptadag með skuldaskjöl með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Útgefandi kann að gefa út flokka skuldaskjala innan útgáfurammans sem ekki verða sótt um að teknir verða til viðskipta á skipulegum markaði.

Á meðan fjármálagerningar útgefnir af Fossum fjárfestingarbanka hf. verða til viðskipta á skipulegum markaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef bankans, á slóðinni <https://fossar.is/fjarfestar/>.

6.1 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „bankans“ eða „bankans“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Fossa fjárfestingarbanka hf., kennitala 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Íslandi, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Fossa“ eða „Fossa fjárfestingarbanka“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til útgefanda, nema annað megi skilja af samhengi textans. Fossum fjárfestingarbanki hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti. Erlent aukaheiti útgefanda er Fossum Investment Bank hf.

Vísun til „móðurfélags“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, eða félags með sömu kennitölu hverju nafni sem það kann að nefnast, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „samstæðu“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til samstæðu Fossa fjárfestingarbanka, kt. 660907-0250, Vátryggingafélags Íslands, kt. 690989-2009 og SIV eignastýringar, kt. 581022-0850, ásamt öðrum dóttur- og hlutdeildarfélögum innan samstæðunnar sem lýst er í grunnlýsingu þessari.

Vísun til „skuldaskjalanna“, „verðbréfanna“, „skuldabréfanna“, „skuldabréfaflokksins“, „vixlanna“, „vixlaflokksins“ eða „skuldaskjalaflokksins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til verðbréfa sem gefin eru út í samræmi við ákvæði útgáfurammans sem lýst er í grunnlýsingunni.

Vísun til „útgáfurammans“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til 12 ma.kr. útgáfuramma ársins 2024 sem lýst er í grunnlýsingu þessari.

Vísun til „kröfuhafa“, „fjárfesta“, „skuldaskjalaeigenda“ eða „eigenda skuldaskjala“ skal í þessari grunnlýsingu túlka sem eigendur ýmist skuldabréfa eða vixla sem geta framvísað staðfestingu á eignarhaldi skuldaskjalanna.

Vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kennitala 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Nasdaq Iceland“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Nasdaq CSD“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi, sem er verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Vísun til „verðbréfareiknings“ eða „vörslureiknings“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem rafrænan eignareikning í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Vísun til „Aðalmarkaðar“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar Nasdaq Iceland hf. sem er skipulegur markaður nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Alþjóðlegra reikningsskilastaðla“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til International Financial Reporting (IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002.

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Vísun til „tölul.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem „töluliður“.

Vísun til „mgr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem „málgrein“.

Vísun til „gr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem „grein“.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í grunnlýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.

Í grunnlýsingu þessari skulu skilgreind orð í eintölu jafnframt taka til fleirtölumyndar orðsins, og öfugt. Einnig skulu orð tilgreind án greinis jafnframt taka til orðanna með greini, og öfugt.

6.2 Gildistími og aðgengi að lýsingu

Lýsingin er gefin út á íslensku og gildir í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Gildistími lýsingarinnar hefur þó engin áhrif á þau skuldaskjöl sem gefin hafa verið út á grundvelli lýsingarinnar fram til þess tíma. Aðgengi að grunnlýsingu þessari verður tryggt í 10 ár frá staðfestingu lýsingar. Það verður gert með birtingu á vef félagsins, á slóðinni <https://fossar.is/fjarfestar/>.

6.3 Upplýsingar felldar inn með tilvísun

Eftirfarandi gögn eru felld inn með tilvísun í grunnlýsingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af grunnlýsingu þessari og tiltekin sem gögn felld inn með tilvísun:

- Endurskoðaður ársreikningur Fossa fjárfestingarbanka hf. fyrir fjárhagsárið 2023, ásamt áritun endurskoðanda, sem finna má á eftirfarandi vefslóð:
<https://fossar.is/wp-content/uploads/2024/03/Asreikningur-Fossa-fjarfestingabanka-2023.pdf>
- Endurskoðaður ársreikningur Fossa fjárfestingarbanka hf. fyrir fjárhagsárið 2022, ásamt áritun endurskoðanda, sem finna má á eftirfarandi vefslóð:
https://fossar.is/wp-content/uploads/2023/03/Fossar-fjarfestingabanki-arsreikningur-2022_undirritadur-3.pdf
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Vátryggingafélags Íslands hf. og dótturfélaga fyrir fjárhagsárið 2023,⁵ ásamt áritun endurskoðanda, sem finna má á eftirfarandi vefslóð:
<https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/09e3307e-6370-463f-a440-d24da9bad201>

6.4 Skjöl til sýnis

Á meðan grunnlýsingin er í gildi er heimilt að skoða eftirfarandi skjöl á vefsíðu útgefanda, <https://fossar.is/fjarfestar/>:

- Allar útgáfulýsingar og endanlegir skilmálar skuldaskjala sem gefnir verða út í samræmi við skilmála grunnlýsingarinnar.
- Endurskoðaðir ársreikningar útgefanda fyrir fjárhagsárið 2022 og 2023.
- Samþykktir Fossa fjárfestingarbanka hf., dagsettar 2. október 2023.
- Umboðssamningur við umboðsmann kröfuhafa, ásamt breytingum eða viðbótum eftir því sem við á.

6.5 Upplýsingar um mögulega hagsmunaárekstra

Útgefandi sjálfur mun hafa umsjón með töku skuldaskjala undir útgáfurammanum til viðskipa á skipulegum markaði auk þess sem útgefandi sjálfur hefur útbúið grunnlýsingu þessa. Færa má rök fyrir því að slíkt geti falið í sér hagsmunaárekstur, en til samræmis við yfirlýsingu ábyrgðaraðila í kafla 6.9

⁵ Reikningsskil Fossa fjárfestingarbanka hf. eru einungis hluti samstæðuársreikningsins frá og með yfirtöku VÍS á Fossum, þ.e. reikningsskil Fossa fyrir síðasta ársfjórðung ársins 2023 eru felld inn í samstæðuársreikninginn.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda, þá eru upplýsingar sem grunnlýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum hefur verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar, samkvæmt bestu vitund útgefanda og ábyrgðaraðila.

Engir starfsmenn útgefanda eiga hlutabréf eða kauprétti í útgefanda, en þó eiga margir starfsmenn útgefanda hlutabréf og kauprétti í Vátryggingafélags Íslands, sem er eigandi 100% hlutfjár í útgefanda. Gildir þetta bæði um framkvæmdastjórn, forstöðumenn og aðra starfsmenn útgefanda. Allir starfsmenn Fossa eru þátttakendur í almennri kaupréttaráætlun Vátryggingafélags Íslands. Einhverjir þeirra starfsmanna hafa komið að gerð grunnlýsingar þessarar og munu koma að umsóknum um töku skuldaskjala til viðskipta á skipulegum markaði. Tveir stjórnarmenn útgefanda, þar með talið formaður stjórnar, teljast háðir stórum hluthöfum þar sem þeir sitja í framkvæmdastjórn Vátryggingafélags Íslands. Að framangreindu undanskildu, er hvorki stjórn né framkvæmdastjórn útgefanda meðvitaðir um árekstra persónulegra hagsmuna sinna eða annarra skyldustarfa annars vegar og hagsmuna útgefanda hins vegar. Útgefandi hefur sett sér stefnu og reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Þar eru helstu mögulegir hagsmunaárekstrar Fossa tilgreindir, en stefnan og reglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu útgefanda.

6.6 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í grunnlýsingunni byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila, annað en opinberum upplýsingum sem birtar hafa verið af opinberum aðilum. Grunnvísitölugildi Hagstofu Íslands felur í sér upplýsingar sem útgefandi hefur aflað frá þriðja aðila. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt að staðreyna, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

6.7 Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, hefur staðfest þessa lýsingu, sem dags. er 6. mars 2024. Fjármálaeftirlitið staðfestir lýsinguna einungis í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki skal líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingunni sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum þeirra skuldaskjala sem gefin hafa verið út á grundvelli lýsingarinnar. Fjárfestum ber að leggja sjálfstætt mat á hvort þeim henti að fjárfesta í skuldabréfunum eða víxlunum út frá skilmálum skuldaskjalanna og lýsingunni. Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti lagt mat á eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja þeim skuldaskjölum sem gefin hafa verið út undir skuldabréfaflokknum eða víxlaflokknum.

6.8 Endurskoðendur útgefandans

Endurskoðendur Fossa fjárfestingarbanka hf. á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í grunnlýsingu þessari voru KPMG ehf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, og fyrir þeirra hönd Matthías Þór Óskarsson kt. 070575-5079, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda.

KPMG hefur endurskoðað ársreikninga Fossa fjárfestingarbanka hf. fyrir árin 2022 og 2023. Vegna endurskoðunar ársreikninga Fossa fjárfestingarbanka hf. fyrir árin 2022 og 2023 var það álit KPMG ehf. að ársreikningarnir gæfu glögga mynd af afkomu samstæðunnar á viðkomandi ári, afkomu hennar í lok árs og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu (IFRS) og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Áritun ársreikninganna 2022 og 2023 var án fyrirvara.

6.9 Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda

Forstjóri Fossa fjárfestingarbanka hf., kennitala 660907-0250, Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík lýsir því yfir fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka hf., sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund eru upplýsingarnar, sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 6. mars 2024

Fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka hf.

Steingrímur Arnar Finnsson, e.u.

Forstjóri